

Starfsskýrsla 2012



I MATVÆLASTOFNUN	4
1. Um Matvælastofnun	4
2. Rekstur og fjármál	6
3. Starfsmenn	7
4. Fræðsla	8
II STJÓRNSÝSLA OG LÖGFRÆÐI	10
1. Löggjöf	10
2. Evrópumál	10
3. Stjórnsýsluverkefni tengd búvörulögum	12
III ÁHÆTTUMAT OG GÆÐASTJÓRNUN	14
1. Um áhættumat og gæðastjórnun	14
2. Gæðamál	14
3. Úttektarkerfi Matvælastofnunar	15
4. Áhættumat	15
IV MATVÆLAÖRYGGI OG NEYTENDAMÁL	16
1. Um matvælaöryggi og neytendamál	16
2. Áburður	17
3. Plöntur	19
4. Fóður	26
5. Fiskur og fiskafurðir	28
6. Grænmeti og ávextir	31
7. Kjöt og kjötafurðir	33
8. Mjólk og mjólkurafurðir	35
9. Skelfiskur	36
10. Markaðseftirlit	38
11. Nefndarstörf	41
V HEILBRIGÐI OG VELFERÐ DÝRA	42
1. Um heilbrigði og velferð dýra	42
2. Umdæmi	43
3. Smitsjúkdómar	51
4. Alifuglar	53
5. Fiskar	55
6. Hross	58
7. Loðdýr	62
8. Nautgripir	63
9. Sauðfé og geitur	65
10. Svín	66
11. Nefndarstörf	67
VI INN- OG ÚTFLUTNINGUR	70
1. Um inn- og útflutning	70
2. Innflutningur áburðar, plantna og fódurs	71
3. Innflutningur matvæla	71
4. Innflutningur dýra	74
5. Útflutningur matvæla	75
6. Útflutningur dýra	77
VII SÚNUR	78
1. Um súnur og súnivalda	78
2. Salmonella	78
3. Kampýlóbakter	82
4. E. coli 0157	84
5. Listeria	85
6. Hvísótt (Q-fever)	86
VIII VIÐAUKI	87
1. Starfsmannalisti	87
2. Lagabreytingar	88
3. Niðurstöður kjötmats	92

Réttur neytenda

Að undanförmu hafa komið upp fjölmörg mál erlendis þar sem matvælaframleiðendur hafa orðið uppvísir að því að blekkja neytendur með því að upplýsa ekki um rétta samsetningu matvæla. Mest umræða hefur orðið um notkun hrossakjöts í stað nautakjöts í ýmsum unnum matvælum, en einnig eru dæmi um að svínakjöti hafi verið blandað í samsettar vörur án merkinga. Þá kom upp mál í Svíþjóð þar sem svínakjöt í heilum stykkjum var litað með litarefnum og síðan selt sem nautakjöt og einnig er möguleiki á að ódýrari fisktegundir séu seldar undir merkjum dýrari afurða. Slík dæmi sýna að til eru aðilar sem brjóta vísitandi á rétti neytenda og við því verður að bregðast af hörku.

Opinbert eftirlit á íslenskum markaði hefur einnig leitt í ljós að við erum ekki laus við vandamál, þó svo að umfangið sé ekki jafn mikið og komið hefur í ljós víða annars staðar. Hér er þörf á úrbótum til að tryggja að neytendur fái réttar upplýsingar á umbúðum matvæla, bæði um samsetningu vörunnar og aðra þætti sem þar skal tilgreina. Matvælastofnun hefur nýlega staðið fyrir vel sóttum námskeiðum fyrir matvælaframleiðendur og er ánægjulegt að sjá hve mikinn áhuga þessir aðilar hafa á að standa rétt að upplýsingagjöf til neytenda. Á árinu 2013 er síðan gert ráð fyrir setningu nýrra reglna um upplýsingagjöf um matvæli, sem taka munu gildi í lok ársins 2014. Meðal nýmæla er að gerð verður krafa um að öll matvæli verði merkt með upplýsingum um næringargildi.



Vörusvik og neytendavernd

Meginmarkmið matvælaöryggjafar og opinbers matvælaeftirlits er að tryggja matvælaöryggi og neytendavernd. Löggjöfin gerir þá sem framleiða og markaðssetja vöru ábyrga fyrir öryggi hennar og réttri upplýsingagjöf. Vörusvik af þeim toga sem getið er um hér að framan þurfa ekki að valda heilsutjóni, en með þeim er freklega vegið að rétti neytenda til að velja þá vöru sem þeir vilja neyta. Þeir sem eru viðkvæmir fyrir tilteknum

efnisþáttum geta þó einnig beðið tjón á heilsu ef ekki er rétt staðið að upplýsingagjöf. Því er það lágmarkskrafa að neytendur fái réttar upplýsingar um helstu hráefni sem vara inniheldur og annað efnainnhald sem skylt er að geta um.

Velferð dýra

Ný löggjöf sem samþykkt var í lok ársins 2012 færði stjórnsýslu og eftirlit með lögum um dýravernd frá Umhverfisstofnun til Matvælastofnunar. Þessu ber að fagna því að Matvælastofnun hefur yfir að ráða þeirri þekkingu á sviði dýralæknisfræði sem nauðsynleg er til að sinna þessu verkefni. Fyrir þinglok á vorþingi 2013 voru síðan samþykkt ný dýravelferðarlög sem taka gildi 1. janúar 2014. Markmið nýrra laga er að stuðla að því að dýr séu laus við vanlíðan, hungur, þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma, í ljósi þess að dýr eru skyni gæddar verur. Enn fremur að dýr geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt.

Samhliða samþykkt nýrra dýravelferðarlaga voru samþykkt ný lög um búfjárhald, sem einnig taka gildi 1. janúar 2014. Með þessum breytingum er komið á nýrri skipan eftirlits sem verður samræmt á einni hendi. Við uppbyggingu eftirlits með dýravelferð mun Matvælastofnun því taka yfir allt eftirlit með búfé og þar með þau verkefni sem sveitarfélögin fara með í dag á sviði búfjárefnirlits.

Öflug umdæmi

Matvælastofnun er nú að undirbúa eftirlit með dýravelferð og búfjárhaldi á grundvelli nýju laganna, sem meðal annars veita heimildir til að beita dagsektum, stjórnvaldssektum eða stöðva starfsemi vegna illrar meðferðar á dýrum eða þar sem aðbúnaði er ábótavant. Ætlunin er að byggja þetta eftirlit upp í þeim sex umdæmum sem Matvælastofnun rekur um allt land og mun þetta því styrkja umdæmisskrifstofur hennar. Einnig er ætlunin að auka stoðþjónustu við umdæmin á sviði lögfræði og dýralæknisfræði og hefur þegar verið ráðið í starf á sviði gæludýra og dýravelferðar. Eins og vera ber mun Matvælastofnun því leggja áherslu á þennan mikilvæga málaflokk, sem fólk lætur sig varða í auknum mæli og þar sem vitað er að þörf er á úrbótum.

Jón Gíslason, forstjóri Matvælastofnunar

Útgefandi
Matvælastofnun

Ritstjórn, hönnun og umbrot
Hjalti Andrason

Prentun
Samskipti ehf.

© Matvælastofnun 2013. Heimilt er að birta efni úr ritinu sé getið heimildar.
Starfsskýrslu MAST má einnig nálgast á vef Matvælastofnunar: www.mast.is.

1. Um Matvælastofnun

Matvælastofnun starfar undir yfirstjórn atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, sem sett hefur reglugerð nr. 1/2008 um skipulag og starfsemi MAST. Aðalskrifstofa er á Selfossi, en stofnunin rekur einnig umdæmisskrifstofur víðs vegar um landið og skrifstofu inn- og útflutningsmála í Reykjavík, auk landamærastöðva vegna innflutnings dýraafurða frá ríkjum utan EES.

1.1. Hlutverk

Matvælastofnun sinnir stjórnsýslu, eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla.

1.2. Verkefni

Matvælastofnun vinnur að matvælalöggjöf í samvinnu við ráðuneytið og á þetta við um löggjöf í öllu framleiðsluferli matvæla, þ.e. frá frumframleiðslu og heilbrigði og velferð dýra, til heilnæmis búfjár- og sjávarafurða, plöntuheilbrigðis, fódurs og vinnslu og dreifingar þar til matur er borinn á borð neytenda. Stofnunin fer með eftirlit með frumframleiðslu búfjárafurða, sláturhúsum, kjötvinnslum, mjólkurbúum og eggjaframleiðslu, eftirlit með sjávarafurðum og allt inn- og útflutningseftirlit með matvælum. MAST fer einnig með yfirumsjón með matvælaeftirliti á vegum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og eftirlit með störfum dýralækna sem veita almenna dýralæknaþjónustu og öðrum sem sinna heilbrigðisþjónustu við dýr. Einnig fer stofnunin með fódureftirlit og önnur verkefni eins og sjá má á eftirfarandi lista yfir helstu verkefni MAST:



Aðalskrifstofa MAST er á Selfossi

- Matvælalöggjöf og matvælaeftirlit
- Neytendavernd og fræðslumál
- Heilbrigði og velferð dýra
- Plöntuheilbrigði og sáðvara
- Fóður og áburður
- Sóttvarnir og viðbragðsáætlanir
- Kjötmat
- Inn- og útflutningseftirlit, rekstur landamærastöðva
- Yfirumsjón og eftirlit: Heilbrigðiseftirlit, heilbrigðisþjónusta við dýr
- Stjórnsýsluverkefni: Lögfræði, alþjóðamál, gæðastýring, beingreiðslur, búfjäreftirlit

1.3. Gildi

Matvælastofnun hefur sett sér eftirfarandi gildi sem starfsmönnum stofnunarinnar ber að hafa að leiðarljósi í störfum sínum:


- **Árvekni:** Árvekni er forsenda þess að stofnunin nái að rækja hlutverk sitt á tímum örra breytinga. Mæta þarf framþróun og nýjum viðfangsefnum með fyrirhyggju, frumkvæði og lausnum sem svara kalli tímans.
- **Framsækni:** Stofnunin skal hafa forystu á sínu starfssviði og vinna að hagræðingu og einföldun á eftirliti og stjórnsýslu. Árangursstjórnun og gæðastjórnun skal hafa að leiðarljósi og leita bestu úrlausnar mála.
- **Traust:** Afgreiðsla erinda á að vera fagleg og þannig að viðskiptavinir beri traust til starfsmanna. Vinnubrögð skulu vera trúverðug, gæta þarf hlutleysis við ákvarðanatöku og sýna ber viðskiptavinum og samstarfsfólki virðingu.
- **Gegnsæi:** Stjórnsýslu- og upplýsingalög skal hafa í heiðri og rökstyðja þarf ákvarðanir vel. Nýta ber upplýsingatækni til að leiðbeina viðskiptavinum og tryggja þeim aðgang að nauðsynlegum gögnum og upplýsingum.

1.4. Framtíðarsýn

Matvælastofnun mun standa vörð um þá auðlind sem felst í heilbrigði plantna og heilbrigði og velferð dýra í ómenguðu umhverfi. Stofnunin mun jafnframt vinna að gæðum og heilnæmi fisk- og landbúnaðarafurða, matvælaöryggi og neytendavernd í síbreytilegu markaðsumhverfi sem leiðir af sér nýsköpun í matvælaframleiðslu og aukin alþjóðaviðskipti.

1.5. Stjórnskipulag og störf

Nýtt skipurit fyrir Matvælastofnun var samþykkt í byrjun ársins 2013. Í innra skipulagi er verkefnum skipt milli tveggja meginfagsviða, sem eru annars vegar *Heilbrigði og velferð dýra* og hins vegar *Matvælaöryggi og neytendamál*. Síðan eru stoðsvið fyrir *Stjórnsýslu og löggjöf* og *Rekstur og mannauð*. Gæðamál heyra beint undir forstjóra og þá rekur stofnunin *Inn- og útflutningsskrifstofu* og sex *Umdæmisskrifstofur*. Starfsmenn eru nálægt 73 en ársverk heldur fleiri vegna tímabundinna ráðninga og þar sem stofnunin er einnig með verksamninga við aðra aðila. Afla má frekari upplýsinga eða koma með fyrirspurnir á netfangið mast@mast.is.



Mynd 1.1.1: Skipurit Matvælastofnunar

Starfsfólk Matvælastofnunar hefur menntun á ýmsum sérsviðum. Við umdæmisskrifstofur starfa héraðsdýralæknar og eftirlitsdýralæknar og á aðalskrifstofu starfa sérgreinadýralæknar að verkefnum sem tengjast heilbrigði og velferð dýra. Matvælafræðingar og næringarfræðingar starfa við matvælaöryggi og neytendamál, kjötmat og einnig stjórnsýslu í samvinnu við lögfræðinga stofnunarinnar. Þá hefur Matvælastofnun líffræðinga með sérmenntun á sviði plöntuheilbrigðis, sáðvara, fódurmála og áburðareftirlits. Á komandi árum má síðan

gera ráð fyrir að stofnunin hafi aukna þörf fyrir sérmenntað starfsfólk á framangreindum sviðum því að verkefnum Matvælastofnunar fjölgar í takt við auknar kröfur sem gerðar eru á sviði dýra- og plöntuheilbrigðis og sívaxandi áherslu sem lögð er á dýravelferð, matvælaöryggi og neytendavernd.

1.6. Frá heilbrigði til hollustu

Vígurð Matvælastofnunar er „Frá heilbrigði til hollustu“. Vísar það til þess að stofnunin fer með löggjöf og eftirlit sem varðar heilbrigði plantna, heilbrigði og velferð dýra og síðan matvælaöryggi, ýmist með eigin starfsemi eða með eftirliti með heilbrigðisþjónustu við dýr eða samstarfi og samvinnu við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Heilbrigðiseftirlitið fer með víðtækt eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla undir yfirumsjón Matvælastofnunar. Heilbrigðiseftirlitssvæðin eru tíu og um allt land og þar eru samtals um 20 ársverk í matvælaeftirliti.


2. Rekstur og fjármál

Á árinu var áfram unnið við að byggja upp gagnagrunninn, ÍsLeyfur, sem heldur utan um alla eftirlitsskylda aðila stofnunarinnar, starfsleyfisveitingar til þeirra og eftirlit með þeim. Lokið var við annan áfanga í þróun kerfisins sem snýr að uppbyggingu á áhættu- og frammistöðuflokkun fyrirtækja en einnig hefur eftirliti með frumframleiðsluáðilum og eftirliti með skipum og bátum verið bætt við kerfið. Í lok október var haldin ráðstefna um nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnáslu en Matvælastofnun tilnefndi eftirlitakerfið ÍS-Leyfur til verðlaunanna og var það eitt þeirra 18 verkefna sem valið var til kynningar á málþingi eftir ráðstefnuna en alls bárust 62 tilnefningar.

Tafla I.2.1: Rekstrarreikningur árið 2012

Matvælastofnun	2012	2011
Tekjur		
Sértekjur	25.472.175	33.973.866
Ríkistekjur	285.885.623	269.515.309
	<u>311.357.798</u>	<u>303.489.175</u>
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	719.179.742	722.459.171
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	33.577.019	30.352.626
Funda- og ferðakostnaður	56.978.395	50.261.749
Aðkeypt sérfræðipjónusta	194.307.631	162.643.407
Rekstur áhalda og tækja	3.825.090	5.155.957
Annar rekstrarkostnaður	16.218.522	14.862.024
Húsnæðiskostnaður	115.353.541	102.918.567
Bifreiðarekstur	15.012.155	13.269.508
Tilfærslur	1.102.363	889.856
	<u>1.155.554.458</u>	<u>1.102.812.865</u>
Eignakaup	12.668.356	17.159.913
	<u>1.168.222.814</u>	<u>1.119.972.778</u>
Tekjuafgangur (tekjuhali) fyrir hreinar fjármunatekjur	(856.865.016)	(816.483.603)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	1.146.009	966.192
Tekjuafgangur (tekjuhali) fyrir ríkisframlag	(855.719.007)	(815.517.411)
Ríkisframlag	831.000.000	771.900.000
Tekjuafgangur (tekjuhali) ársins	(24.719.007)	(43.617.411)
Höfuðstóll í lok árs	(78.143)	24.640.864

* Bráðabirgðauppgjör



Rekstur stofnunarinnar var áfram erfiður á árinu 2012 í kjölfar aðhaldskröfu á rekstur stofnunarinnar undanfarin ár en hún nam 28,2 m.kr. á árinu 2012 en alls nemur uppsöfnuð hagræðingarkrafa á rekstur stofnunarinnar frá árinu 2009 um 230 m.kr. í árslok 2012. Bráðabirgðatölur gera ráð fyrir að 24,8 m.kr. tap verði af rekstri stofnunarinnar á árinu 2012 samanborið við 43,3 m.kr. tap á árinu 2011. Ríkisframlagið fór úr 771,9 m.kr. árið 2011 í 793,0 m.kr. árið 2012 og hækkaði um 2,7% á milli ára en að auki fékk stofnunin 38,0 m.kr. fjárheimild í fjárukalögum vegna greiðslu á biðlaunum héraðsdýralækna vegna breytinga á umdæmum héraðsdýralækna sem tóku gildi 1.11.2011. Uppsafnaður rekstrarafgangur fyrri ára var um 25 m.kr. í byrjun árs en í lok árs var hann kominn í núll krónur. Launakostnaður er stærsti einstaki rekstrarliðurinn með alls um 722 m.kr. eða um 61,6% af

heildarrekstrarkostnaði en að baki því liggja alls 77,42 ársverk eða 929,05 mannmánuðir. Aðkeypt sérfræðipjónusta var annar stærsti rekstrarliðurinn með alls um 194,3 m.kr. en þar af voru um 84,5 m.kr. vegna aðkeyptrar dýralæknaþjónustu og þar á meðal eru þjónustusamningar vegna dýralæknaþjónustu í dreifðari byggðum, undir þennan lið fellur einnig 75,9 m.kr. vegna aðkeyptrar rannsókna og um 20,7 m.kr. vegna hugbúnaðarþróunar. Húsnæðiskostnaður er svo þriðji stærsti rekstrarliðurinn með um 115 m.kr. en þar af var húsaleiga um 79,1 m.kr.


3. Starfsmenn

Nokkrar breytingar urðu í starfsmannamálum hjá MAST árið 2012. Áhrif breytinga á lögum um fækkun umdæma héraðsdýralækna í lok árs 2011 komu að fullu fram á árinu 2012. Fækkaði umdæmunum úr 14 í 6 og samhliða voru lögð niður 7,5 stöðugildi héraðsdýralækna. Eins og árið áður var ráðist í sérstakt átak yfir sumarmánuðina vegna eftirlits með löndunaraðstöðu á þremur svæðum á landinu. Til þess voru ráðnir fjórir starfsmenn þann tíma og þótti átakið takast vel til. Að venju var nokkuð um tímabundnar ráðningar í tengslum við afleysingar og skammtímaverkefni s.s. varnargirðingar og sauðfjárslátrun.


Í heild voru unnin 77,4 ársverk hjá stofnuninni samanborið við 79,7 árið áður. Liggur fækkun ársverka fyrst og fremst í fyrrnefndum breytingum á umdæmum héraðsdýralækna. Fjöldi starfsmanna í upphafi árs var 70 en 73 í árslok. Stöðugildi voru 70 samanborið við 66 árið áður og starfsmannaveita var 8,6%. Háskólamenntaðir starfsmenn hjá stofnuninni eru 86%. Kynjahlutfall hefur breyst og eru konur nú 51% starfsmanna en karlar 49% sem er viðsnúningur frá árinu áður þegar konur voru 43% starfsmanna en karlar 57%.

Myndin hér fyrir neðan sýnir fjölda starfsmanna og kynjaskiptingu milli sviða, en hæst er hlutfall starfsmanna á umdæmisskrifstofum víða um land sem og á sviði matvælaöryggis og neytendamála, en það er stærsta einstaka sviðið hjá MAST.


Mynd I.3.1: Kynjahlutfall starfsmanna



Mynd I.3.2: Dreifing starfsmanna milli sviða og skrifstofa



Meðalaldur starfsmanna hjá Matvælastofnun er 49,2 ár og hækkar lítillega á milli ára. Aldursdreifing er á bilinu 27 upp í 69 ár. Karlar eru í meirihluta í efri aldurshópnum frá 51-70 ára en konur eru ráðandi í aldurshópnum frá 26-50.



Mynd I.3.3: Aldursdreifing starfsmanna

4. Fræðsla


Matvælastofnun leggur kapp á að upplýsa neytendur um rétta meðhöndlun matvæla og þær hættur sem af þeim kunna að stafa sem og að veita upplýsingar um dýrasjúkdóma og dýravelferð. Stofnunin veitir jafnframt framleiðendum matvæla leiðbeiningar um góða framleiðsluhætti og öflugt innra eftirlit með það að markmiði að tryggja heilnæmi afurða. Upplýsingum er miðlað til markhópa með ýmsum leiðum, t.a.m. með fréttaflokkum og fræðslupistlum á vefsíðu stofnunarinnar, útgáfu á bæklingum, límmiðum og veggspjöldum, námskeiðum, reglulegum greinaskrifum í prentmiðlum og með fræðslufundum.

4.1. Vefsíða

Sigurgeir Þorgeirsson, ráðuneytisstjóri sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, opnaði formlega nýjan vef Matvælastofnunar hinn 25. júní 2012 við hátíðlega athöfn á aðalskrifstofu stofnunarinnar á Selfossi. Fjöldi heimsóknna á vef Matvælastofnunar hefur aukist með hverju ári frá því að hún hóf starfsemi 1. janúar 2008 hélt sú þróun áfram árið 2012. Fjöldi birtra fréttanna á vef hólst í stað milli ára.

Árið 2012 heimsóttu 1.416 mismunandi notendur vefinn í hverri viku að meðaltali eða 21% fleiri en árið 2011 (1.172). Þar af voru 24% heimsóknna erlendis frá og er það aukning borið saman við árin þrjú þar á undan.

Mynd 1.4.1: Fjöldi heimsóknna og fréttabirtinga á vef Matvælastofnunar



* Þá Landbúnaðarstofnun

** Veftalning var óvirk fyrstu 6 mánuði eftir að nýr vefur var tekinn í notkun í júní 2012. Meðalfjöldi heimsóknna yfir árið er hér reiknaður með því að margfalda meðalfjölda árið 2011 með hlutfalli heimsóknna viku 1-25 og viku 51 árið 2012 og 2011.

4.2. Útgáfa

Lítið var um útgáfu á prentuðu fræðsluefni á árinu. Bæklingur um smitvarnir var endurprentaður með nýju útliti og uppfærðu efni. Gefnar voru út skýrslur með niðurstöðum eftirlitsverkefna Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga um meðhöndlun umbúða í matvælafyrirtækjum og innihaldslýsingar matvæla. Stórum áfanga var náð þegar gefið var út kerfi til að áhættu- og frammistöðuflokka matvæla- og fódurfiirtæki sem stofnunin hefur eftirlit með og leggja þannig grunn að áhættumiðuðu eftirliti. Nálágast má útgefið efni á rafrænu formi á vef stofnunarinnar.

4.3. Fjölmiðlar

Umfjöllun um Matvælastofnun var áberandi í fjölmiðlum í byrjun og lok árs. Stofnuninni var varpað fram í mjög neikvæðu ljósi í fréttaflokkum RÚV í byrjun árs um aðgerðir hennar vegna kadmíums í áburði Skeljungs og sölu Ölgerðarinnar á iðnarðarsalti. Þá var afturköllun starfsleyfis kúabúsins á Brúarreykjum (og Ingunnarstöðum) mikið til umræðu í lok árs.

Matvælastofnun hélt áfram greinaskrifum í samstarfi við Morgunblaðið og Bændablaðið. Greinarnar eru aðgengilegar á vef stofnunarinnar undir *Útgáfu*. Eftirfarandi greinar voru m.a. birtar árið 2012:

- *Dýrahald og flugeldar* - Halldór Runólfsson, Morgunblaðið 27.12.12
- *Ofneysla á kanil á jóluumum* - Hjalti Andrason, Morgunblaðið 22.12.12
- *Fylgja nóróveirur jólamatnum?* - Dóra S. Gunnarsdóttir, Morgunblaðið 19.12.12
- *Um starfsemi þjónustudýralækna* - Halldór Runólfsson, Bændablaðið 29.11.12
- *Leyfileg aukefni í matvælum* - Jónína Stefánsdóttir, Morgunblaðið 28.11.12
- *Aldur sláturgripa* - Stefán Vilhjálmsson, Bændablaðið 29.11.12
- *Verðhækkun á garnaveikibóluefni* - Þorsteinn Ólafsson, Bændablaðið 15.11.12
- *Starfsemi héraðsdýralækna* - Halldór Runólfsson, Bændablaðið 01.11.12
- *Grillum hollt og heilnæmt* - Ingibjörg Jónsdóttir, Morgunblaðið 20.06.12
- *Lyfjanoftkun í dýrum og öryggi matvæla* - Hjalti Andrason, Morgunblaðið 30.04.12
- *Merking erfðabreyttra matvæla* - Helga M. Pálsdóttir, Morgunblaðið 23.04.12
- *Eftirlit með áburði og kadmíum* - Valgeir Bjarnason, Morgunblaðið 08.02.12
- *Hvað er súna, get ég smitast?* - Sigurborg Daðadóttir, Morgunblaðið 12.01.12

4.4. Fundir og ráðstefnur

Samráðsþing MAST var haldið í þriðja skiptið föstudaginn 11. maí á Hilton Reykjavík Nordica. Þingið hefur það að markmiði að styrkja samskipti Matvælastofnunar við eftirlitsþega og að bjóða upp á vettvang með áherslu á gagnvirk samskipti í gegnum umræðuhópa, auk stuttra framsöguerinda frá forstjóra MAST og fulltrúum starfsgreinasamtaka sem stofnunin hefur eftirlit með.

Fræðslufundir MAST héldu áfram göngu sinni árið 2012. Nálágast má upptöku af öllum fundunum á vef MAST undir *Útgáfu*, ásamt glærum. Fræðslufundir MAST 2011 voru:

- *Leyfileg aukefni í matvælum* - 27. nóvember 2012
- *Eftirlit með lyfjanoftkun í dýrum* - 26. apríl 2012
- *Eftirlit með áburði og kadmíum* - 8. febrúar 2012

Matvæladagur MNÍ 2012 bar yfirskriftina *Matvælaöryggi og neytendavernd: Hvar liggur ábyrgðin?* Dagskrárgerð var m.a. í höndum Matvælastofnunar og fluttu starfsmenn hennar erindi á ráðstefnunni.

Matvælastofnun naut áframhaldandi aðstoðar TAIEX á árinu við skipulagningu fræðslu fyrir starfsmenn stofnunarinnar.

1. Löggjöf

1.1. Sett lög

Á liðnu ári voru samþykkt lög á Alþingi sem hafa áhrif á verkefni og þau lög sem Matvælastofnun vinnur eftir.

Fyrst er þar að nefna lög nr. 157/2012 en þau fjalla um Stjórnarráð Íslands og flutning verkefna milli ríkisstofnana. Löggin færðu umsjón dýravelferðarmála, þ.m.t. umsjón laga nr. 15/1994 um dýravernd, frá Umhverfisstofnun til Matvælastofnunar.

Þá voru gerðar þrjár breytingar á lögum nr. 93/1995 um matvæli. Þessar breytingar voru gerðar með:

- Lögum nr. 19/2012, þar sem ráðherra var veitt heimild að setja með reglugerð ákvæði um að matvælafyrirtæki geti merkt matvæli sem þau framleiða eða dreifa með viðurkenndri áherslumerkingu sem gefi til kynna að matvælin séu í samræmi við stefnu stjórnvalda um manneldismarkmið, af miklum gæðum eða hafi önnur sameiginleg einkenni.
- Lögum nr. 31/2012, en með þeim var ráðherra veitt heimild til að víkja frá einstökum ákvæðum matvælaganna þegar um er að ræða ákveðna framleiðendur sem framleiða og markaðssetja matvæli og starfsemi er ekki samfelld, heldur tilfallandi, lýtur ekki sérstöku skipulagi og er ekki rekin í eigin hagnaðarskyni. Sama á við um framleiðendur sem framleiða frumframleiðsluvörur, bæði unnar og óunnar, í litlu magni sem dreift er beint til neytenda.
- Lögum nr. 76/2012, en með þeim var verið að bregðast við athugasemd frá Eftirlitsstofnun EFTA, þess efnis að Matvælastofnun hefði ekki nægjanlegar heimildir til að skoða gögn hjá Tollgæslunni. Þá var sömuleiðis með lögnum stytur kærufrestur varðandi stjórnsýslukærur vegna ákvarðana sem teknar eru við innflutning á matvælum.

1.2. Stjórnsýslufyrirmæli

Innleiðing reglugerða og upptaka í íslenskan rétt er í höndum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis (áður sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti). Á árinu voru birt 114 stjórnsýslufyrirmæli (reglugerðir og auglýsingar) sem varða starfsemi Matvælastofnunar. Þau voru til innleiðingar á 223 EB-gerðum og er það nokkur aukning frá því sem verið hefur síðustu ár.

Af gerðum ársins ber helst að nefna reglur um eftirlit með efnaleifum í afurðum dýra, reglugerð um riðurannsóknir, tilkynningar dýrasjúkdóma innan EES, rafræna skráningu dýralækna á dýrasjúkdómum, efni og hluti úr plasti, framleiðslu og markaðssetningu matvæla undir smáræðismörkum, vernd dýra við aflifun og merkingar búfjár. Sjá einnig viðauka VIII.2.

2. Evrópumál

2.1. Upptaka gerða Evrópusambandsins (ESB) í EES-samninginn

Á hverju ári fær stofnunin fjölda svokallaðra staðalskjala (e. Standard sheet) til umsagnar vegna upptöku EB-gerða í Samninginn um evrópska efnahagssvæðið (EES). Slíkar umsagnir eru sendar til EFTA-skrifstofunnar og fyrir þær gerðir sem teknar eru upp í samninginn fara einnig sérstök upplýsingablöð til utanríkisráðuneytisins. Eitt staðalskjal berst fyrir hverja gerð sem gefin er út hjá EB og taka skal til skoðunar. Sérfræðingar á fagsviðum MAST meta þær EB-gerðir sem heyra undir þeirra svið með tilliti til þess hvort þær skuli teknar upp í EES-samninginn (eru EES-tækar) og ef svo er hvort aðlögunar eða undanþágu er þörf af Íslands hálfu. Heildarfjöldi staðalskjala sem metinn var á árinu 2012 var um 160. Stærstur hluti gerða er yfirleitt talinn EES-tækur og fremur sjaldgæft að talin sé þörf á að sækjast eftir aðlögunartexta eða annarri undanþágu en þó eru nokkur slík tilvik á ári hverju. Algengast er að slíkt sé gert í samráði við Norðmenn og er sameiginleg undanþágubeiðni þá fullunnin af hálfu EFTA-skrifstofunnar. Þar sem Ísland tók einnig upp Viðauka I við EES-samninginn þann 1. nóvember 2011 fækkaði nokkuð þeim gerðum sem varða dýrasjúkdóma og lífandi dýr sem ekki voru taldar EES-tækar og voru þær aðeins 9 á árinu eða um 6%.

Skipting gerða milli málaflokka:

- Heilbrigði og velferð dýra 52
- Matvælaöryggi og neytendamál 60
- Fóður, sáðvara og áburður 50

2.2. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA)

ESA hefur eftirlit með því að skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum séu efndar og framkvæmd eftirlits hér á landi sé í samræmi við löggjöf þar að lútandi. Af því tilefni kemur stofnunin í árlegar eftirlitsheimsóknir til landsins og tekur út eftirlit á afmörkuðu sviði í hvert sinn. Á árinu kom ESA í 4 hefðbundnar eftirlitsferðir. Til stóð að þær yrðu 5 en vegna anna og álags starfsfólks Matvælastofnunar var þess óskað að tvær fyrstu úttektirnar vegna búfjárafurða yrðu sameinaðar. Lokaskýrslur ESA má finna á vefslóðinni:

<http://www.efasurv.int/internal-market-affairs/areas-of-competence/food-safety/veterinary-inspections/>

Eftirlitsferðir ESA árið 2012:

- Kjöt og mjólk (framleiðsla og hollustuhættir við vinnslu) 7. – 16. maí
- Súnur og súnvaldar 10. – 14. september
- Landamærostöðvar 15. – 19. október
- Efni og hlutir í snertingu við matvæli 3. – 7. desember

2.3. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA)

Með innleiðingu á reglugerð ESB nr. 178/2002 varð Ísland fullgildur aðili að Matvælaöryggisstofnun Evrópu (European Food Safety Authority, EFSA). Með þessari reglugerð, sem innleidd var með reglugerð nr. 102/2010, er kveðið á um stofnun EFSA, hlutverk, uppbyggingu og starfsemi hennar. Matvælastofnun er tengiliður við EFSA á Íslandi og tekur beinan þátt í starfsemi stofnunarinnar með setu í svokölluðu tengiliðaneti (Focal Point Network) og í Ráðgjafanefnd (Advisory Forum). Í báðum þessum hópum á sæti einn aðili frá hverju aðildarríki EFSA (ESB-ríki auk EES-EFTA-ríkja). Matvælastofnun tekur virkan þátt í þessu samstarfi og hefur nýtt vel þá möguleika sem bjóðast á þessum vettvangi. Meginhlutverk EFSA er ráðgjöf og álitsgjöf til framkvæmdastjórnarinnar auk áhættumats á sviði matvæla, dýraheilbrigðis, fódurs og plöntuheilbrigðis. Þetta starf byggir einkum á samstarfi vísindamanna, sérfræðinga og rannsóknastofnana í aðildarríkjunum. Það er hlutverk tengiliða í ríkjunum að hvetja slíka aðila og stofnanir í sínu landi til samstarfs við EFSA og halda utan um upplýsingagjöf og samskipti milli aðila. Haldin er sérstök skrá yfir slíkar samstarfsstofnanir sem kallast „Art36 Database“ með tilvísan í 36. grein reglugerðar EB nr. 178/2002. Þegar hafa 4 stofnanir á Íslandi skráð sig í þennan gagnagrunn og lýst sig þannig reiðubúnar til samstarfs við EFSA á ákveðnum sérsviðum. Einnig heldur EFSA úti sérstökum gagnagrunni yfir þá sérfræðinga sem reiðubúnir eru til samstarfs sem óháðir einstaklingar, hver á sínu sviði (Expert Database). Margvísleg gögn og skýrslur varðandi áhættumat og ýmis önnur mál er að finna á vef EFSA (www.efsa.europa.eu) og er það meðal annars hlutverk „Focal Point“ tengiliða að kynna slíkt og dreifa til allra sem málið kann að varða.

2.4. Annað

Stofnunin aðstoðar Þýðingamiðstöð (PM) utanríkisráðuneytisins við þýðingar á gerðum sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og bærust stofnuninni 36 fyrirspurnir frá PM á árinu auk þess sem lesið var yfir nokkurn fjölda þýðdra reglugerða fyrir birtingu þeirra og innleiðingu í íslenskan rétt.

3. Stjórnsýsluverkefni tengd búvörulögum nr. 93/1993

3.1. Greiðslumark og beingreiðslur

Með breytingu á lögum nr. 99/1993 var Matvælastofnun falið hlutverk umsjónaraðila með skráningu réttthafa greiðslumarks og beingreiðslna. Þessar skrár eru sá grunnur sem ríkissjóður notar til greiðslu til bænda hvort heldur um er að ræða greiðslur vegna framleiðslu mjólkur- eða sauðfjárafurða. Fyrir breytingu laganna hafði umsjón þessara verkefna verið á hendi Framkvæmdanefndar búvörusamnings, en dagleg umsýsla skráninga verið unnin af Bændasamtökum Íslands. Matvælastofnun samdi í upphafi árs 2006 við Bændasamtökin um að annast áfram þann hluta sem lýtur að uppfærslu skráa og verkefna sem því tengjast. Það samkomulag hefur síðan verið endurnýjað árlega. (**Ath.** Þær tölur sem birtast í sviga eru frá árinu 2011.)

Með ofangreindum lögum og nýrri reglugerð nr. 11/2008 um greiðslumark sauðfjár á lögbýlum 2008–2013, er Matvælastofnun falið að vera umsjónaraðili með greiðsluskram til bænda og eru stofnuninni ætluð eftirfarandi verkefni:

- Að halda skrá yfir réttthafa greiðslumarks lögbýla. Á árinu var fjöldi lögbýla með skráð greiðslumark sauðfjár 1.846 (1.792). Lögbýli skráð með greiðslumark mjólkur voru 686 (692).
- Að halda skrá yfir innlagnir á greiðslumarki lögbýla. Tveir framleiðendur lögðu inn greiðslumark sitt á árinu til geymslu (2).
- Að halda skrá yfir handhafa beingreiðslna. Handhafar beingreiðslna á árinu voru vegna mjólkurframleiðslu 698 (692) og 1.809 (1.792) vegna sauðfjárframleiðslu.
- Að staðfesta breytingar á handhöfum beingreiðslna. Samtals voru staðfestar 86 (72) breytingar handhafa beingreiðslna, þar af 22 (22) vegna mjólkurframleiðslu og 64 (50) vegna sauðfjárframleiðslu.

Á árinu voru beingreiðslur samtals 7.486 m.kr. (7.120), þar af 5.151 m.kr. (4.942) vegna mjólkurframleiðslu og 2.335 m.kr. (2.178) vegna sauðfjárframleiðslu.

Auk nefndra verkþátta hefur Matvælastofnun það verkefni að skera úr ágreiningsmálum sem kunna að rísa um greiðslumark eða réttindi til beingreiðslna.

3.2. Gæðastýrð sauðfjárframleiðsla

Með reglugerð nr. 10/2008 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu er Matvælastofnun falin framkvæmd hennar. Með setningu reglugerðarinnar var umsjón með framkvæmd gæðastýringar færð frá Framkvæmdanefnd búvörusamnings til Matvælastofnunar. Samstarfsaðilar stofnunarinnar við framkvæmd gæðastýringarinnar eru Bændasamtök Íslands, forðagæslumenn og Landgræðsla ríkisins. Helstu verkefni Matvælastofnunar samkvæmt fyrirmælum reglugerðarinnar eru að:

- Að halda skrá yfir réttthafa álagsgreiðslna vegna gæðastýringar. Réttthafar til álagsgreiðslna voru á árinu 1689 (1525).
- Að staðfesta breytingar á handhöfum álagsgreiðslna vegna gæðastýringar. Breytingar vegna aðilaskipta í gæðastýringu voru á árinu 123 (101), fjöldi skriflegra athugasemda vegna framkvæmdar gæðastýringar á árinu voru 64 (62).
- Að annast uppgjör við réttthafa álagsgreiðslna. Heildargreiðslur vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt á árinu voru 1.221 m.kr. (1.165).
- Að annast eftirlit með gæðastýringu í sauðfjárframleiðslu.

3.3. Gripagreiðslur í nautgriparækt

Með reglugerð nr. 567/2006 um gripagreiðslur á lögbýlum var Matvælastofnun falið tiltekið hlutverk við framkvæmd reglugerðarinnar. Segja má að með setningu reglugerðar um gripagreiðslur á árinu 2006 hafi ríkið komið til móts við framleiðendur nautakjöts sem fram að því höfðu ekki notið framleiðslustyrkja. Helsta verkefni stofnunarinnar er að ákveða hvaða eigendur nautgripa uppfylla skilyrði um rétt til gripagreiðslna skv. fyrirmælum reglugerðarinnar, auk eftirtalinna verka:

- Að halda skrá yfir réttthafa gripagreiðslna. Fjöldi bænda sem fengu gripagreiðslur á árinu voru 781 (797) og voru gerðar 24 (36) breytingar á handhöfum gripagreiðslna á árinu.
- Að ákveða upphæð greiðslna til réttthafa, en samtals voru greiddar krónur 609 m.kr. (581) vegna gripagreiðslna á árinu.
- Að hafa eftirlit með skráningum gripa og fjölda búfjár.

3.4. Tilboðsmarkaður með greiðslumark mjólkur

Þann 1. desember 2010 hófust viðskipti með greiðslumark mjólkur á svokölluðum kvótamarkaði. Um nýtt fyrirkomulag slíkra viðskipta er að ræða. Viðskipti með greiðslumark mjólkur munu eftirleidis eiga sér stað á uppboðsmarkaði sem Matvælastofnun er falið að annast skv. reglugerð nr. 190/2011 um markaðsfyrirkomulag við aðilaskipti að greiðslumarki mjólkur á lögbýlum. Á uppboðsmarkaði munu kaupendur og seljendur mætast og verð ákvarðast.

Greiðslumark mjólkur er ákveðið magn mjólkur mælt í lítrum sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli og veitir rétt til beingreiðslu úr ríkissjóði. Kaup og sala á greiðslumarki mjólkur eru því í raun viðskipti með framleiðslurétt og þar með réttindi til að njóta beingreiðslna úr ríkissjóði. Kvótamarkaðir með greiðslumark mjólkur skulu haldnir tvisvar á ári, þann 1. apríl og 1. nóvember. Eigendur greiðslumarks mjólkur sem hug hafa á að selja frá sér, eða afla sér frekara greiðslumarks, gera skrifleg tilboð þar sem fram kemur ósk viðkomandi um verð og magn. Verð sem myndast á kvótamarkaði kallast jafnvægisverð. Öll viðskipti á tilteknum kvótamarkaði fara fram á því verði sem uppboðið skilaði.

- Á uppboðsmarkaði þann 1. apríl 2012 bárust 59 (72) tilboð um kaup og sölu.
- Á uppboðsmarkaði þann 1. nóvember 2012 bárust 61 (44) tilboð um kaup og sölu.
- Alls urðu viðskipti á árinu með 1.584.495 (887.071) lítra mjólkur.
- Til sölu voru á árinu boðnir 1.594.495 (1.309.859) lítrar en tilboð bárust um kaup á 3.003.084 (2.633.368) lítrum.

1. Um áhættumat og gæðastjórnun

Verkefni sviðsins snúa að gæðamálum, áhættuflokkun, umsjón með gerð áætlana um varnir og viðbrögð við súnun, söfnun gagna um súnur, greiningu þeirra og birtingu. Sviðið annast samantekt eftirlits- og sýnatökuáætlana, hvort heldur sem eftirlitið er í höndum Matvælastofnunar eða heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga (HES), og greiningu á niðurstöðum eftirlits. Þannig er tryggt að eftirlit með fóðri, matvælum, heilbrigði og velferð dýra er í sífelldri endurskoðun og framkvæmt á þann hátt að það nái markmiðum sínum. Í þessu felst gerð eftirlitsáætlunar til margra ára, samantekt eftirlits- og sýnatökuáætlana og skýrsluskil vegna opinbers matvælaeftirlits. Sviðið annast auk þess innri úttektir á opinberu eftirliti.

2. Gæðamál

2.1. Gæðahandbók

Á árinu var haldið áfram að skrifa gæðahandbókina. Alls hafa 296 skjöl verið samþykkt og gefin út en 132 skjöl eru í vinnslu. Almennur gildistími skjala í gæðahandbókinni er 36 mánuðir. Við árslok var fjöldi skjala í gæðahandbókinni samkvæmt *Töflu III.2.1* hér að neðan:

Tafla III.2.1: Útgáfa skjala í gæðahandbók Matvælastofnunar 2012

Tegund skjals	Í vinnslu	% í vinnslu	Útgefið	% Útg.	Alls
Stefnuskjal (SSK)	1	8%	12	92%	13
Verklagsregla (VLR)	15	44%	19	56%	34
Vinnulýsing (VLY)	46	51%	45	49%	91
Gátlisti (GAT)	6	21%	22	79%	28
Leiðbeiningar (LBE)	22	19%	94	81%	116
Listar (LST)	20	50%	20	50%	40
Eyðublöð (EBL)	22	21%	84	79%	106
Samtals	132	31%	296	69%	428

2.2. Innri úttektir á gæðahandbók


Á árinu var haldið sérsniðið 3ja daga námskeið fyrir úttektarmenn. Leiðbeinendur voru tveir, Susie Hooghiemster, Senior Auditor hjá Netherlands Food and Consumer Product Authority og John Coady, Chief Audit Manager hjá Food Safety Authority of Ireland. Efnistöð og markmið námskeiðsins voru að þjálfa úttektarmenn til að framkvæma innri úttekt á opinberu eftirliti samkvæmt reglugerð EB nr. 882/2004 og innri úttekt á gæðahandbók Matvælastofnunar.

Úttektaráætlun 2012 samanstóð af 9 úttektum og var þema úttektaráætlunarinnar framkvæmd eftirlits, skoðunarhandbækur og eftirfylgni eftirlits.

2.3. Fyrirspurnir, ábendingar og kvartanir

Stofnunin skráir og heldur utan um allar kvartanir, ábendingar og fyrirspurnir. Á árinu bárust 13 kvartanir vegna starfsemi stofnunarinnar og 80 ábendingar af ýmsum toga. Efnisleg skipting þeirra má sjá á *Mynd III.2.1*. Eftirlitsþegum og almenningi er þakkað fyrir virkni sína því að án þátttöku þeirra er erfiðara fyrir stofnunina að bæta það sem betur má fara.

Fjölmargar fyrirspurnir bárust á árinu og fjölgaði þeim um 174 á milli ára og ljóst að fólk nýtir sér flipann „hafa samband“ á heimasíðunni í auknum mæli. Alls bárust 618 fyrirspurnir og efnislega skiptingu þeirra má sjá á *Mynd III.2.2*.



Mynd III.2.1: Ábendingar flokkaðar eftir efni og fjölda

3. Úttektarkerfi Matvælastofnunar

Sviðið fer með framkvæmd innri úttekta á opinberu eftirliti (internal audit) með matvælum og fóðri sem fellur undir starfssvið Matvælastofnunar annars vegar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga hins vegar.

Á árinu lagði sviðið fram tillögu til yfirstjórnar á Úttektarkerfi MAST sem inniheldur uppbyggingu og fyrirkomulag við innri úttektir á gæðahandbók og innri úttektir á opinberu eftirliti með matvælum og fóðri á Íslandi. Haft var að leiðarljósi að fyrirkomulagið tryggði hlutleysi og gagnsæi við framkvæmd innri úttekta því að mikilvægt er að þessar úttektir séu hafnar yfir vafa og að ábyrgð á eftirfylgni og úrbótum sé skýr.

4. Áhættumat


Í júní 2012 gaf Matvælastofnun út kerfi til að áhættu- og frammistöðuflokka matvæla- og fóðurfyrirtæki sem stofnunin hefur eftirlit með. Matvælastofnun hafði þá þegar áhættu- og frammistöðuflokkað öll matvæla- og fóðurfyrirtæki sem stofnunin hefur eftirlit með samkvæmt þessu kerfi. Á vofundi með heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga var rætt um að heilbrigðiseftirlitsvæðin myndu taka upp kerfið. Allt matvæla- og fóðureftirlit yrði þar með áhættumiðað.

Tilgangurinn með flokkuninni er að meta eftirlitsþörf matvæla- og fóðurfyrirtækja og beina þunga eftirlitsins þangað sem áhættan með tilliti til matvæla- og fóðuröryggis er mest. Þá felur þetta einnig í sér reglur um frammistöðuflokkun fyrirtækja sem gerir mögulegt að hægt er að draga úr reglubundnu opinberu eftirliti hjá fyrirtækjum sem viðhafa góða starfshætti til að framleiða örugg matvæli eða fóður. Hjá fyrirtækjum þar sem starfsstöðin og/eða verklag sætir hins vegar miklum ágöllum við framleiðslu fódurs eða matvæla verður eftirlit stofnunarinnar aukið.

Kerfið er innleitt í samræmi við kröfur laga nr. 93/1995 um matvæli, og reglugerðar (EB) nr. 882/2004 um opinbert eftirlit með fóðri og matvælum sem innleidd var með reglugerð (IS) nr. 106/2010.

Framkvæmd áhættu- og frammistöðuflokkunar Matvælastofnunar fyrir framleiðslu matvæla úr dýraríkinu og fóður má nálgast á vef stofnunarinnar www.mast.is.

Mynd III.2.2: Fyrirspurnir flokkaðar eftir efni og fjölda



1. Um matvælaöryggi og neytendamál

Markmiðið með starfsemi matvælaöryggis- og neytendamálasviðs er að efla gæði aðfanga, stuðla að öryggi matvæla allt frá hafi/haga til maga og vinna að því að matvælafyrirtæki axli ábyrgð á starfsemi sinni með neytendavernd að leiðarljósi. Á sviðinu er unnið við eftirlit, umsjón og samræmingu á eftirliti, innleiðingu á nýrri löggjöf og svörun fyrirspurna frá eftirlitsaðilum, matvælafyrirtækjum og neytendum.

Ítarleg starfsáætlun fyrir starfsemi sviðsins var útbúin í samræmi við meginmarkmið MAST og henni fylgt eftir með markmiðssetningu fyrir einstaka starfsmenn í starfsmannasamtölum.

Mikil áhersla var lögð á vinnu við Gæðahandbók stofnunarinnar. Unnin voru gæðaskjöl varðandi framkvæmd leyfisveitinga og eftirlits og voru þau gefin út og Gæðahandbókin birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Áhersla var lögð á að skoðunarhandbækur sem notaðar eru í eftirliti hjá stofnuninni séu samræmdar. Gefin var út skoðunarhandbók fyrir matvæli og byggðist hún á skoðunarhandbók fyrir lagarafurðir. Skoðunarhandbókin nær nú til úttekta á matvælafyrirtækjum sem vinna lagarafurðir, sláturhús, kjöt- og mjólkurvinnslur. Skoðunarhandbók fyrir fóður var einnig gefin út og byggði hún sömuleiðis á skoðunarhandbók fyrir matvæli.

Formlegar innri úttektir á leyfis-, eftirlits- og eftirfylgniferlum fóru fram í lok ársins og munu leiða til aukinnar fræðslu og þjálfunar starfsfólks.

Starfsfólk sviðsins vann að innleiðingu áhættuflokkunar starfsgreina og fóður- og matvælafyrirtækja en það er nauðsynlegt til að ákvarða eftirlitstíma í mismunandi starfsgreinum og fyrirtækjum.

Lokið var við heildarúttekt á fóður- og matvælafyrirtækjum miðað við nýja hollustuháttalöggjöf sem tók gildi 1. 3. 2010 nema fyrir búfjárafurðir sem tók gildi 1. 11. 2011. Mikil vinna var lögð í innleiðingu á nýrri hollustuhátta- og eftirlitslöggjöf til að tryggja að matvælafyrirtæki ynnu samkvæmt ákvæðum hennar.

ESA kom í þrjár eftirlitsheimsóknir sem vörðuðu verkefni matvælasviðsins að einhverju leyti. Fyrst var úttekt varðandi eftirlit með sláturhúsum og kjötvinnslum og síðari hluta ársins voru úttektir varðandi eftirlit með súnum og eftirlit með umbúðum, efnunum og hlutum sem koma í snertingu við matvæli.

Fjögur TAIEX-verkefni vörðuðu mikið starfsemi sviðsins. Þetta voru verkefni um súnur, örverufræðileg viðmið, HACCP og loks verkefni sem fólst í úttekt á opinberu skelfiskeftirliti á Íslandi og málþingi um skelfiskrækt og skelfiskeftirlit og tóku framleiðendur, ráðgjafar og rannsóknastofnanir þátt í því.

Fimm tilkynningar bárust stofnuninni um grun um matarsýkingar. Í einu tilviki var staðfest að matareitrunin orsakaðist af *Cl. perfringens*, en ekki tókst að staðfesta gruninn í fjórum tilvikum.

Matvælahópur Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Matvælastofnunar hélt fimm fundi á árinu. Erindisbréf hópsins var endurskoðað á árinu. Samkvæmt erindisbréfi hópsins er markmið hans að stuðla að samráði og samhæfingu milli Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og tryggja upplýsingaflæði milli aðila. Hópurinn skipulagði þrjú sameiginleg eftirlitsverkefni á árinu.

Forstöðumaður fundaði með fulltrúum Ríkisendurskoðunar vegna könnunar hennar á Matvælastofnun og tók saman gögn vegna hennar.

Í upphafi ársins var mikil fjölmiðlaumræða um um kadmíum sem greindist yfir mörkum í sýnum af nokkrum áburðartegundum vorið 2011 og um notkun iðnaðarsalts í matvælaframleiðslu. Í kjölfar hennar gaf sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið út reglugerðir sem heimiluðu birtingu niðurstaðna úr áburðar-, fóður og matvælaeftirliti.

Á starfsdegi stofnunarinnar var fjallað ítarlega um áhættugreiningu og hafði forstöðumaður framsögu um áhættumat.

Meginþunginn í starfsemi sviðsins er eftirlit með áburði, fóðri og matvælum og vísað er til skýrsla viðkomandi fagsviðstjóra á hverju sviði.

2. Áburður

Áburðareftirlit Matvælastofnunar fer eftir lögum nr. 22/1994 um eftirlit með áburði, fóðri og sáðvöru og reglugerðum nr. 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni og nr. 630/2007 um ólífrænan áburð. Auk þess reglugerð 291/2010 um birtingu niðurstaðna vegna eftirlits með áburði.

Áburðareftirlitið felur í sér:

- Skráningu áburðarfyrirtækja: Öll fyrirtæki sem framleiða eða flytja inn áburð eða jarðvegsbætandi efni skulu vera skráð hjá Matvælastofnun.
- Skráning áburðartegunda: Allar áburðartegundir skulu einnig vera skráðar hjá MAST.
- Úttekt á áburðarfyrirtækjum: Fylgjast með aðstöðu fyrirtækjanna til að framleiða áburð og geyma áburð.
- Vöruskoðun: Skoða hvort umbúðir og merkingar séu samkvæmt gildandi reglum. Einnig eru tekin sýni af áburði og þau send í efnagreiningu. Áburðarsýnin eru efnagreind hjá LUFA í Þýskalandi. Niðurstöður eru bornar saman við skráð gildi á áburðinum og einnig merkingar á umbúðunum. Samkvæmt reglugerðum má innihald næringarefna ekki fara niður fyrir ákveðin vikmörk.
- Í lok hvers árs eru niðurstöður eftirlits gefnar út í sérstakri skýrslu

Hérlendis er fyrst og fremst notaður ólífrænn innfluttur áburður. Þessi áburður er ýmist einkorna eða fjölkorna. Í einkorna áburði inniheldur sérhvert áburðarkorn öll næringarefni í þeim hlutföllum sem gefin eru upp í áburðinum. Í fjölkorna áburði er áburðarkornin með mismunandi næringarefni sem er blandað saman í ákveðnum hlutföllum eftir áburðartegundum.

Ólífræna innflutta áburðinum er skipt í EB-áburð og ekki EB-áburð. Á merkingum þarf að koma skýrt fram hvort áburðurinn sé EB-áburður.

Lífrænn áburður er framleiddur hérlendis. Hráefni í hann eru ýmis lífræn efni, bæði af dýrum og jurtum. Um er að ræða kjötmjöl, fiskimjöl, moltu, þangmjöl og skeljasand.

Árið 2012 voru flutt inn 49.086 tonn af jarðræktaráburði. Til samanburðar voru 43.863 tonn af jarðræktaráburði flutt inn árið 2011, sjá meðfylgjandi töflur.

Tafla IV.2.1: Innfluttur áburður og næringarefni 2012 í kílógrömmum (2011)

Áburður	Alls	Köfnunarefni	Fosfór	Kalí
Jarðræktaráburður	49.085.600 (43.862.885)	11.807.799 (10.434.232)	1.446.797 (1.333.911)	2.134.504 (2.051.585)
Kalk	85.800 (85.800)	-	-	-
Áburður á íþróttavelli	59.382 (50.891)	6.427 (6.276)	1.479 (1.363)	5.020 (4.587)
Áburður til garðyrkju/ylræktar	246.5151 (677.281)	298.798 (79.698)	108.387 (19.460)	300.696 (68.837)
Blómaáburður	14.179 (12.573)	-	-	-
Samtals	51.710.112 (44.689.430)	12.113.024 (10.520.206)	1.556.663 (1.354.734)	2.440.220 (2.125.009)

2.1. Leyfisveitingar

2.1.1. Innfluttur áburður

Alls fluttu 28 fyrirtæki inn áburð árið 2012. Innflutningi má skipta í 5 flokka (ath. sum fyrirtæki flytja inn fleiri en einn flokk):

- Tún- og jarðræktaráburður (5 fyrirtæki)
- Áburður til garðyrkju og ylrektar (12 fyrirtæki)
- Áburður á íþróttavelli (3 fyrirtæki)
- Blómaáburður til heimilisnota (13 fyrirtæki)
- Köfnunarefnisbindandi rótarbakterfur (2 fyrirtæki)

2.1.2. Innland framleiðsla

Enginn efnaáburður (tilbúinn áburður) er framleiddur á Íslandi. Nokkur fyrirtæki vinna áburð úr lífrænum efnum eða blanda ólífrænan áburð í vökva. Um er að ræða framleiðslu á kjötmjöli, moltu, kalki, aukaafurðum úr fiski og þörungamjöl. Blómaáburður er ýmist framleiddur með því að blanda efnaáburð í vökva eða þörungamjöl í vökva. Alls eru 13 fyrirtæki skráð sem framleiða innlandan áburð eða jarðvegsbætandi efni.

Kjötmjöl er framleitt af Orkugerðinni ehf. í Flóahreppi. Hráefni verksmiðjunnar kemur frá sláturhúsum og kjötvinnslum á Suðurlandi. Kjötmjölið má nota sem áburð sé það ekki unnið úr áhættuvefjum dýra.

Molta ehf. í Eyjafirði framleiðir moltu m.a. úr aukaafurðum frá sláturhúsum og kjötvinnslum.

Aðrir skráðir framleiðendur moltu á landinu eru:

- Íslenska Gámafélagið í Gufunesi, sem vinnur moltu úr heimilisúrgangi.
- Sorpa, sem vinnur einnig moltu úr heimilisúrgangi, garðaúrgangi og fleiru.
- Skinney – Þinganes framleiðir 3 gerðir áburðar og jarðvegsbætandi efna úr sjávarfangi.
- Haustak hf. framleiðir áburð úr sjávarfangi.
- NorðurBragð framleiðir fiskmeltur og selur undir heitinu vallarslóg
- Íslenska Kalkþörungafélagið ehf. á Bíldudal, framleiðir m.a. áburðarkalk úr kalkþörungum.
- Þörungamjöl m.a. til áburðar er framleitt í Þörungaverksmiðjunni á Reykhólum.
- Spretta ehf. þurrkar og pakkar hæsnaskít til áburðar.
- Þrjú íslensk fyrirtæki framleiða blómaáburð fyrir stofublóm, þau eru Guðjón D Gunnarsson, Ylfur ehf. og Þórduna ehf.

2.2. Eftirlit

2.2.1. Innfluttur áburður

Vísad er til eftirlitsskýrslu um áburðareftirlit 2012 sem birt er á heimasíðu Matvælastofnunar.

Á undanförmum árum hefur skipulögð vöruskoðun og sýnataka verið fyrst og fremst á innfluttum tún- og jarðræktaráburði. Á árinu 2012 voru tekin 55 eftirlitssýni af 54 áburðartegundum hjá 9 fyrirtækjum.

Efnagreiningar á þessum 55 eftirlitssýnum gáfu þær niðurstöður að 6 sýni voru með efnainnihald fyrir neðan leyfileg vikmörk (10,9%). 2 áburðartegundir reyndust innihalda meira kadmíum (Cd) en leyfilegt er. Ekki verður heimilt að dreifa þessum áburðartegundum til notenda fyrr en að sýnt hefur verið fram á með sýnatökum og efnagreiningum að efnainnihald áburðarins sé ofan við leyfð vikmörk og að kadmíum sé minna en heimilt hámark. Auk þess voru 5 áburðartegundir teknar af skrá vegna þess að þær voru skráðar sem ólífrænar en samkvæmt merkingum eru þær lífrænar. Því fylgdu ekki réttar upplýsingar með þessum áburðartegundum er þær voru skráður.

Merkingar hafa batnað verulega frá fyrri árum, en þó voru gerðar athugasemdir við nokkrar áburðartegundir.

2.2.2. Innland framleiðsla

Matvælastofnun annast eftirlit með innlandri framleiðslu á áburði í samstarfi við héraðsdýralækna og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Þar sem hráefni í þessari framleiðslu er að verulegu leyti lífrænt, m.a. dýraafurðir, snýst það eftirlit fyrst og fremst að framleiðsluháttum og heilnæmi hráefna.

2.3. Fundir og fræðsla

Matvælastofnun tók þátt í árlegum fundi norrænna fóðureftirlitsstofnana í Finnlandi í september. Einnig tók hún þátt í fundi norrænna áburðareftirlitsstofnana í Finnlandi í október.

3. Plöntur

Undir plöntur falla verkefni er lúta að plöntuheilbrigði og gæðum sáðvöru. Af vörutegundum má nefna plöntur og plöntuafurðir s.s. afskorin blóm og greinar, jólatré, blómlauka, græðlinga, smáplöntur, pottaplöntur, garðplöntur, útsæðis- og matarkartöflur, trjávið og viðarumbúðir, mold til ræktunar og fræ. Auk þess er fylgst með innflutningi smádyra til lífrænna varna í garðyrkju.

3.1. Leyfisveitingar

3.1.1. Stofnræktarleyfi

Matvælastofnun veitir leyfi til stofnræktunar á kartöfluútsæði sbr. reglugerð nr. 455/2006 um kartöfluútsæði. Árið 2012 voru 3 kartöflubændur með slíkt leyfi, tveir í Eyjafirði og einn á Hornafirði. Auk þess hefur Landbúnaðarháskóli Íslands og Samband garðyrkjubænda leyfi til ræktunar úrvals- og eðalstofna samkvæmt reglugerðinni.

3.1.2. Útsæðisleyfi

Stofnunin veitir kartöflubændum leyfi til að selja útsæði til almennrar dreifingar. Forsendur fyrir leyfi eru m.a. eftirfarandi: hnúðormur má ekki finnast í garðlandi ræktanda, hringrot má ekki finnast í uppskeru og ræktandi verður að endurnýja reglulega með kaupum á stofnútsæði. Vorið 2012 voru 20 bændur með útsæðisleyfi þar með taldir áður nefndir stofnræktendur. Af þeim voru 9 á Suðurlandi, 6 í Eyjafirði, 1 á Héraði og 4 á Hornafirði.

3.1.3. Vottun viðarumbúða

Stofnunin annast framkvæmd reglugerðar nr. 343/2004 um viðarumbúðir vara við útlutning. Í því felst m.a. að veita fyrirtækjum sem smíða viðarumbúðir, s.s. vörubretti og trékassa, vottun til að merkja umbúðirnar með alþjóðlegu merki því til staðfestingar að umbúðirnar uppfylli skilyrði hins alþjóðlega staðals ISPM 15 um hitameðhöndlun eða svælingu. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir að plöntuskaðvaldar geti borist með umbúðunum. Í lok ársins 2012 voru 7 fyrirtæki með vottun til að útvega forhitaðan trjávið til umbúðagerðar og rúmlega 30 fyrirtæki með vottun til að hita umbúðir eða smíða umbúðir úr forhítuðum viði og merkja. Eru fyrirtæki þessi um allt land.

3.2. Eftirlit

3.2.1. Kartöfluútsæði

Farnar eru tvær skoðunarferðir á ári til stofnræktenda, annars vegar í ágúst mánuði þegar ræktunin er skoðuð og hins vegar í febrúar-mars þegar útsæðið er skoðað í geymslum. Samanlagt eru ræktuð tæp 100 tonn af stofnútsæði hjá þremur stofnræktarbændum af yrkjunum: Gullauga, Helgu, Premiere og Rauðum íslenskum.

Minnst þriðja hvert ár eru tekin kartöflusýni hjá öllum ræktendum með útsæðisleyfi og leitað að hringrotssmiti og minnst fjórða hvert ár eru tekin jarðvegssýni hjá þeim og leitað að hnúðormi. Hringrot greindist hjá tveimur ræktendum í uppskeru ársins 2012 en þeir voru ekki með gilt útsæðisleyfi. Hnúðormur fannst ekki hjá kartöflubændum en hann má víða finna í heimilisgördum.

3.2.2. Innflutningur plantna og plöntuafurða

Þegar fluttar eru inn plöntur og plöntuafurðir þar sem gerð er krafa um heilbrigðisvottorð vegna plöntuheilbrigðis er tollafhending ekki heimil fyrr en framvísað er áritun frá Matvælastofnun. Í *Töflu IV.3.1* er sýnt hvernig þessi áritun dreifist á vöruflokka og árstíma. Til samanburðar eru sýnd árin 1998, 2010 og 2011. Alls voru árituð 863 vottorð árið 2012. Hafa ber í huga að þessar tölur segja einungis til um fjölda sendinga en ekki það magn sem flutt er inn.

Tafla IV.3.1: Fjöldi áritaðra vottorða vegna innflutnings plantna og plöntuafurða árið 2012

Mismunandi vöruflokkar þar sem áritun vottorða er áskilinn	Árituð vottorð 2012 á 3 mánaða tímabilum							Vottorð 2012
	Vottorð 1998	Vottorð 2010	Vottorð 2011	jan.–mars	apr.–júní	júlí–sept.	okt.–des.	
Græðlingar og smáplöntur	224	154	165	70	40	29	33	172
Blómlaukar og rótarhnyði	148	52	55	7	4	16	12	39
Pottaplöntur	37	39	22	7	19	22	16	64
Garðplöntur, tré og runnar	39	62	86	6	36	8	9	59
Afskorin blóm og greinar	459	121	115	27	25	25	26	103
Jólatré og barrgreinar	45	28	28	0	0	0	37	37
Útsæðiskartöflur	10	11	5	2	4	0	0	6
Matar- og verksmiðjukartöflur	171	153	120	26	104	46	19	195
Mold	36	48	52	17	36	5	3	61
Lífrænar varnir	88	104	106	27	26	29	41	123
Arinviður	0	8	8	0	3	1	0	4
Samtals	1257	780	762	189	297	181	196	863

Í *Töflu IV.3.2-6* eru hins vegar gefnar magntölur fyrir innflutning nokkurra vöruflokka fyrir árin 2008–2012. Vöruflokkarnir eru: matar- og verksmiðjukartöflur, gróðurmold, útsæðiskartöflur, jólatré og jólagreinar.

Tafla IV.3.2: Innflutt magn matar- og verksmiðjukartaflna árin 2008-2012

Ár	Innflutt magn á 3 mánaða tímabilum (tonn)				Innflutt alls (tonn)
	jan.–mars	apr.–júní	júlí–sept.	okt.–des.	
2008	293,6	1433,1	916,3	200,7	2843,8
2009	164,7	925,6	968,3	625,2	2683,8
2010	721,8	1.245,8	697,1	204,6	2869,3
2011	214,7	704,3	835,9	204,6	2869,3
2012	329,2	1.882,8	887,4	246,9	3346,3

Tafla IV.3.3: Innflutt magn gróðurmoldar árin 2008-2012*

Ár	Innflutt magn á 3 mánaða tímabilum (tonn)				Innflutt alls (tonn)
	jan.–mars	apr.–júní	júlí–sept.	okt.–des.	
2008	566,1	375,3	265,3	70	1276,7
2009	292,6	399,5	90,2	45,1	827,4
2010	337,3	421,5	117,5	54	930,3
2011	364,5	538,9	107,5	54	930,3
2012	385,3	789,6	94,8	19,3	1289,0

* Almennt er innflutningur á mold bannaður en þó er heimilt að flytja inn mold sem að meginhluta samanstendur af mosa (Sphagnum) og hefur aldrei verið notuð til ræktunar og inniheldur hvorki óunninn trjábörk eða húsdýraábúð.

Tafla IV.3.4: Innflutt jólatré árin 2008-2012 (fjöldi)

Ár	Fjöldi jólatrjáa fluttur inn árin 2008-2012 (stykki)			
	Nordmannspínur (<i>Abies nordmanniana</i>)	Eðalþínur (<i>Abies procera</i>)	Rauðgreni* (<i>Picea abies</i>)	Samtals (stykki)
Meðaltal 1993-2002	28.066	192	37	28.295
2008	19.518	41	10	19.569
2009	20.325	68	8	20.401
2010	17.880	82	8	17.970
2011	18.216	30	6	18.525
2012	18.796	0	7	18.803

* Innflutningur á greniættkvíslinni (*Picea*) er bannaður samkvæmt reglugerð 189/1990, en árlega er veitt undanþága fyrir nokkrum rauðgrenitrym sem gefin eru af vinabæjum til sveitafélaga hér á landi.

Tafla IV.3.5: Innflutt jólagreni árin 2008–2012 (þyngd)

Ár	Innflutt jólagreni árin 2008–2012 (kg)							Samtals (kg)
	Nordmannspínur <i>Abies nordmanniana</i>	Eðalþínur <i>Abies procera</i>	Sýprus <i>Chamaecyparis</i>	Silkífura <i>Pinus</i>	Hindartré <i>Cryptomeria</i>	Eskiviður <i>Buxus</i>	Annað	
Meðaltal 1993-2002	41.242	13.119	9.609	2.466	807	1.164	190	68.597
2008	26.524	7.575	10.915	3.665	440	528	100	49.747
2009	27.285	4.470	9.980	2.274	764	712	200	45.685
2010	28.820	5.235	12.725	2.625	2.220	1.075	1.015	53.715
2011	32.910	4.830	11.629	2.560	810	1.060	325	54.124
2012	30.315	9.615	9.184	2.430	2.121	523	63	54.251

Tafla IV.3.6: Innflutt magn útsæðiskartaflna árin 2008–2012

Afbriði/Yrki	2008	2009	2010	2011	2012
	Actrice			0,5	
Anuschka					2
Arielle	1				2,5
Artemis			0,5		
Belana					
Cerisa					0,5
Erika			0,7		0,5
Esmeralda			0,2		
Excellent					0,5
Fontane			0,5		
Inova	1				
Jade			0,5		
Jelly		6,2	16	6,1	23,5
Lady Claire					
Marabel	6,3				
Maris Bard			0,5		
Mariska			0,6		0,5
Metro			0,5		
Milva	29,3	23,8	14	27,5	29
Mustang			0,5	0,5	
Nicola			0,5		
Piccolo Star					
Premiere	64,5	13	27,5	24	40
Provento					1
Ratte					
Rossagold					0,5
Salome			4,4	12,8	7,5
Sante					1
Toluca				0,4	
Tilraunayrki	0,2		0,9	0,6	0,6
Samtals	102,3	43	68,3	71,9	109,6

3.2.3. Innflutningur fræja

Þegar flutt eru inn fræ skal tilkynna það til Matvælastofnunar sem gefur út afhendingarheimild með helstu upplýsingum um sendinguna. Alls voru á árinu gefnar út 174 slíkar heimildir. Upplýsingar um innflutning tegunda og yrkja til landbúnaðar má sjá í *Töflum IV.3.7-9*.

Tafla IV.3.7: Innflutningur á sáðkorni árin 2009–2012

Tegund	Yrki	Innflutt magn (kg)			
		2009	2010	2011	2012
Bygg 2 raða (Hordeum vulgare)	Barbro (SW Barbro)	0	20.000	10.200	29.900
	Filippa	55.000	164.700	116.015	191.500
	Golden Promise	0	0	2.000	0
	Kría (IsKría)	345.250	264.025	195.375	109.425
	Luhkas	0	0	0	4.800
	Minttu	10.800	39.960	38.880	0
	Mitja (SW Mitja)	10.000	0	0	10.000
	Rekyl	7.560	0	0	0
	Skegla	23.100	0	0	0
	Tamtam	0	0	1.000	0
	Samtals:	476.710	508.685	423.470	345.625
Bygg 6 raða (Hordeum vulgare)	Aukusti	0	0	0	1.080
	Brage	0	0	0	42.360
	Elmeri	0	0	20.000	30.000
	Erkki	25.000	50.000	0	0
	Lómur (IsLómur)	42.450	158.100	75.550	0
	Skúmur (IsSkúmur)	148.650	0	31.350	0
	Judit (SW Judit)	67.200	70.000	90.000	100.600
	Jyvä	16.200	30.240	22.680	0
	Kunnari	25.000	20.000	60.000	60.000
	Olavi		10.000	20.000	0
	Olsok	118.800	101.520	14.040	0
	Pilvi	24.000	24.720	24.600	30.000
	Tiril	11.880	72.360	30.240	70.320
	Ven	0	16.200	6.480	0
	Voitto	0	0	0	16.860
Wolmari	0	0	0	30.000	
	Samtals:	454.180	533.140	334.940	381.220
Hafrar (Avena sativa)	Akseli	0	0	0	5.400
	Belinda	26.550	18.000	39.150	39.100
	Cilla	9.700	9.050	18.450	26.300
	Dominik	0	0	0	7.000
	Rajtar	0	0	4.455	0
	Samtals:	36.250	27.050	62.055	77.800
Hveiti (Triticum aestivum) - vorhv.	Anniina	0	7.800	4.000	5.000
	vetrarhv. Arktika	0	0	5.000	6.000
	vetrarhv. Bjørke	0	0	1.000	1.000
	vetrarhv. Mjølner	0	0	0	993
	vetrarhv. Stava	8.400	15.400	7.700	0
	vetrarhv. Urho	0	7.800	2.000	6.000
	Samtals:	8.400	31.000	19.700	18.993
Rúghveiti (xTriticosecale)	Dinero	2.600	0	0	0
Rúgur (vetrar) (Secale cereale)	Reetta	0	1.200	3.000	7.000
	Riíhi	0	1.200	3.000	0
	Samtals:	2.600	2.400	6.000	7.000
Máis (Zea mays)	Justina	0	0	0	0

Tafla IV.3.8: Innflutningur á grasfræi árin 2009–2012

Tegund	Yrki	Innflutt magn (kg)			
		2009	2010	2011	2012
Agrostis capillaris - Hálingresi	Highland	0	0	0	100
Agrostis stolonifera - Skriðlíngresi	Bengal	0	0	0	10
Dactylis glomerata - Axhnoðapunktur	Frisk	200	0	0	0
	SW Luxor	0	0	0	1005
	Samtals:	200	0	0	1.005
Festuca arundinaceae - Tágavingull	Swaj	0	1.000	500	0
Festuca ovina - Sauðvingull	Crystal	1.500	1.500	1.090	0
	Hardtop	1.500	0	0	0
	Quatro	0	0	0	60
Festuca trachyphylla - Skrápvingull	Nordic	0	0	0	500
	Samtals:	3.000	1.500	1.090	560
Festuca pratensis - Hávingull	Kasper	0	500	2.520	900
	Norild	0	0	0	0
	Pradel	0	0	500	0
	Samtals:	0	500	3.020	900
Festuca rubra – Túnvingull	Aniset	0	0	0	80
	Bargreen	0	0	0	100
	Belleaire	0	0	0	0
	Calliope	0	0	0	640
	Casanova	0	0	0	0
	Gondolin	3.000	7.038	7.394	9.016
	Lovisa	5.000	5.000	9.900	0
	Maxima 1	0	0	0	80
	Reptans	0	0	0	0
	Rosita	0	0	0	0
Rubin	5.020	5.000	1.990	0	
Smirna	0	0	0	0	
	Samtals:	13.020	17.038	19.284	9.916
Lolium multiflorum – Einært rýgresi					
- sumaryrki (var. westerwoldicum), ssp. alternativum	Barspectra	0	18.050	30.000	28.200
	Bartigra	12.000	9.850	0	0
	Caramba	2.500	0	0	0
	Botrus	0	0	0	0
	Jivet	0	0	0	1.000
	Swale	23.225	8.000	25.000	0
	Samtals:	37.725	35.900	55.000	29.200
- vetraryrki (var. italicum), ssp. non-alternativum	Barmultra	7.000	5.000	13.175	19.975
	Danergo	0	9.650	7.425	0
	EF 486	7.000	0	5.050	0
	Dasas				
	Fredrik	7.020	10.000	0	0
	Jeanne	0	0	0	3.275
	Malmi	3.000	0	0	0
	Meroa	0	0	15.000	4.000
	Turgo Pajbjerg	0	0	0	2.925
	Samtals:	24.020	24.650	40.650	30.175

Tegund	Yrki	Innflutt magn (kg)			
		2009	2010	2011	2012
Lolium perenne – Vallarrýgresi	Bargala	0	1.000	975	0
	Bartwingo	0	0	0	0
	Calibra	0	0	3.975	3.500
	Greenfair	0	0	0	20
	Malta	0	0	0	500
	Svea	0	0	0	0
	SW Birger	4.000	4.000	4.000	4.110
	Taya	0	0	0	0
	Tetramax	4.600	2.020	0	0
	Samtals:		8.600	7.020	8.950
Phleum pratense – Vallarfoxgras	Adda	0	0	0	0
	Engmo	4.000	19.525	40.000	39.900
	Grindstad	7.025	8.000	4.400	4.000
	Jonatan	6.000	2.560	4.260	2.700
	Korpa	800	2.500	2.000	0
	Noreng	0	500	0	0
	Snorri	4.725	5.000	27.360	22.865
	Switch	0	0	1.000	3.100
	Tuukka	0	0	8.000	4.850
	Vega	27.000	28.000	1.000	0
Samtals:		49.550	66.085	88.020	77.415
Poa pratensis – Vallarsveifgras	Balin	1.500	5.475	5.500	2.500
	Broadway	0	0	0	0
	Conni	675	0	0	140
	Limousine	0	0	0	40
	Julius	0	0	0	0
	Kupol	4.798	10.000	0	0
	Sobra	9.000	12.300	10.500	14.000
Samtals:		15.973	27.775	16.000	16.680
Grasblöndur (m.a. fyrir íþróttavelli og grasflatur)	Ýmis	52.396	51.671	80.308	51.511

3.2.4. Útflutningur plantna og plöntuafurða

Plöntueftirlit Matvælastofnunar er sá opinberi aðili hér á landi sem getur gefið út heilbrigðisvottorð vegna plöntuheilbrigðis í samræmi við alþjóðasamning um plöntuheilbrigði (IPPC). Árið 2012 voru gefin út 43 slík vottorð, þar af 31 með vörubrettum úr trjáviði er fylgdi ýmsum varningi, einkum sjávarafurðum.

3.2.5. Útflutningur fræja

Útflutningur héðan á fræjum á árinu 2012 var á vegum Landgræðslu ríkisins og ORF Líftækni. Matvælastofnun annast sýnatöku og hefur fram að þessu sent sýnin til Landbúnaðarháskóla Íslands á Möðruvöllum í Hörgárdal þar sem rannsakað er fyrir hreinleika og spírunarhæfni. Þegar þær niðurstöður liggja fyrir getur Matvælastofnun gefið út gæðavottorð í samræmi við kröfur ISTA (International Seed Testing Association). Árið 2012 voru gefin út alls 4 frævottorð með tegundunum alaskalúpínu og mel, beringspunti og byggi.

Tafla IV.3.9: Innflutningur á fræi árin 2009–2012 – Ýmsar tegundir

Tegund	Yrki	Innflutt magn (kg)			
		2009	2010	2011	2012
Beta vulgaris – Fóðursykurrófa	Brigadier	0	0	0	0
	Zentaur Poly	0	0	0	0
	Samtals:	0	0	0	0
Brassica napus var. napobrassica - Gulrófa	Víge	11	37	17	13
Brassica napus – Fóðurrepja	Akela	0	0	0	0
	Barcoli	16.000	2.850	17.325	16.900
	Barsica	1.975	5.000	2.025	0
	Delta	2.000	5.000	6.110	1.000
	Hobson	5.000	23.000	13.000	10.000
	Galileo	0	500	1.000	500
	Goya	0	500	0	0
	Marie	0	0	0	100
	Pluto	500	0	1.000	300
	SW Falstaff	290	0	0	0
Vision	0	0	630	0	
Samtals:		30.910	36.850	41.090	28.800
Brassica oleracea – Fóðurmergkál	Grüner Angeliter	500	0	0	0
Brassica rapa – Fóðurnæpa	Snowball	3	0	0	0
	Juliet	0	0	0	200
Samtals:		3	0	0	200
Brassica rapa var. silvestris – Fóðurnepja	Cordelia	0	0	200	900
	Largo	200	0	1.000	700
	Samson	0	0	250	0
	SW Petita	0	0	120	100
	Valo	0	0	40	0
	Samtals:		200	0	1.610
Medicago sativa – Refasmári	Live	0	0	10	0
Pisum sativum – Grænfóðurertur	Bohatyr	0	4.400	0	0
	Faust	0	0	0	0
	Javlo	0	9.600	0	0
	Nitouche	2.000	0	0	3.000
	Rocket	4.320	0	0	0
	Tinker	0	5.000	7.000	0
	Samtals:		6.320	19.000	7.000
Trifolium hybridum – Túnsmári	Frida	0	0	0	0
Trifolium pratense – Rauðsmári	Betty	500	0	200	493
	Bjursele	1.250	500	0	500
	Rajah	100	0	200	0
	SW Ares	0	500	600	0
	SW Yngve	0	0	500	0
Samtals:		1.850	1.000	1.500	993
Trifolium repens – Hvítsmári	Rivendel	0	0	200	200
	Sonja	350	0	0	0
	Undrom	1100	500	1160	1600
	Pipolina	0	0	0	20
	Samtals:		1.450	500	1.360

4. Fóður

Markmið eftirlits með fóðri er að tryggja svo sem kostur er öryggi og heilnæmi fóðurs. Fóðureftirlit fer fram samkvæmt lögum nr. 22 frá 29. mars 1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, ásamt með síðari breytingum. Íslendingar hafa skrifað undir II. kafla, I. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES) sem fjallar um dýrafóður. Reglur ESB um dýrafóður, sem sameiginleg nefnd EES hefur samþykkt, taka því gildi hér á landi eftir lögformlega meðferð Alþingis og atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis hverju sinni. Reglugerð ESB nr. 183/2005 um kröfur er varða hollustu fóðurs (innleidd með íslenskri reglugerð nr. 107/2010), reglugerð ESB nr. 882/2004 um opinbert eftirlit (innleidd með íslenskri reglugerð nr. 106/2010) og reglugerð ESB nr. 1774/2002 sem fjallar um meðferð og notkun dýraafurða sem ekki eru ætluð til mannelis en eru notuð til fóðurgerðar (innleidd með íslenskri reglugerð nr. 108/2010) hafa allar verið innleiddar í íslenskan rétt. Reglugerð nr. 340 frá 30. apríl 2001, um eftirlit með fóðri, ásamt með síðari breytingum gildir þó enn fyrir gæludýrafóður og aukefni og forblöndur. Á árinu tók gildi reglugerð ESB nr. 575/2011 um skrá yfir fóðurefni (innleidd með reglugerð nr. 875/2012). Einnig eru ákvæði varðandi fóður í öðrum lögum og reglugerðum sem fjalla um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og um meðferð sláturúrgangs.

4.1 Leyfisveitingar

Í lok árs 2012 voru 171 fóðurfyrirtæki á skrá hjá MAST og hafði fækkað um 19 frá fyrra ári. Innflytjendur fóðurs voru 81 og í árslok voru fóðurframleiðendur 88. Af þessum 88 fóðurframleiðendum höfðu 29 fyrirtæki samþykki MAST til að kaupa og/eða nota aukefni við fóðurframleiðslu skv. 10. gr. reglugerðar ESB nr. 183/2005 um kröfur er varða hollustu fóðurs. Þar af eru þrjár fóðurverksmiðjur sem framleiða heilfóður og fóðurbæti fyrir flestar tegundir búfjár. Ein verksmiðja framleiðir heilfóður fyrir fisk og 3 framleiða heilfóður fyrir loðdýr. Fjórtán starfsstöðvar svínabúa og 3 loðdýrabú framleiða fóður til eigin nota. Auk þess eru starfandi nokkur fyrirtæki hér á landi sem flytja inn og selja aukefni eða forblöndur aukefna í fóðurgerð. 42 fyrirtæki eru samþykkt vegna framleiðslu fóðurs úr afurðum dýra skv. reglugerð ESB nr. 1774/2002 um meðferð og notkun afurða úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til mannelis, þ.a. eru 11 fiskimjöls- og lýsisframleiðendur.

4.2 Eftirlit

Eftirlit með fóðri felst m.a. í skráningu allra nýrra fóðurtegunda, bæði innfluttra og framleiddra hér á landi. Við skráningu er innihaldslýsing og notkunarleiðbeiningar skoðaðar með tilliti til skilyrða í reglugerðum um notkun hinna ýmsu efna. Við innflutning ber fyrirtækjum að tilkynna komu fóðurs svo að starfsfólki MAST gefist tækifæri til að skoða og taka sýni af vörunni. Innlend fóðurfyrirtæki eru heimsótt, innra eftirlit fyrirtækja sannreynt og sýni tekið með slembiúrtaki af framleiðslu til greiningar. Í sýnum eru fyrst og fremst greind ýmis óæskileg efni, þungmálmur og aukefni, sem sett hafa verið mörk á hversu mikið megi vera af í fóðri.

Í kjölfar nýrra reglugerða hófst á síðasta ári eftirlit með fóðurframleiðslu og fóðrun hjá bændum sem ala dýr til matvælaframleiðslu. Þessu eftirliti var haldið áfram með sama sniði, þ.e. búfjárefnismenn, nú í Eyjafirði, Skagafirði og nokkrum hreppum á Suðurlandi skoðuðu m.a. skráningu fyrirtækja, meðferð fóðurs, þrifnað, meindýravarnir og rekjanleika hjá bændum. Farið var í eftirlit hjá um 750 bændum og voru engar eða óverulegar athugasemdir gerðar hjá langflestum bændanna. Helstu athugasemdir voru vegna skorts á meindýravörnum og skorts á skráningum hjá bændum.

4.2.1 Niðurstöður eftirlits

Á árinu bárust 1182 tilkynningar um innflutning á 82.032 tonnum af fóðri. Hefur tilkynningum um innflutning fækkað lítillega frá síðasta ári, en hafði fjölgað árin þar á undan, voru 1.244 árið 2011, 1.139 árið 2010 og 953 árið 2009. Innflutt fóður í tonnum talið hefur minnkað nokkuð og var 83.400 árið 2011 en 86.400 tonn árið 2010.

Fyrirtæki fengu 144 nýjar fóðurtegundir skráðar á árinu, sem er svipaður fjöldi og á síðustu árum.

Tafla IV.4.1: Innflutningur og innlend framleiðsla eftir dýrategundum 2012 (2011)

Dýrategund	Fjöldi tilkynninga um innfl.	Heildarinnfl. á fóðri (tonn)	Innlend framleiðsla (tonn) ¹
Jórturdýr	501 (516)	7.674 (5.204)	28.283 (29.651)
Alifuglar	160 (209)	1.941 (2.000)	26.869 (27.212)
Svín	241 (214)	1.081 (813)	17.652 (21.353)
Fiskar	92 (70)	2.873 (2.620)	10.165 (8.503)
Loðdýr	35 (33)	537 (438)	- ¹ (132.877)
Hross	105 (122)	188 (215)	236 (254)
Gæludýr	562 (563)	2.511 (2.481)	- ² (3.495)
Óskilgreint	296 (289)	65.227 (69.600) ³	209.653 ⁴ (394.219)

¹ Tölur fyrir 2012 liggja ekki fyrir.

² Tölur fyrir 2012 liggja ekki fyrir.

³ Undir óskilgreint fellur innflutningur á mais og sojamjöli og öðrum skípsförmum af kornvöru sem fer í fóður fyrir margskonar dýrategundir.

⁴ Innlend framleiðsla á fiskimjöli, lýsi, korni, þörungamjöli og fleiri fóðurefnum sem notuð eru í fóður fyrir margskonar dýrategundir.

Á árinu voru 44 (47 árið 2011) starfsstöðvar fóðurfyrirtækja heimsóttar, teknar út og skoðaðar. Nokkrar af þeim þurfti að heimsækja oft en einu sinni og urðu eftirlitsheimsóknir því 54 (52 árið 2011).

68 sýni af fóðri voru tekin, á móti 22 sýnum árið 2011 og 81 sýni árið 2010. Af þessum 68 sýnum voru 5 af gæludýrafóðri sem greind voru m.a. með tilliti til salmonellu og saurgerla og reyndist ekkert sýni jákvætt, 5 sýni voru tekin af loðdýrafóðri og reyndust 4 þeirra vera með of há gildi fyrir heildarörverur. Fjórtán sýni voru greind með tilliti til díoxíns og díoxín-líkra PCB-efna og reyndust þau öll undir heimilum mörkum. Ýmis óæskileg efni eins og arsen (16), blý (13), kvikasilfur (10), flúor (18), kadmíum (8) sveppaeitur (7) og fúkkalyf (28) voru greind í fóðursýnum auk smásjárgreiningar á kjötmjöli í 6 sýnum. Niðurstöður voru á einn veg, allar mælingar voru undir heimilum mörkum.

Kóprabjalla greindist í hitameðhöndluðu hundafóðri, fóðrinu var eytt.

4.3 Fundir og fræðsla

Starfsmenn fóðureftirlits MAST tóku þátt í árlegum fundi norrænna fóðureftirlitsstarfsmanna með starfssystkinum í Eystrasaltslöndum sem að þessu sinni var haldinn í Finnlandi í lok september.

5. Fiskur og fiskafurðir

Árið 2012 var fyrsta heila árið frá stofnun Matvælastofnunar, sem hún hefur eftirlit með þeim matvælafyrirtækjum sem framleiða og/eða meðhöndla lagarafurðir, en áður höfðu faggiltar skoðunarstofur annast reglubundið eftirlit í fiskvinnslum og skipum í umboði stofnunarinnar. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga annast eftirlit með smásölum og ýmsum þjónustuaðilum við greinina.

Umtalsverðar breytingar urðu á fyrirkomulagi eftirlits sem vikið verður að síðar í þessum kafla. Er það einkum áhættuflokkun fyrirtækja, frammistöðumat fyrirtækja og gegnsætt verklag við beitingu þvingandi aðgerða þegar framleiðslufyrirtæki uppfylla ekki þær kröfur eða sinna ekki úrbótum vegna krafna sem gerðar eru til matvælaframleiðenda.

Eftirlit með framleiðslu lagarafurða er hluti af starfsemi sviðs um matvælaöryggi og neytendamálefni (MÖN). Að eftirliti með sjávarafurðum koma 5 skoðunarmenn, fagsviðsstjóri auk þess sem störf ýmissa sérfræðinga tengjast eftirlitinu með ýmsum hætti, s.s. gerð leiðbeininga, samræmisefirlit og sérfræðiráðgjöf vegna merkinga, aukefna, efnisvals o.fl. sem telst vera hluti eftirlitsins.

5.1. Leyfisveitingar

Matvælastofnun veitir fiskvinnslufyrirtækjum og frysti- og vinnsluskipum leyfi til framleiðslu lagarafurða, hefur umsjón með reglubundnu eftirliti með starfsleyfishöfum og áminnir eða sviptir þá leyfum, gerist þeir brotlegir við gildandi lög og reglur.

Stofnunin gefur út ýmsar leiðbeiningar og reynt er að hafa þessar leiðbeiningar þannig að þær gildi fyrir flestar framleiðslugreinar, hvort heldur þær eru fiskvinnsla, mjólkur-, eggja- eða kjötframleiðsla og er þá eðlilegast að notuð séu sömu hugtök.

Um veitingu leyfis gilda ákveðin viðmið hvenær umsækjandi telst hafa uppfyllt kröfur að því marki að hann geti hafið starfsemi.

Þegar starfsleyfi er veitt er gefið út sk. „samþykkisnúmer“. Heimilt er að veita skilyrt samþykki í upphafi á meðan lokið er við að innleiða gæðakerfi hjá umsækjanda. Samþykkisnúmerin eru þannig leyfisnúmer viðkomandi vinnslu og skulu sett fram á pakkningum í sporöskjulöguðu auðkennismerki, sbr. mynd. Í stað XXXX kemur 4 stafa samþykkisnúmer sem samanstendur af bókstaf og tölustöfum t.d. A001, L978 eða 8T77 svo að möguleikarnir séu skýrðir. Enn sem komið er byrja öll samþykkisnúmerin á bókstafnum „A“.

Í lok árs 2012 voru 386 starfsstöðvar í fiskvinnslu og útgerð með samþykkisnúmer, þar af 44 frysti- og vinnsluskip.

Stofnunin veitir einnig veiðiskipum, öðrum en frysti- og vinnsluskipum, starfsleyfi en þar sem fiskveiðar teljast til frumframleiðslu er þeim ekki veitt samþykkisnúmer. Fjöldi báta sem eru með starfsleyfi er um 1.200 og eru um 1.000 þeirra undir 15 brúttótonnum að stærð. Starfsleyfi báta og skipa sem ekki fá samþykkisnúmer eru skráð sem „IS nnnn“ þar sem „nnnn“ er fjögurra stafa skipaskrárnúmer viðkomandi veiðiskips. Skip með skipaskrárnúmerið 3456 fengi þannig starfsleyfisnúmerið IS 3456, en skip sem hefur skipaskrárnúmerið 89 fengi starfsleyfisnúmerið IS 0089. Þessi veiðiskip eru þannig með fast starfsleyfisnúmer en skilyrði fyrir því að starfsleyfið sé í gildi er að skipið hafi gilt veiðileyfi frá Fiskistofu. Skip án samþykkisnumers eru undir eftirliti Matvælastofnunar og verða þau skoðuð m.t.t. hreinlætis, búnaðar og aflameðferðar. Tíðni reglubundinna skoðana í veiðiskipum getur verið allt frá einni skoðun á þriggja ára fresti upp í tvisvar á ári en að auki kann að koma til aukaskoðunar ef fylgja þarf eftir lagfæringum.

5.1.1. Sannprófun eldri starfsleyfa til fiskvinnslu

Þegar tekin var upp ný löggjöf og reglugerðir Evrópusambandsins um vinnslu lagarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, þann 1. mars 2010, var ljóst að skoða þyrfti hjá öllum vinnsluaðilum (landvinnslu, vinnslu- og frystiskipum) til að sannreyna hvort þau uppfylltu kröfur hinnar nýju löggjafar þar sem kröfugerð til leyfishafa er nokkuð breytt frá því sem var. Undirbúningur og framkvæmd tók lengri tíma en ætlað var, en verkinu lauk um mitt ár 2012. Höfðu þá eftirlitsmenn Matvælastofnunar farið í riflega 1.100 skoðanir á rúmu ári sem verkefnið stóð yfir eftir að undirbúningi lauk.

5.2. Eftirlit

5.2.1. Eftirlit á vettvangi

Eftirlit fyrri hluta ársins einkenndist af skoðunum vegna hinnar nýju löggjafar, en þeirri sannprófun lauk um mitt ár eins og áður sagði.

Samtímis var unnið að áhættuflokkun matvæla úr dýraríkinu í þeim tilgangi að meta eftirlitsþörf í hinum ýmsu greinum matvælaframleiðslu, til þess að hægara yrði að haga eftirliti þannig að áhættumeiri starfsemi fengi meira eftirlit en áhættuminni. Jafnframt var felld inn í eftirlitið frammistöðumat sem umbunar þeim framleiðendum sem uppfylla best kröfur, taka frumkvæði og sinna úrbótum fljótt og vel.

Skoðanir samkvæmt þeirri áhættuflokkun sem gildir fyrir framleiðslu lagarafurða hófst 1. júlí. Landinu var skipt í 4 eftirlitssvæði þar sem tveir eftirlitsmenn höfðu starfsstöð á Norðurlandi og önnuðust eftirlit auk þess á Austurlandi og norðanverðum Vestfjörðum. Tveir eftirlitsmenn höfðu síðan starfsstöð á Selfossi og sáu um eftirlit á öðrum stöðum. Á haustmánuðum varð sú breyting að eftirlitsmönnum fjölgaði um einn en nú er aðeins einn með starfsstöð fyrir norðan en fjórir á Selfossi/Reykjavík.

Auk hinna fimm sérfræðinga sem annast að mestu hið reglubundna eftirlit, starfar fagsviðsstjóri við samræmi. Hann vinnur náið með sviðinu, einkum að samræmingu í eftirliti, og hefur hann umsjón með skoðunarhandbók og gagnagrunni. Fagsviðsstjóri sjávarafurðaeftirlits annast leyfisveitingar og ber ábyrgð á framkvæmd og skipulagi eftirlitsins. Auk þess koma að eftirlitinu forstöðumaður sviðsins sem og aðrir fagsviðsstjórar og sérfræðingar *Matvælaöryggis-* og *neytendamálasviðs* og *Stjórnsýslusviðs*.

Skoðunarmönnum til leiðbeiningar við skoðanir og úttektir hefur verið gefin út „Skoðunarhandbók fyrir matvæli úr dýraríkinu.“ Þar eru kröfur skýrðar frekar og leiðbeint um hvað þarf til að uppfylla þær. Skoðunarskýrslur eru færðar inn í gagnagrunninn „ÍsLeyf“ og skal það að jafnaði gert á staðnum og er þá skýrslunni skilað í tölvupósti í lok eftirlitsheimsóknar.

5.2.2. Samræmi í skoðunum

Eins og áður er sagt leggur Matvælastofnun mikið upp úr því að samræmi sé í störfum eftirlitsmanna. Í því skyni hefur stofnunin gefið út fjölda leiðbeininga sem finna má á vef stofnunarinnar <http://mast.is/innraeftirlit>. Skoðað var eftir skoðunarhandbók um lagarafurðir og lifandi samlokur fyrstu mánuði ársins en í mars var gefin út ein skoðunarhandbók fyrir öll matvæli úr dýraríkinu. Þá skapaðist vettvangur til breiðari samræmingar, ekki síst milli greina, en stærsti hluti krafna til matvælafyrirtækja er hinn sami. Til þess að samræmi verði í störfum eftirlitsmanna í mismunandi greinum þarf stofnunin að stuðla að því að eftirlitsmenn geti fylgt eftir störfum eftirlitsmanna í öðrum greinum. Jafnframt hefur verið komið á þverfaglegu teymi sem hittist reglubundið og fer yfir vafaatriði og túlkanir á löggjöf. Það er stefnt að því að þessar túlkanir verði aðgengilegar á vefsvæði stofnunarinnar.

Með útgáfu skoðunarhandbókarinnar „Matvæli úr dýraríkinu“, þar sem teknar eru saman kröfur löggjafarinnar til matvælafyrirtækja, óháð því hvort þau starfi við meðhöndlun á fiski eða kjöti, gefst aukið tækifæri til samræmingar á störfum skoðunarmanna sem sinna eftirliti hjá matvælafyrirtækjum. Til að styrkja framkvæmd samræmingar hjá matvælafyrirtækjum var starfsviði eins starfsmanns innan *Matvælaöryggis-* og *neytendamálasviðs* breytt þannig að hann einbeiti sér að samræmingu opinberts eftirlits með aðföngum, lagarafurðum, búfjárafurðum og úrvinnslu þeirra, allt frá frumframleiðslu til tilbúinna vara. Lögð voru drög að framkvæmd samræmingarinnar til næstu ára sem og úrvinnslu gagna til stuðnings eftirlitinu úr eftirlitsgagnagrunninum ÍsLeyfi.

5.2.3. Eftirlit um borð í skipum og með aflameðferð við landanir

Matvælastofnun hafði samvinnu við Fiskveiðistjórnarsvið Fiskistofu sem felst m.a. í því að veiðieftirlitsmenn hafa í skýrslum sínum gert grein fyrir stöðu úrbóta á þeim athugasemdum sem Matvælastofnun hefur gert í reglubundnu eftirliti með vinnslu- og frystiskipum. Þetta lýtur að frávikum þar sem úrbótum hefur ekki verið sinnt og/eða geta skert öryggi afurða sem meðhöndlaðar eru um borð, verði frávikin ekki lagfærð innan skamms tíma. Þessar ábendingar eru hluti af skýrslu þess veiðieftirlitsmanns sem fór í veiðiferð með skipinu. Veiðieftirlitsmenn hafa um nokkurra ára skeið einnig fylgst með meðferð afla við landanir og mælt hitastig í lönduðum afla.

Í sumar var staðfestur samningur um samstarf Matvælastofnunar og Fiskistofu sem lýtur að upplýsingagjöf á sviðum þar sem eftirlit stofnananna snertist og stuðlar þannig að því að koma í veg fyrir tvöfalt eftirlit. Samningur þessi er gagnkvæmur og snertir starfsemi *Inn- og úflutningsskrifstofu*, aflameðferð um borð í skipum og við löndun, löndunaraðstöðu og upplýsingagjöf varðandi fiskeldi og fiskeldisstöðvar, auk þeirrar eftirfylgni um borð í vinnslu- og frystiskipum sem lýst er hér að framan.

Í sumar réði Matvælastofnun til sín fjóra menn til eftirlits á höfnum. Eftirlitið fór fram í júní og júlí á Suðvesturlandi, Vesturlandi og Norðurlandi en aðeins í júlímánuði á Vestfjörðum.

Eftirlitsmenn mældu hitastig afla og kynntu sjómönnum breytingu á reglugerð, þar sem kveðið er á um að hitastig afla skuli vera komið undir 4°C fjórum klukkustundum eftir að hann hefur verið tekinn um borð. (Reglugerð nr. 528/2012 tók gildi 1. september 2012.)

Þá voru löndunaraðstæður og aðstæður á fiskmörkuðum skoðaðar og fylgst var með aflameðferð við löndun og við flutning afla. Niðurstöður þessa eftirlits má nálgast á heimasíðu Matvælastofnunar undir *Eftirlitsniðurstöður*.

5.2.4. Skoðanir Matvælastofnunar í umboði rússneskra matvælayfirvalda

Matvælastofnun annast úttektir hjá íslenskum fyrirtækjum og vinnsluskipum sem óska eftir að gerast framleiðendur fyrir rússneskan markað. Samkomulag um þetta var gert í tveimur áföngum árið 2008 og 2009. Hefur þetta samstarf gengið vel um flest og hefur frekar dregið úr því að fyrirtæki óski þess að fá heimild til framleiðslu fyrir Rússland, enda nú þegar um 25% íslenskra fiskvinnslufyrirtækja og skipa samþykkt.

Í tengslum við inngöngu Rússlands í Alþjóðlegu viðskiptastofnunina WTO síðla sumars 2012 og til samræmingar varðandi viðskiptasamninga aðilarlanda Customs Union en í því samstarfi eiga Rússland, Hvíta-rússland og Kashakstan, hefur verið boðað, af hálfu Rússlands, að á þessu fyrirkomulagi muni þurfa að gera breytingar. Hugmyndir Customs Union landanna verða kynntar á fyrri hluta árs 2013.

5.2.5. Skráningar framleiðslufyrirtækja í löndum utan EES

Nokkur ríki utan EES hafa óskað eftir milligöngu Matvælastofnunar við samþykki á fyrirtækjum og vörum þeirra.

Það hefur færest í aukana að ríki utan EES óski sérstakrar skráningar framleiðslufyrirtækja sem framleiða vörur inn á þeirra markaði. Má þar nefna Brasilíu, Kóreu og Víetnam. Kína hefur nú bæst í hópinn og eiga allir aðilar sem stunda viðskipti við Kína að vera skráðir frá 1. október 2012. Framleiðendur sjávarafurða og þær vörutegundir sem fluttar hafa verið undanfarin ár til Kína verða skráð á lista sem tekur gildi 1. maí 2013. Viðbætur við framleiðenda- og vörulista munu fara um hendur Matvælastofnunar.

5.2.6 Eftirlitsheimsókn Eftirlitsstofnunar EFTA

Engin eftirlitsheimsókn vegna vinnslu sjávarafurða varð af hálfu ESA (Eftirlitsstofnunar EFTA) á árinu 2012. Síðasta heimsókn þeirra var í nóvember 2010. Brugðist hefur verið við öllum athugasemdum ESA og úrbætur eru vel á veg komnar.

Ekki liggur fyrir hvenær ESA hyggst næst koma í eftirlit með sjávarafurðum.

5.2.7 Opinberar sýnatökur

Sett var upp sýnatökuáætlun vegna fisks og fiskafurða fyrir árið 2012. Samkvæmt henni átti að taka sýni af afurðum til mælingar á þungmálmum, díoxínium, histamíni og örverum. Tilgangur greininganna var að sannprófa að matvæli uppfylltu þau viðmið sem sett eru í reglugerðum um aðskotaefni og örverur (nr. 265/2010 og nr. 135/2010). Matís sér um rannsóknir á aðskotaefnum í fiski sem veiddur er í hafinu umhverfis landið sem og vöktun á mengandi efnum í lífríki sjávar og var tilgangurinn einnig að staðfesta að aðskotaefni í unnu sjávarfangi sem veitt er við Ísland sé undir þeim viðmiðunarmörkum sem sett hafa verið.

Vegna fjárskorts var stærstum hluta þessara rannsókna slegið á frest eða fallið frá framkvæmdinni.

5.3. Fundir og fræðsla

5.3.1. Námskeið DG SANCO¹

Einn starfsmaður á *Matvælaöryggis og neytendamálasviði* sótti námskeið sem skipulagt var af DG SANCO í september. Námskeiðið bar yfirskriftina „Workshop on Hygiene and Control of Fishery products and LBM“.

5.4.2. TAIEX² aðstoð

Matvælastofnun hefur notið aðstoðar TAIEX til að skipuleggja fræðslu fyrir starfsmenn stofnunarinnar. Erlendir sérfræðingar með mikla reynslu á viðkomandi sviði hafa séð um fræðsluna. Þrjú námskeið voru haldin á árinu. Tveggja daga námskeið um reglugerð um örverufræðileg viðmið var haldið í mars, fjögurra daga námskeið um HACCP var haldið í maí og í september var haldið tveggja daga námskeið um kröfur til framleiðslu á skelfiski (lifandi samlokum).

Hinn 23.–25.maí 2012 var haldið grunnnámskeið í HACCP, námskeið sem 30 starfsmenn Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlisnefnda sóttu. Leiðbeinendur á námskeiðinu voru enskir sérfræðingar.

Starfsmenn sem vinna við eftirlit með fisk og fiskafurðum sóttu þessi námskeið.

¹ Aðalskrifstofa framkvæmdastjórnar EB á sviði heilsu og neytendamála (DG SANCO)
² Technical Assistance Information Exchange Instrument

5.4.3. Þjálfun skipulögð innan Matvælastofnunar fyrir starfsmenn

Í haust hófu 2 nýir starfsmenn störf við fiskeftirlit. Undirbúin var viðtæk áætlun um þjálfun þessara starfsmanna og hafa þeir fengið skipulagða þjálfun og fræðslu varðandi löggjöf, eftirlit og notkun skoðunarhandbókar (kröfugerð). Að þessari þjálfun hafa komið ýmsir starfsmenn jafnt innan sviðsins sem utan. Lögð hefur verið mikil áhersla á þjálfun í úttektum. Þjálfunardagskráin mun teygja sig vel inn á árið 2013. Þjálfunin hefur falist í fræðslu á fræðslufundum, námskeiðum og þjálfun á vettvangi.

6. Grænmeti og ávextir

Matvælastofnun fer með eftirlit með varnarefnaleifum í ávöxtum og grænmeti í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Eftirlitið er í samræmi við reglugerð nr. 672/2008 um varnarefnaleifar í matvælum og fódri og reglugerð nr. 736/2003 um sýnatökur og meðhöndlun sýna fyrir mælingar á aðskotaefnum í matvælum. Með reglugerð 758/2010 sem setur viðauka við reglugerð 672/2008 voru hámarksleifar varnarefna samræmdar því sem er í Evrópusambandinu og þar með á EES. Að auki setur reglugerð nr. 912/2012 um samræmda eftirlitsáætlun Evrópubandalagsins fyrir árin 2012, 2013 og 2014 með varnarefnaleifum nánar upp hvaða áherslur skuli setja í eftirlitinu á hverju ári.

6.1. Leyfisveitingar

Tafla IV.6.2: Upprunalönd sýna í varnarefnaeftirliti

Sýnattegund	Fjöldi
Spánn	63
Holland	54
Ísland	40
Bandaríkin	16
Chíle	9
Argentína	7
Kosta Ríka	7
Ekvador	7
Frakkland	7
Ítalía	7
Önnur lönd	58
Samtals:	275

Eftirlit með matvælafyrirtækjum sem dreifa grænmeti og ávöxtum er í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Matvælastofnun veitir leyfi til stofnræktunar á kartöfluútsæði sbr. reglugerð 455/2006 um kartöfluútsæði og veitir kartöflubændum leyfi til að selja útsæði til almennrar dreifingar (sjá kafla IV.3.).

6.2. Eftirlit

Árið 2012 voru tekin 275 sýni af ávöxtum og grænmeti, bæði af innfluttu og innlendri framleiðslu, til eftirlits með leifum varnarefna. 112 sýni voru tekin af ávöxtum, allt erlend framleiðsla og 163 af grænmeti, þar af voru 40 sýni af íslenskri framleiðslu en önnur sýni komu frá 33 mismunandi löndum, flest frá Spáni og Hollandi. 5 sýni að auki voru tekin til mælinga eftir að varnarefnaleifar greindust yfir hámarksgildum, samtals 280 sýni. Sýnatökur dreifðust á tímabilið frá byrjun febrúar fram í miðjan desember.

Flest fyrirtæki sem flytja inn ávexti og grænmeti eru staðsett á eftirlitssvæði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Matvælasvið Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur tók sýni tvisvar til fjórum sinnum í mánuði hjá innflutningsaðilum og dreifingaraðilum á höfuðborgarsvæðinu, 8-12 sýni í hverri sýnatökufærð.

Árið 2012 voru ekki tekin sýni vegna mælinga á nitrati í grænu blaðgrænmeti.

6.3. Rannsóknir

Matvælastofnun gerði samning við Matís ohf. um mælingar á varnarefnaleifum í ávöxtum og grænmeti. Varnarefnaleifar voru mældar á rannsóknastofu Matís ohf á Akureyri og voru sýni send til Akureyrar á sýnatökudegi.

Skimað var fyrir leifum 61 varnarefnis á rannsóknastofu Matís ohf.

Af sýnunum 275 mældust 188 (68%) án þeirra varnarefnaleifa sem skimað var fyrir. Önnur sýni innihéldu leifar eins eða fleiri efna, en 5 sýni reyndust innihalda leifar fjögurra mismunandi efna. Efnin sem oftast greindust voru ímasalil 38 (14%), þiabendasól 25 (9%), sýpródín 17 (6%), pýrimetaníl 12 (4,5%), klórpyrifos 10 (4%). Af þessum fimm efnum sem oftast greindust er eitt skordýraeitur (klórpyrifos) og hin eru sveppaeyðar/sveppaetitir.

Í þremur erlendum sýnum (1,1%) greindust leifar varnarefna yfir hámarksgildum. Frekari dreifing vörunnar var stöðvuð og fylgst með næstu tveimur sendingum frá sama framleiðanda, ef flutt var meira inn frá honum.

Af framangreindu má vera ljóst að ástand ávaxta og grænmetis á markaði héraðs er gott. Þó er brýn þörf á að fjölga þeim efnum sem skimað er fyrir. Krafa þar að lútandi kemur einnig fram í reglugerð 912/2012 (EB nr 1274/2011) um samræmda eftirlitsáætlun bandalagsins fyrir árin 2012, 2013 og 2014 til að tryggja að reglum um hámarksgildi sé fylgt og til að meta fæðutengd váhrif neytenda vegna varnarefnaleifa í og á matvælum af jurta- og dýraafurðum. Þar er einnig krafa um að skimað verði fyrir varnarefnaleifum í kornvöru og dýraafurðum. Ísland óskaði eftir fresti til 3 ára til að uppfylla kröfur um mælingar sem fram koma í þeirri reglugerð.

Ástæða er til að benda á að þau hámarksgildi sem sett eru fyrir varnarefni eru alla jafnan mjög lág og magn þeirra sem finnast kann í matvælum á að vera langt undir því sem hugsanlega gæti verið varasamt heilsu manna.

Tafla IV.6.1: Sýnafjöldi eftir flokkum ávaxta og grænmetis

Sýnategund	Fjöldi
Aldingrænmeti	50
Rótarávextir	35
Ýmis aldin (bananar, kíví, ananas)	31
Sítrusávextir	29
Kál	27
Kjarnaávextir (epli, perur)	26
Blaðgrænmeti (spínat kryddjurtir)	19
Ber	18
Stöngulgrænmeti (sellerý, blaðlaukur)	13
Laukur	10
Steinaldin (ferskjur, plómur)	8
Ertur og baunir	6
Sveppir	3
Samtals:	275

7. Kjöt og kjötafurðir

Sláturhús með starfsemi á árinu voru 16. Fuglasláturhúsið Þernuklettur hætti starfsemi á árinu þannig að í lok árs voru 15 sláturhús starfandi.

Tafla IV.7.1: Magn slátrunar hjá sláturleyfishöfum og hlutdeild markaðar

Sláturleyfishafi	Hross		Nautgripir		Sauðfé		Svín		Alifuglar	
	stk.	kg.	stk.	kg.	stk.	kg.	stk.	kg.	stk.	kg.
Sláturfélag Suðurlands	3.812	569.710	5.371	971.434	105.095	1.786.189	9.974	771.676		
Sláturhús KVH	1.686	211.907	1.262	249.532	90.537	1.573.967				
SAH Afurðir	2.960	325.086	1.951	363.277	102.829	1.756.382				
Kaupfélag Skagfirðinga	1.675	242.332	1.373	245.163	112.617	1.884.082				
Norðlenska / Norðl. Höfn	125	18.727	4.885	889.695	112.494	1.893.386	10.999	892.571		
B. Jensen	344	58.813	1.692	328.703			6.111	531.487		
Sláturhúsið Hellu	664	74.175	5.270	991.958			85	7.115		
Sláturfélag Vopnfirðinga	13	2.631	328	73.073	30.327	514.071				
Fjallalamb					31.499	512.807				
Stjörnugrís							46.104	3.650.890		
Ísfugl									757.300	1.296.400
Matfugl									2.102.723	3.125.969
Reykjagarður									2.150.539	3.412.575
Samtals	11.279	1.503.381	22.132	4.112.835	585.398	9.920.884	73.273	5.853.739	5.010.562	7.834.944

7.1. Leyfisveitingar

Ekki voru veitt ný starfsleyfi til sláturhúsa á árinu.

7.2. Eftirlit

Daglegt eftirlit er á höndum héraðsdýralækna. Sérgreinadýralæknir fór einnig í húsin mismunandi oft eftir eðli og umfangi starfsemi. Framkvæmdar voru úttektir á innra eftirliti og á störfum héraðs- og eftirlitsdýralækna. Umtalsverðar breytingar til batnaðar hafa orðið í sláturhúsum á árinu 2012. Framkvæmd eftirlits með kjöt- og mjólkurvinnslum var með hliðstæðum hætti og áður. Við úttektir var notuð ný skoðunarhandbók Matvælastofnunar um matvæli úr dýraríkinu.

Sérfræðingur sem var ráðinn til starfa seint á árinu 2010 til að mæta aukinni eftirlitsþörf þegar kjöt- og mjólkurvinnslur færðust yfir til MAST hefur aðallega starfað með héraðsdýralæknum í Suðvestur- og Suðurlandshöfum, og sinnir nú reglulegu eftirliti í kjöt- og mjólkurvinnslum, ásamt héraðsdýralæknum. Hann sinnir auk þess ýmsum verkefnum á aðalskrifstofu sem tengjast eftirliti, sýnatökum og fræðslu.

Öll sláturhús, kjötvinnslur og mjólkurstöðvar sem ekki uppfylltu skilyrði í lok árs 2011 hafa fengið skilyrt eða fullnaðarleyfi í lok árs 2012.

7.2.1. Yfirkjötmát

Yfirkjötmát Matvælastofnunar nær til kinda-, stórgripa- og svínakjöts og er fjórþætt:

- Mótun reglna um kjötmát
 - Hafa forystu um mótun á reglum um gæðamat og flokkun á kjöti og fylgjast með nýjungum.
- Skipun kjötmatsmanna og fræðsla
 - Skipuleggja námskeið fyrir kjötmatsmenn sláturhúsa.
 - Meta hæfni þeirra.
 - Leiðbeina þeim og samræma störf þeirra með reglubundnum hætti.
- Yfirmat
 - Skera úr ágreiningi um kjötmát og störf kjötmatsmanna.
- Söfnun upplýsinga
 - Sjá til þess að safnað sé upplýsingum um gæðamat á kjöti og að þær séu til reiðu á aðgengilegu formi.

Árið 2012 var haft eftirlit með kjötmati í 12 sláturhúsum á vegum 10 sláturleyfishafa. Stórgripum var slátrað í 9 þeirra, svínunum í 5 og sauðfé í 8 sláturhúsum. Í þessum húsum eru alls 33 kjötmatsmenn skráðir með réttindi. Sláturhúsin voru heimsótt, kjötmatið tekið út og kjötmatismönnum leiðbeint. Framkvæmd kjötmatins var með eðlilegum hætti en í nokkrum ágreiningsmálum fór fram yfirmat.

Við upphaf sauðfjárslátrunar í ágúst voru haldin samræmingarnámskeið fyrir kjötmatsmenn sem störfuðu í sláturtíðinni. Námskeið fyrir matsmenn stórgripakjöts var haldið í nóvember. Námskeiðið var einnig nýtt sem símenntunarnámskeið fyrir kjötiðnaðarmenn í samvinnu við IÐUNA fræðslusetur.

Fagsviðsstjóri og yfirkjötmatismaður tóku þátt í samræmingaræfingu í EUROP-mati á lambaskrokkum með norskum, breskum og sænskum yfirkjötmatismönnum í byrjun ágúst. Æfingin fór fram í Noregi.

Ytri úttekt á kjötmati lambaskrokka fór fram í sex sauðfjársláturhúsum dagana 24.-28.9.2012. Til verkefnisins voru fengnir tveir erlendir yfirkjötmatsmenn, frá Englandi og Noregi, þeir sömu og unnu sambærilega úttekt árið 2011. Heildarniðurstöðurnar sýna, líkt og í fyrri úttekt, að EUROP-matið á Íslandi er ágætlega sambærilegt við það sem gerist í nágrennalöndunum. Samræmi í matinu hafði batnað frá fyrra ári.

Af niðurstöðum kjötmatssauðfjár má nefna að árið 2012 var meðalvigt sláturlamba sú hæsta í sögunni eða 16,28 kg, 0,50 kg hærrí en 2011 en árið 2010 var hún 15,94 kg. Framleiðsla lambakjöts jókst um 289,4 tonn (3,4%) milli ára þrátt fyrir áföllin norðanlands í óveðrinu í september. Holdfyllingarmat var áfram að meðaltali mjög gott. Hlutfall skrokka í tveimur bestu flokkunum (E og U) 2012 var svipað (26,8%) og 2011 (27,2%). Fitustig hækkaði nokkuð. Hlutfall feitustu flokkanna (fitufl. 3+, 4 og 5) fór úr 10,2% í 11,2% og hlutfall í fituflokki 2 lækkaði úr 47,2% í 44,6%.

Innlagðir skokkar af fullorönu fé árið 2012 voru 45.991 (1.171.583 kg).

Framleiðsla á nautgripakjöti var 4.112,8 tonn, 254,6 tonnum (6,6%) meiri en 2011 og var aukningin meiri í ungnautakjöti en kýrkjöti. Skipting í matsflokkka var svipuð og árið áður.

Árið 2012 fóru 10,7% ungnautaskrokka í úrvalsflokk en 9,9% árið 2011.

Framleiðsla grísakjöts dróst saman um 190,7 tonn (3,2%) milli ára og hefur ársframleiðslan minnkað um 460 tonn síðan 2009.

Framboð af hrossum til slátrunar jókst mjög þegar líða tók á árið 2011 og hélst sú þróun árið 2012. Hrossaslátrun jókst milli ára um 4239 gripi (60,2%) og kjötframleiðslan um 624,8 tonn (71,1%). Alls var slátrað 11.279 hrossum árið 2012 og innvegið hrossakjöt nam 1.503.381 kg.

Nánari upplýsingar um skiptingu kjöttegunda í matsflokkka eru birtar í töflum í Viðauka 3 (VIII.3).

7.3. Rannsóknir

Aðskotaefnasýni voru tekin skv. eftirlitsáætlun MAST. Þau voru greind á Keldum, hjá Matís og erlendum rannsóknarstofum. Niðurstöður voru allar fullnægjandi.

Einnig voru tekin vatnssýni til eftirlits í sláturhúsunum og vinnslusölum þeirra. Þær niðurstöður voru í flestum tilfellum fullnægjandi og alltaf eftir rannsókn á aukasýni eftir að úrbætur höfðu verið gerðar.

7.4. Fundir og fræðsla

Sérgreinadýralæknir og sérfræðingur sóttu í byrjun árs 2012 Norræna eftirlitsráðstefnu í Finnlandi. Auk þess sótti sérgreinadýralæknir námskeið á vegum BTSF í eftirliti með lyfjaleifum og aðskotaefnum og tók þátt í fræðslufundi MAST um sama efni. Einnig sótti sérgreinadýralæknir námskeið á vegum TAIEX um súnur.

Sérgreinadýralæknir fundaði ásamt héraðsdýralækni Suðvesturumdæmis með kjötiðnaðarmeisturum um Evrópu-reglugerðir og áhrif þeirra á kjötvinnslur á Íslandi.

8. Mjólk og mjólkurafurðir

Tafla IV.8.1: Mjólkurstöðvar sem taka á móti hrámjólk.

Mjólkurstöðvar með starfsemi á árinu voru 8.	Mjólkurstöð	Fjöldi kúabænda	Innvigtun (L)
Mjólkurstöðvarnar Mjólka ehf., Mjólkubúið Kú ehf. og Biobú ehf., kaupa mjólk frá MS í sína framleiðslu.	MS-Reykjavík	86	15.350.048
	MS-Búðardal	41	4.342.417
	Mjólkursamlag KS	53	12.231.345
	MS - Akureyri	212	38.208.303
	MS-Egilsstöðum	39	7.712.610
	MS-Selfossi	236	47.248.265
Vesturmjólk hætti framleiðslu á árinu.	Samtals	667	125.056.734

Mjólkurstöðvarnar Mjólka ehf., Mjólkubúið Kú ehf. og Biobú ehf. fengu mjólk frá MS í sína framleiðslu.

Auk þessa voru nokkrir smáframleiðendur með samtals um 50 þúsund lítra innvigtun.

Innvigtun jókst á milli ára um 363.000 lítra og framleiðendum fækkaði um 15.

8.1. Leyfisveitingar

Skipulagsbreytingum er að mestu lokið hjá stærstu stöðvunum, en stöðug þróun og breytin á framleiðsluþáttum og tækjabúnaði eiga sér stað. Nýjar minni stöðvar eru að skjóta rótum á markaði sem er í mikilli þróun. Vesturmjólk hætti starfsemi eftir skamman starfstíma.

8.2. Eftirlit

Eftirlit er á höndum héraðsdýralækna og starfsmanna þeirra, en sérfræðingur hefur einnig komið að nokkrum heimsóknum. Byrjað var á árinu 2010 að styðjast við nýjan gátlista en skoðunarhandbók MAST um matvæli úr dýraríkinu, sem byrjað var að nota á seinni hluta árs 2011, hefur reynst vel á árinu 2012.

Niðurstöður eftirlits eru yfirleitt viðunandi og staða greinarinnar góð.

8.3. Rannsóknir

Tekin voru aðskotaefnasýni af mjólk hjá framleiðendum skv. eftirlitsáætlun MAST. Sýnin eru tekin í samstarfi við héraðsdýralækna í hverju umdæmi og er sýnatöku dreift um landið og stjórnað þannig að hún gefi sem gleggsta mynd af ástandinu á hverjum tíma. Sýnin eru greind bæði hvað varðar fúkalyfjaleifar og óæskileg aðskotaefni. Sýnin eru rannsókuð bæði hjá innlendum viðurkenndum rannsóknarstofum (Keldur og Matís) og erlendis. Niðurstöður eru oftast innan greiningarmarka og allar innan viðmiðunarmarkna.



9. Skelfiskur

Eftirlit með skelfiski tekur til veiða, ræktunar og framleiðslu lifandi samloka, skrápdyra, möttuldýra og sæsnigla eða kræklinga, kúfiskel, ígulkeru, beitukóngs og sæbjúgna. Eftirlitið nær til veiði- og ræktunarsvæða með könnun á hugsanlegum mengunarefnum með heilnæmiskönnun og til reglubundins eftirlits á eitruðum þörungum og á þörungaeitri í skelfiski á svæðum sem hafa verið opnuð til uppskeru.

9.1. Áhættuþættir skeldýra

Vöxtur og viðkoma skelfisks, hvort sem er villtur eða ræktaður, er háður náttúrulegri fæðu og þeim umhverfisaðstæðum sem ríkja á veiði- eða ræktunarsvæði. Skelfiskur (samlokur) sía til sín fæðu í sjó og endurspeglar skelfiskur því vel aðstæður í sjó á vaxtarstað s.s. þungmálma, örverur og þörungaeitur. Neysla skelfisks getur verið varasöm ef ekki væri til staðar eftirlit með veiði- og ræktunarsvæðum og með veiði/uppskeru hans. Skelfiskur er oft borðaður hrár og það eykur hættu á sýkingum af völdum örvera einkum *E. Coli*, salmonellu og veira ss. Noroveira, sérstaklega ef skelin kemur af menguðum strandsvæðum.

9.1.1 Þörungaeitur

Stærsti áhættuþátturinn við skelfiskneyslu er þörungaeitur, en af þeim þúsundum tegunda þörungum sem þekktir eru í sjó geta nokkrar tegundir valdið eitrun í skelfiski sem er hættuleg fyrir neytandann, en eitrið hefur hins vegar lítil sem engin áhrif á skelfiskinn sjálfan. Tegundir eitraðra þörungum sem valda ASP, PSP og DSP eitrun hafa fundist við Ísland.

Áhrif PSP-eitrunar eru í því fólgin að eitrið truflar natríumbúskap taugafruma, sem leiðir af sér truflun á taugaboðum og getur valdið lómum, öndunarerfiðleikum og jafnvel dauða. Einkenni ASP-eitrunar koma fram nokkrum dögum eftir að eitraðs skelfisks hefur verið neytt, en þau einkennast af ógleði og niðurgangi, minnisleysi og jafnvel dauða. ASP hefur enn ekki greinst í skelfiski við Ísland.

DSP-eitrun lýsir sér í ógleði, uppköstum, þrautum í kviðarholi og niðurgangi. Einkenna verður vart skömmu eftir að menn hafa neytt eitraðs skelfisks. Bati næst yfirleitt innan þriggja sólarhringa, en afleiðingar ASP- og PSP-eitruna geta verið alvarlegri.

9.2. Leyfisveitingar

Matvælastofnun annast leyfisveitingar til skelræktenda samkvæmt lögum nr. 90/2011. Leyfisveitingar vegna eldis skeldýra féll áður undir lög um fiskeldi sem var undir umsjón Fiskistofu. Leyfisveiting Matvælastofnunar til skelræktenda er tvíþætt. Annars vegar er veitt ræktunaleyfi til 10 ára í senn og hins vegar tilraunaleyfi sem er veitt til 3 ára í senn með möguleika á framlengingu. Matvælastofnun veitir jafnframt vinnsluleyfi fyrir „Afgreiðslustöð“ vegna framleiðslu á lifandi skelfiskafurðum.

9.2.1. Uppskeruheimild

Matvælastofnun veitir heimild til uppskeru eða nýtingar á skelfiski og skyldum tegundum. Forsenda uppskeruleyfis er heilnæmiskönnun á veiði- eða ræktunarsvæðum þar sem mengunarvaldar eru kannaðir. Að henni lokinni eru svæðin flokkuð í A,B,C flokk eftir örverumengun.

Samkvæmt reglugerð nr. 104/2010 er svæði flokkað sem A svæði ef fjöldi *E.coli* er undir 230 í holdi skelfisks. Eingöngu er heimilt að markaðssetja lifandi skelfisk af A-svæði. Skelfiskur frá B og C svæðum verður fara í umlagningu (hreinsun) þar til hann uppfyllir kröfur sem gerðar eru til skelfisks af A svæði, ef markaðssetja á hann lifandi. Skelfisk frá B og C svæðum má setja á markað að undangenginni hitameðhöndlun.

Uppskeyrið hefur verið frá tveimur kræklingaræktarsvæðum í Breiðafirði og Eyjafirði undanfarnin ár og hafa þau haft uppskeruheimild nánast allt árið. Í ár hefur framleiðslusvæðum fjölgað umtalsvert (sjá *Töflu IV.9.1*) og er viðbúið að fjölgunin haldi áfram á næstu árum. Auk þess hafa tvö svæði, Breiðafjörður og Bitrufjörður, verið nýtt til veiða og markaðssetningar á lifandi ígulkerum. Einnig hafa verið stundaðar veiðar á beitukóng og sæbjúgum í Faxaflóa og Breiðafirði.

9.2.2. Viðurkenning framleiðslusvæða

Fram til þessa hafa 7 svæði verið viðurkennd til Kúfiskveiða á undanförunum árum og þau flokkuð. Öll svæðin hafa fengið A-flokkun þar sem örverumengun hefur reynst óveruleg. Kúfiskel er ekki nýtt lengur á þessum svæðum nema á einu svæði þar sem tilraunir standa yfir með veiðar og markaðssetningu á lifandi kúfiskel.

Vegna kræklingaræktar hafa 11 svæði verið heilnæmiskönnuð og flokkuð m.t. til örverumengunar og hafa þau hafa öll fengið A-flokkun.

Að lokinni heilnæmiskönnun geta ræktendur / veiðimenn sótt um uppskeruheimild til Matvælastofnunar, en uppskeruheimildin byggir á að greiningar á þörungaeitri í skelfiski sýni fram á að magn þörungaeiturs sé undir þeim viðmiðunarmörkum sem sett hafa verið. Viðkomandi ræktunarsvæði er þá opnað og er gildistími uppskeruleyfis 1 vika á sumri og 4 vikur að vetri en svæðin lokast síðan aftur, nema ný sýnatoka og greiningar komi til samkvæmt áhættumati. Við ákvörðun á tíðni þörungaeitursgreininga er tekið mið af samsetningu þörungagróðurs í sjónum á viðkomandi hafsvæði.

Samhliða þörungaeitursgreiningum í skel er fylgst með eitruþörungum á framleiðslusvæðum, en Hafrannsóknarstofnun annast greiningar á þeim fyrir Matvælastofnun.

Framleiðslusvæði eru einnig undir reglubundnu eftirliti Matvælastofnunar þar sem fylgst er með örveruinnhaldi í skel (*E. coli* og salmonellu) og mengunarefnum (þungmálum).

Tafla IV.9.1: Flokkun framleiðslusvæða og framleiðsla á lifandi skel 2012

Framleiðslusvæði	Flokkun svæðis	Tegund	Staða svæðis	Framleiðsla á lifandi skel (kg)
Álftafjörður	A	Bláskel	Lokað	0
Breiðafjörður	A	Bláskel	Opið	22.000
Eyjafjörður	A	Bláskel	Opið	8.934
Faxafló	A/B	Bláskel	Opið	50
Hvalfjörður	A	Bláskel	Lokað	0
Hvammsfjörður	A	Bláskel	Lokað	0
Króksfjörður	A	Bláskel	Lokað	0
Mjóifjörður	A	Bláskel	Opið	130
Patreksfjörður	A	Bláskel	Lokað	0
Steingrímsfjörður	A	Bláskel	Opið	31.921
Tálknafjörður	A	Bláskel	Lokað	0
Þistilfjörður	A	Kúfiskel	Opið	8675
Samtals:				71.710

9.3. Eftirlit

Eftirlit með eitruþörungum var viðhaft á 6 svæðum við landið í samvinnu Matvælastofnunar og Hafrannsóknarstofnunar. Í Eyjafirði, Breiðafirði, Steingrímsfirði og Mjóafirði var fylgst með þessum þáttum vegna ræktunar og framleiðslu á ræktuðum kræklingi og í Breiðafirði vegna veiða á beitukóng og ígulkerum. MAST hefur einnig eftirlit með þörungum í sjó á svæðum eins og Hvalfirði sem eru nýtt af almenningi til skelfisktekju. Af eitruþörungum sem finnast hér við land eru eru tvær tegundir eitrumyndandi, *Alexandrium* þörungur sem mynda PSP eitru og *Dinophysis* þörungur sem mynda DSP eitru. *Pseudo-nitzschia* þörungur sem geta myndað ASP eitru eru ekki eitrumyndandi hér við land.

10.3.1 Niðurstöður eftirlits

Eitruþörungur fundust á öllum svæðum í sumar og voru þeir eins og síðastliðin ár viðvarandi allt sumarið og fram á haust. Fjöldi eitruþörungum var hins vegar lítil í Breiðafirði og uppsöfnun þörungaeiturs hverfandi í skelfiski. Hins vegar var staðan allt önnur við norðanvert landið t.d. í Eyjafirði en þar komu *Alexandrium* þörungur upp í byrjun maí og hurfu ekki fyrr enn um miðjan október. PSP lömunareitrun yfir viðmiðunarmörkum var því viðvarandi í kræklingi allt sumarið og hófst framleiðsla ekki aftur fyrr enn í byrjun október í Eyjafirði. Árið 2011 var mjög áþekkt því ástandi sem ríkti 2012,

en hins vegar var 2010 mjög ólíkt þessu. PSP eitur greindist yfir viðmiðunarmörkum í einu sýni af kræklingi frá Eyjafirði árið 2010 og var það eina sýnið sem greinist yfir mörkum það árið. Sumarið 2009 var mjög keimlíkt 2011 og 2012 en þá voru *Alexandrium* þörungur í miklu magni í sjó og voru viðvarandi frá júní og fram í september. Í kjölfarið greindist PSP eitur í miklu magni í krækling.

Tafla IV.9.2: Eftirlitsniðurstöður 2012

Svæði		Greiningar á eiturþörungum og þörungaeitri				Lokað v. eitrunar
		Heildarfjöldi sýna	Jákvæð sýni	Yfir viðmiðunarmörkum	Tímabil jákvæðra sýna	
Breiðafjörður	Eiturþörungur	30	16	5	Jún-Okt	0
	Þörungaeitur	11	3	0	Júlí-Ágúst	
Eyjafjörður	Eiturþörungur	29	23	16	Feb-Okt	5 mánuðir
	Þörungaeitur	10	9	4	Apr-Okt	
Steingrímsfjörður	Eiturþörungur	9	4	0	Apr-Des	4 mánuðir
	Þörungaeitur	6	5	3	Mai-Júl	
Mjóifjörður	Eiturþörungur	15	8	2	Jún-Águ	2 mánuðir
	Þörungaeitur	2	1	0	Júní	
Hvalfjörður	Eiturþörungur	2	10	7	jún-Nov	5 mánuðir
	Þörungaeitur	16	2	1	Jún-Okt	
Þistilfjörður	Eiturþörungur	5	0	0	-	0
	Þörungaeitur	6	2	0	Okt-Nov	

9.4. Fundir og fræðsla

TAIEX aðstoð: Matvælastofnun hefur notið aðstoðar TAIEX (Technical Assistance Information Exchange Instrument) á árinu til að tryggja fræðslu og þjálfun fyrir opinbera starfsmenn, starfsfólk rannsóknarstofa og skelræktendur.

- „Expert mission 11-14 sept“ þar sem sérfræðingar frá Írlandi fóru yfir íslenska eftirlitskerfið með lifandi samlokum.
- „Workshop on LBM 17-19 sept“ Námskeið haldið af TAIEX, en þátttakendur voru auk starfsmanna Matvælastofnunar frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga, Matís og Sýni, ásamt skelræktendum.

10. Markaðseftirlit

Opinbert eftirlit með matvælum á markaði er í höndum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar, skv. lögum um matvæli nr. 93/1995. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga (HES) starfa að matvælaeftirliti á vegum heilbrigðisnefnda. Landinu er skipt upp í 10 heilbrigðiseftirlitssvæði og eru þau óbreytt milli ára.

Mynd IV.10.1: Heilbrigðiseftirlitssvæði

Svæðaskipting	Skammstöfun	Heilbrigðiseftirlitssvæði
	HHK	Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
	HER	Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar
	HKJ	Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis
	HVL	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
	HVF	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
	HNV	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
	HNE	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
	HAUST	Heilbrigðiseftirlit Austurlands
	HSL	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
	HSN	Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja

HHK annast einnig eftirlit í Garðabæ og Álftanesi. HKJ annast eftirlit í Mosfellsbæ, á Seltjarnarnesi og í Kjós.

Í lok hvers árs gerir hvert Heilbrigðiseftirlitssvæði eftirlitsáætlun fyrir komandi ár þar sem gerð er grein fyrir eðli og tíðni eftirlits á svæðinu. MAST tekur saman eftirlitsáætlun HES, samræmir og birtir. Þá skila heilbrigðiseftirlitin einnig inn niðurstöðum úr eftirliti frá fyrra ári til MAST. Þar eiga að koma fram upplýsingar um fjölda eftirlitsstaða, fjölda eftirlitsferða og tegund og eðli staðfesta brota. MAST sér um að safna niðurstöðunum saman og vinna úr þeim.

10.1. Vatnsveitur

HES hefur eftirlit með öllum neysluvatnsveitum á landinu að undanskildum þeim sem þjóna færri en 50 manns eða minna en 20 íbúðum eða sumarbústöðum. Allar vatnsveitur sem þjóna matvælaefyrirtækjum eru undir eftirliti HES. Þannig eru t.d. allar vatnsveitur sem þjóna býlum sem framleiða afurðir til manndis undir eftirliti, enda slík býli skilgreind sem matvælaefyrirtæki. Árið 2012 voru vatnsveitur 680 og skiptust á heilbrigðiseftirlitssvæði eins og sjá má í *Töflu IV.10.1*.

Tafla IV.10.1: Eftirlit með vatnsveitum; framleiðsla og þökkun; og heildsölu, innflutningi og flutningi

Svæði	Vatnsveitur		Framleiðsla og þökkun		Heildsala, innflutningur, flutningur	
	Eftirlitsstaðir*	Heimsóttir	Eftirlitsstaðir*	Heimsóttir	Eftirlitsstaðir*	Heimsóttir
HHK	7	100%	36	97%	30	97%
HER	1	100%	43	100%	104	54%
HKJ	11	100%	7	86%	4	75%
HVL	90	88%	15	100%	5	60%
HVF	36	97%	10	100%	6	67%
HNV	105	81%	13	92%	7	100%
HNE	165	58%	43	95%	6	100%
HAUST	119	54%	25	76%	9	89%
HSL	138	76%	75	83%	12	67%
HSN	8	100%	18	89%	5	80%
Samtals	680	72%	285	91%	188	68%

* Fjöldi eftirlitsstaða um áramót.

10.2. Framleiðsla og þökkun

Undir eftirliti heilbrigðiseftirlitssvæða eru fyrirtæki sem flokkast undir „Framleiðsla og þökkun“, en undir það falla fyrirtæki sem framleiða grænmeti og ávexti, drykkjarvörur, brauð og kökur, sælgæti, krydd, aukefni og bragðefni, salat og samlokur, sósur, sultur og grauta. Alls voru 285 fyrirtæki í þessum flokki árið 2012 og heimsótti HES 91% þeirra á árinu (sjá *Töflu IV.10.1*).

10.3. Heildsala, innflutningur og flutningur

Til fyrirtækja sem flokkast undir „Heildsölu, innflutning og flutningur“ hjá heilbrigðiseftirlitssvæðum teljast m.a. vörugæmslur, vöruhótel og vöruflytningamiðstöðvar. Alls voru 188 fyrirtæki í þessum hópi árið 2012 og heimsótti HES 68% þeirra á árinu (sjá *Töflu IV.10.1*). Vert er að benda á að sum fyrirtæki í þessum flokki eru með starfstöðvar á fleiri en einum stað á landinu, en hver starfsstöð er undir eftirliti á því heilbrigðiseftirlitssvæði sem hún tilheyrir.

10.4. Smásalar

Til smásala teljast meðal annars allar matvöruverslanir og stórmarkaðir með og án vinnslu matvæla, söluturnar með eða án meðhöndlunar á óvörðum matvælum, matsöluvagnar, fiskbúðir með og án vinnslu matvæla, brauðbúðir með og án bakaría sem og önnur smásala á matvöru og drykkjum í sérvöruverslunum, lyfjabúðum, heilsuræktarstöðvum og bensínstöðvum. Alls voru 753 fyrirtæki í þessum flokki árið 2012 og heimsótti HES 79% þeirra á árinu (sjá *Töflu IV.10.2*).

Tafla IV.10.2: Eftirlit með smásölu, stórelldhúsum og öðrum eftirlitsþegum

Svæði	Smásalar		Stórelldhús		Aðrir eftirlitsþegar	
	Eftirlitsstaðir*	Heimsóttir	Eftirlitsstaðir*	Heimsóttir	Eftirlitsstaðir*	Heimsóttir
HHK	107	79%	273	81%	63	52%
HER	314	83%	820	97%	0	
HKJ	14	64%	36	67%	8	50%
HVL	26	96%	136	97%	81	65%
HVF	28	75%	136	52%	103	51%
HNV	26	77%	97	100%	78	77%
HNE	66	77%	185	74%	0	
HAUST	39	69%	131	98%	37	65%
HSL	100	65%	310	97%	125	69%
HSN	33	91%	108	95%	0	
Samtals	753	79%	2.232	95%	495	63%

* Fjöldi eftirlitsstaða um áramót.

10.5. Stórelldhús

Stórelldhús eru allir matsölustaðir, skyndibitastaðir, mötuneyti og móttökueldhús (s.s. hótél, dvalarheimili, skólar, leikskólar, sjúkrahús og vinnustaðir), mötuneyti með útseldan mat, sala á tilbúnum mat, krár og kaffihús með matsölu. Alls voru 2.232 fyrirtæki í þessum flokki árið 2012 og heimsótti HES 95% þeirra á árinu (sjá *Töflu IV.10.2*).

10.6. Aðrir eftirlitsþegar

Önnur fyrirtæki sem falla undir matvælaeftirlit HES eru t.d. fyrirtæki með tímabundna starfsemi s.s. bændagisting, félagsheimili, samkomusalir og önnur starfsemi þar sem matvælum er dreift hvort sem er í ábataskyni eður ei. Alls voru 495 fyrirtæki í þessum flokki árið 2012 og heimsótti HES 63% þeirra á árinu (sjá *Töflu IV.10.2*).

10.7. Önnur verkefni

Auk reglubundins eftirlits sér HES einnig um að taka sýni af matvælum til rannsókna. Árið 2012 tók HES 1.949 sýni sem voru skoðuð með tilliti til örvera, aðskotaefna, efnasamsetningar, o.fl. Þar af voru 1.205 sýnatökur vegna neysluvatns eða 58% af öllum sýnatökum. 7,6% neysluvatnssýna reyndust vera yfir viðmiðunarmörkum. Þá voru einnig tekin sýni vegna umbúðamerkinga og voru 469 brot skráð vegna brota á merkingarreglugerðum eða rúm 80% sýnanna.

Í *Töflu IV.10.3* má sjá að 6% sýna reyndust vera yfir viðmiðunarmörkum eða stóðust ekki kröfur reglugerða.

Tafla IV.10.3: Sýnatökur HES af matvælum til rannsókna 2012

Greiningar á sýnum	Fjöldi sýna v. neysluvatns	Fjöldi brota v. neysluvatns	Heildarfjöldi sýna	Heildarfjöldi brota	Tíðni brota
Örverur	1.030	91	1.327	119	9%
Aðskotaefni	0	0	4	0	0%
Efnasamsetning	124	0	124	0	0%
Aðrir greiningarþættir	511	0	494	3	0,6%
Samtals	1.665	91	1.949	122	6%

Eins og þessi kafli gefur til kynna er markaðseftirlit HES afar viðamikil og tekur á mörgum þáttum, fyrirtækin eru misstór og starfsemin kallar á mismikil eftirlit. Þá er ljóst að auk fjölda eftirlitsþega verður einnig að horfa til stærðar heilbrigðiseftirlitssvæðanna en þau spanna sum gríðarlega víðfeðm svæði sem geta verið erfið yfirferðar stóran hluta ársins.

11. Nefndarstörf

11.1 Samstarf við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga

Matvælastofnun hefur yfirumsjón með matvælaeftirliti heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga (HES). Matvælastofnun hefur beint eftirlit með frumframleiðslu á matvælum og inn- og útflutningi en markaðseftirlit er í höndum sveitarfélaga.

Matvælahópur heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Matvælastofnunar hélt fimm fundi á árinu. Í hópnum eru nú 10 fulltrúar, 8 frá HES og 2 frá MAST. Jafnframt eru kallaðir til sérfræðingar í þeim málum sem um er rætt hverju sinni. Erindisbréf hópsins var endurskoðað á árinu. Samkvæmt því er markmið hans að stuðla að samráði og samhæfingu milli MAST og HES og tryggja upplýsingaflæði milli aðila. Hópurinn skal sjá um samráð vegna samræmingar og framkvæmdar eftirlits með matvælum, taka upp vandamál sem upp koma í eftirliti og leita leiða til að leysa þau, skipuleggja samræmd eftirlitsverkefni, taka þátt í skipulagi menntunar / þjálfunar þeirra sem starfa við opinbert matvælaeftirlit og vera vettvangur upplýsingamiðlunar um matvælaöryggis- og eftirlitsmál. Hann er einn helsti samstarfsvettvangur MAST og heilbrigðiseftirlitsins, auk vorfundar með framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlitssvæðanna tíu, haustfundar með öllum heilbrigðisfulltrúum og annarra samskipta vegna sameiginlegra verkefna. Jafnframt sækja verðandi heilbrigðisfulltrúar námskeið hjá Matvælastofnun, í samvinnu við Umhverfisstofnun. Eftirlitsverkefni eru unnin í samvinnu Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Verkefni eru mikilvægur samstarfsvettvangur MAST og allra heilbrigðiseftirlitssvæðanna, þar sem kastljósi er beint að ákveðnum þáttum í matvælaeftirliti á öllu landinu á sama tíma eða unnið er að samræmingu eftirlits s.s. með gerð viðmiðunarreglna.

Árið 2012 voru eftirlitsverkefni þessi:

- Rekjanleiki
- Innra eftirlit
- Sjálfsafgreiðslubarir

Nánari upplýsingar um þessi verkefni og niðurstöður þeirra er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar.

11.2 Samráðshópur MAST / UST / SHÍ

Forstöðumenn matvælaöryggis- og neytendamálasviðs og stjórnsýslusviðs Matvælastofnunar voru fulltrúar stofnunarinnar í samráðshópi Matvælastofnunar, Umhverfisstofnunar og Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi. Matvælastofnun hóf þátttöku í starfi hópsins árið 2010, en honum er ætlað að fjalla um ýmis sameiginleg málefni þessara aðila, t.d. skipulagningu á vorfundum og haustfundum. Hópurinn heldur tvo til fjóra fundi á ári.

11.3 Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir

Forstöðumaður matvælaöryggis- og neytendamálasviðs er varamaður í nefndinni.. Sjá *V.11.1*.

11.4 Önnur nefndarstörf

- Sérfræðingar matvælaöryggis- og neytendamálasviðs sátu í norrænum fastanefndum um eftirlit og löggjöf og um aðskotaefni.
- Staðgengill forstöðumanns sótti fund hjá ESA í Brussel um ráðgert eftirlit stofnunarinnar á árinu 2013.

1. Um heilbrigði og velferð dýra

Almennt má segja að sjúkdómsástand íslenska dýrastofnsins hafi verið með ágætum á árinu 2012. Þó komu upp nokkur tilfelli af smitsjúkdómum sem vert er að gera grein fyrir.

Varðandi riðuveiki þá hefur hefðbundin riða ekki greinst síðan hún greindist á einu búi á Suðurlandi árið 2010. Loksins er að sjást árangur af áratugalangri baráttu gegn þessum helsta smitsjúkdómi hér á landi. Það er þó mikilvægt að allir geri sér grein fyrir að í engu má slaka á vörnum gegn útbreiðslu sjúkdómsins, því sökum eðlis þessa erfiða sjúkdóms, verður að reikna með að smitefnið geti og muni finnast á næstu árum og því mikilvægt að allir sauðfjárnætur fari í hvívetna eftir settum reglum. Hins vegar fannst í byrjun ársins smitefni gegn riðuafbrigðinu NOR 98 í sýni frá einni kind á Austurlandi sem slátrað hafði verið haustið 2011. Aðeins hluta elsta fjárins var skorinn niður, þar sem þetta afbrigði er nú ekki talið jafn smitandi og hefðbundin riða og ekkert bendir til að um frekari smit sé að ræða á bænum, en sérstaklega verður fylgst með honum og nágrannabæjum á næstu árum.

Sjúkdómurinn smitandi barkabólga/fósturlát í nautgripum fannst á einum bæ á Austurlandi við reglubundna skimun á tankmjólkursýnum frá 80 búum um allt land. Þessi sjúkdómur hefur aldrei greinst áður hér á landi og ekki hefur tekist að rekja uppruna smitsins, þrátt fyrir umfangsmiklar rannsóknir þ.a.l. Sjúkdóminum hefur víðast verið útrýmt í nágrannalöndum okkar, en það hefur einnig komið þar fyrir, að sjúkdómurinn greinist án nokkurra skýringa á smitleiðum. Aðeins jákvæðum nautgripum var slátrað á þessum bæ og einni kú sem hafði verið gefin á nágrannabæ og ekkert bendir til annars en að hér hafi verið um einangrað tilvik að ræða og að landið verði aftur laust við sjúkdóminn að loknum sýnatökum á árinu 2013.

Í febrúar 2012 greindist ormalirfur sníkjudýrsins *Strongyloides stercoralis* í hundum á hundabúi í Suðvesturumdæmi. Ekki er ljóst hvernig smitið barst inn á búið, en bann var sett á dreifingu hunda frá búinu og því ekki aflétt fyrr en að meðferð hundanna lauk og niðurstöður sýna úr þeim voru neikvæðar. Þetta leiðir hugann að því að innflutningur á gæludýrum er alls ekki áhættulaus og mikil nauðsyn er að viðhalda núverandi fyrirkomulagi við einangrun þeirra, með tilheyrandi eftirliti.

Varðandi velferð dýra þá komu nokkur tilfelli til kasta búfjárefirlitsmanna og héraðsdýralækna og þar af því miður nokkur alvarleg á sauðfjárnætur, þar sem í ljós kom við eftirlit að hluti fjárins var svo illa kominn að honum varð ekki bjargað og varð að aflífa. Á árinu var unnið með ráðuneytinu við lokafrágang á nýjum lögum um dýravelferð og breytingar á lögum um búfjárhald og bundnar eru miklar vonir við, að með samþykkt þeirra verði hægt að koma enn frekar í veg fyrir slæma meðferð dýra og fyrr hægt að taka á alvarlegum brotum á lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.


Á árinu var utanríkisráðuneytið aðstoðað við gerð samningsafstöðu vegna 12. kafla aðildarumsóknar að ESB og starfsmenn sviðsins unnu einnig við samningu áhættumats vegna hugsanlegs innflutnings á lifandi dýrum í frjálsu flæði, ef svo skyldi fara að aðild Íslands að ESB yrði samþykkt, án varanlegra undanþágna þ.a.l. Fenginn var einn af færustu sérfræðingum heims til að stýra þessu verki og stefnt er að því ljúki á fyrri hluta ársins 2013. Hér er um gríðarlegt hagsmunamál íslensks landbúnaðar að ræða því nær öruggt má telja að margir sjúkdómar gætu borist til landsins í kjölfar óhefts innflutnings. Góð staða búfjársjúkdóma hér á landi eru ein helstu rökin fyrir þeirri kröfu að Ísland fái áframhaldandi undanþágur á þessu sviði og er því mikilvægt að vanda eins og kostur er til verksins.

Í lok ársins lauk Halldór Runólfsson störfum sem yfirdýralæknir, en þeirri stöðu hafði hann gegnt síðan 1. september 1997 eða í rúm 15 ár. Hann vill við þessi tímamót þakka öllu samstarfsfólki hjá Matvælastofnun fyrir frábært samstarf á liðnum árum. Hann tók síðan við stöðu skrifstofustjóra í nýju atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti í byrjun árs 2013.

2. Umdæmi

Landinu er skipt í sex umdæmi. Opinbert eftirlit í umdæmunum er í höndum héraðsdýralækna og eftirlitsdýralækna sem starfa undir stjórn héraðsdýralækna.

Mynd V.2.1: Umdæmi Matvælastofnunar



2.1. Héraðsdýralæknar

Héraðsdýralæknar hafa eftirlit með sláturdýrum, sláturafurðum og afurðastöðvum hver í sínu umdæmi, ásamt eftirliti með heilbrigði, hirðingu, aðbúnaði og aðstöðu nautgripa á búum þar sem framleidd er mjólk til sölu. Héraðsdýralæknar sinna framkvæmd sóttvarnaaðgerða og fylgjast með viðhaldi varnargirðinga í umdæminu. Þeir hafa eftirlit með búfé og öðrum dýrum eftir því sem lög ákveða. Einnig halda þeir skrá yfir alla eftirlitsskylda aðila í sínu umdæmi og sinna eftirliti með þeim samkvæmt sérstakri eftirlitsáætlun, sem er endurskoðuð um hver áramót. Héraðsdýralæknar vinna einnig önnur störf sem MAST felur þeim á hverjum tíma. Samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma nr. 25/1993 eru smitsjúkdómar flokkaðir í þrjá flokka A, B og C. Flokkunin byggir á alvarleika sjúkdómana. Skyllt er að tilkynna um grun eða greiningu á A- og B-sjúkdómum til Matvælastofnunar en fái dýralæknir grun um C-sjúkdóm skal hann hlutast til um að framkvæmdar séu frekari rannsóknir og tilkynna um málið að því marki sem nauðsynlegt er.

2.2. Eftirlitsdýralæknar

Eftirlitsdýralæknar hafa starfsaðstöðu á skrifstofu héraðsdýralæknis og starfa undir stjórn viðkomandi héraðsdýralæknis við lögboðin eftirlitsstörf, m.a. kjötskoðun, eftirlit með mjólkurframleiðslu og eldi sláturdýra. Í Suðvesturumdæmi, Norðvesturumdæmi, Norðausturumdæmi og Suðurlandsumdæmi eru starfandi eftirlitsdýralæknar allt árið. Jafnframt ræður Matvælastofnun eftirlitsdýralækna til starfa í öðrum umdæmum þar sem þess er þörf, t.d. við sauðfjárlátrun á haustin.

2.3. Forðagæsluskýrsla


Á árinu 2010 opnaði Matvælastofnun vefforritið BÚSTOFN fyrir rafræn skil á forðagæsluskýrslum. Neðangreindar tölur yfir fjölda búfjár byggja á rafrænum skilum á gögnum úr vorkoðun 2012.

Tafla VI.2.1: Fjöldi búfjár í umdæmum og á landsvísi árið 2011-2012*

Umdæmi	Nautgripir	Sauðfé	Geitur og lífkíð	Hross	Svín**	Alifuglar	Loðdýr
Suðvesturumdæmi	1.271	4.627	27	8.817	1.428	253.949	2.577
Vesturumdæmi	11.253	118.053	301	10.703	597	2.138	10
Norðvesturumdæmi	11.074	114.908	171	19.523	7	3.758	16.861
Norðausturumdæmi	17.150	77.032	163	7.658	506	11.415	4.350
Austurumdæmi	4.824	79.218	97	3.417	12	6.501	2.118
Suðurumdæmi	27.201	80.921	59	28.159	1.069	92.302	16.141
Samtals á landsvísi	72.773	474.759	818	78.277	3.619	370.063	42.057

* Tölur skv. vortalningu á ræktunardýrum 2012 ** Samtals gyltur og geltir

Tafla VI.2.2: Dreifing sauðfjár um landið 2012 og fjöldi sauð- og geitfjár 1981-2011



2.4. Suðvesturumdæmi

Helstu verkefni í Suðvesturumdæmi 2012 lutu að störfum tengdum matvælaframleiðslu. Helst ber þar að nefna vinnu við heilbrigðiseftirlit í sláturhúsum og eftirliti í kjötvinnslum, mjólkurbúum, en einnig málefni sem varðar dýravernd, inn- og útflutning dýra. Þáttur eftirlits með útflutningi dýraafurða hefur minnkað í samræmi við að framleiðslufyrirtækin hafa öðlast viðurkenningu á evrópska markaðnum og eru nú öll meira og minna komin með samþykkisnúmer. Eftirlit með framleiðslubúum tekur alltaf drjúgan tíma, sérstaklega eftirlitsferðir á varphænu- og svínabú, sem eru mjög stór og flókin fyrirtæki. Eftirlit og viðbrögð er einnig hvað varðar smitsjúkdóma.

Mikill tími fór líkt og á fyrra ári í skoðun og eftirlit með fyrirtækjum í matvælaframleiðslu, þ.e. kjöt- og mjólkurframleiðslufyrirtækjum. Dagleg viðvera er í sláturhúsum þremur, þar sem viðvera er allan daginn í svínasláturhúsinu, en í fuglasláturhúsum og kjötvinnslum er viðveran styttri og tekur mið af framleiðslumagni og áhættu. Allar kjötvinnslur í umdæminu nema tvær, sem eru undir eftirliti Matvælastofnunar teljast nú viðurkenndar starfsstöðvar og hafa hlotið samþykkisnúmer, sem gefur þeim leyfi til að senda sínar vörur hvert sem er á evrópska efnahagssvæðinu. Tvær kjötvinnslur eru enn þá með skilyrt leyfi til starfsemi. Eftirlit var haft með hrefnukjöti, en alls voru veiddar 43 hrefnur sem gefur um það bil 37 tonn af hrefnukjöti. Ekki voru veidd stórhveli á árinu.

Dýraverndarmál taka næstum alltaf mikinn tíma. Í ár reyndust þau vera 19 talsins vegna gæludýra, en 30 mál komu upp sem snertu búfé, en þar er um að ræða málefni hrossa, kinda og alifugla. Dýralæknar tóku út hundaskóla og gæludýraverslanir á árinu.

Svoltil aukning var í inn- og útflutningi dýra samanborið við árið 2011. Alls voru flutt út 1.334 (1.136 árið 2011) hross á árinu. Flogið var með flest hrossin til Liege í Belgíu, en þaðan dreifast þau um Evrópu, en af þessum fjölda fóru 40 hross til USA. Gæludýrainnflutningur er jafn og stöðugur, en alls voru flutt inn 189 gæludýr, 100 hundar til vistunar í Höfnun og 52 hundar til einangrunar í Hrísey. Kettir voru alls 37 sem komu til landsins og skiptust þannig að 27 voru vistaðir í Höfnun en 10 kettir í Hrísey. Svæðisskrifstofan hefur auk þess eftirlit með innflutningi dýra sem fara í heimaeinangrun en alls komu 38 fuglar til landsins og 5 kanínur sem fóru í heimaeinangrun og einnig var tekið á móti 835 minkum. Eftirlit er með innflutningi frjóeggja, en til landsins komu 213.280 hænuegg og 835 kalkúnaegg, en innflutningseftirlit fer fram á Keflavíkflugvelli. Innflutningur notaðra landbúnaðartækja lagðist næstum af eftir hrun, en er aftur farinn að sækja í sig veðrið og komu 25 notuð landbúnaðartæki til úttekta hjá embættinu.

Enginn A-sjúkdómur greindist í umdæminu, en B-sjúkdómar líkt og fyrr í alifuglum og svínum. Fuglakólera er enn þá viðloðandi í einu varphænuþví þrátt fyrir hertar umgengnisreglur. Í febrúar 2012 greindust ormalirfur Strongyloides stercoralis í hundum á hundabúi í umdæminu. Í framhaldi af því var sett bann við dreifingu á hundum frá búinu með vísan til laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Jafnframt var gerð krafa um meðferð dýranna samkvæmt tillögum Matvælastofnunar. Dýralæknir búsins sá um meðferðina. Í lok apríl var dreifingarbannið fellt úr gildi þar sem ekki greindust lengur lirfur frá hundum búsins. Mjög lítið hefur heyrst frá sjálfstætt starfandi dýralæknum um sjúkdómgreiningar þeirra.

Eftirlitsdýralæknir fór á nokkur námskeið sem haldin voru hér á landi á árinu. Héraðsdýralæknir sótti einnig þessi innlendu námskeið og fór auk þess til Pescara á Ítalíu, á námskeið á vegum BTSF um Animal welfare concerning the farming of pigs. Allmargir fundir á vegum Matvælastofnunar voru sóttir bæði af héraðsdýralækni og eftirlitsdýralæknum.

2.5. Vesturumdæmi

Í Vesturumdæmi voru 11.253 nautgripir, 118.053 sauðkindur og 10.703 hross árið 2012. Fyrir utan eftirlit með þessum algengustu búfjartegundum sér Matvælastofnun um eftirlit á 3 svínabúum, 5 kjúklingabúum, 18 eldisstöðvum fyrir fisk og krækling, um 90 fiskvinnslum, 2 mjólkurstöðvum og einu frystihúsi í umdæminu.

Auk ofangreindra verkefna sinnti héraðsdýralæknir dýraverndarmálum og eftirliti með tilkynningarskyldum sjúkdómum, gaf út flutningsleyfi fyrir sauðfé, nautgripi, hey og túnþökur yfir varnarlinur, sá um og framkvæmdi sýnatökur vegna skimunar á lyfjaleyfum, aðskotaefnum og sjúkdómum, skipulagði bakvaktir og garnaveikibólusetningu sauðfjár auk leyfisúttekta vegna umsókna um dýrahald í atvinnuskyni.

Á árinu 2012 kom beiðni frá sauðfjorbændum í Dölunum um að garnaveikibólusetning yrði ekki lengur krafa í Dalahólfi þar sem aldrei hefur greinst garnaveiki þar. Með heimild í 8. grein laga nr 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim féllst MAST á þessa beiðni og ráðlagði MAST ráðuneytinu að breyta viðauka 1 í reglugerð 911/2011 um garnaveiki og varnir gegn henni og var þetta gert með reglugerð nr. 962/2012.

Stofnaður var vaktisími (8780800) fyrir vaktsvæði Borgarfjarðasýslu þar sem hægt er að fá upplýsingar um hvaða dýralæknir sé á vakt hverju sinni.

Í umdæminu eru þrjú þjónustusvæði til að tryggja dýraeigendum nauðsynlega almenna dýralæknaþjónustu og bráðaþjónustu við dýr og eru í gildi þjónustusamningar við 3 dýralækna sem hafa aðsetur á Ísafirði, í Stykkishólmi og í Búðardal. Þetta fyrirkomulag tók gildi 1. nóvember 2011 en það var ekki fyrr en í september 2012 sem varanlegur þjónustusamningur komst á varðandi þjónustusvæði 2 sem er Dalabyggð, Reykhólahreppur, Strandabyggð, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Bæjarhreppur.

Starfsleyfi var afturkallað á tveimur kúabúum eftir að ítrekaðar eftirlitsheimsóknir og kröfur um úrbætur báru ekki árangur.

Enginn A-sjúkdómur greindist. Einn B-sjúkdómur greindist á árinu: salmonella í alifuglum, og greindist hún í fuglum frá tveim alifuglabúum. Af C-sjúkdómum var tilkynnt um grun um Hvanneyrarveiki, smitandi munnangur, hníslasótt, *Clostridium* sýkingar og eyrnamaur.

Ábendingar frá almenningi varðandi dýravelferð voru u.þ.b. 25 talsins. Búfjáreftirlitsmenn gerðu í vorsköðun athugasemdir varðandi fóðrun, aðbúnað og/eða umhirðu hjá tæplega 30 bæjum/eigendum. Unnið var áfram með nokkur mál frá 2011 eða fyrr. Í nokkrum tilfellum voru mál leyst gegnum síma og tölvusamskipti við eigendur, í nokkrum tilfellum fór búfjáreftirlitsmaður á staðinn að beiðni héraðsdýralækis, í 16 tilfellum fór héraðsdýralæknir sjálfur á staðinn til að taka út aðstæður. Brot komu einnig fram í reglubundnu eftirliti og í einu tilfalli kom ábending frá eftirlitsdýralækni í sláturhúsi. Í fimm málum var skriflega bent á frávik og óskað eftir úrbótum, í sjö málum voru gerðar formlegar kröfur um úrbætur. Í tvígang var sett fram krafa um vörslusviptingu hjá lögreglu. Þrjú mál voru kærð til lögreglunnar.

Einnig var farið í úttekt að beiðni Umhverfisstofnunar vegna velferðar gæludýra.

Héraðsdýralæknir sótti þrjú TAIEX-námskeið í Reykjavík, HACCP, hvernig standa eigi að öflun upplýsinga um súnur/súnuvalda og skil á samantektum skv. tilskipun 2003/99/EC, og námskeið um reglugerð 135/2010 um örverufræðileg viðmið (EU/2073/2005). Héraðsdýralæknir fór einnig á norræna ráðstefnu um eftirlit með dýravelferð. Héraðsdýralæknir tók þátt í vinnu við skrif nýrrar fjósaskoðunarhandbók.

2.6. Norðvesturumdæmi

Þrjú sláturhús ásamt kjötvinnslum þeirra hafa verið undir eftirliti og eins hafa fleiri aðilar sem stunda matvælaframleiðslu verið heimsóttir. Þá er mjólkurstöðin á Sauðárkróki undir eftirliti. Samband íslenskra loðdýrabænda rekur tvö sóttvarnabú í Skagafirði (Holtsmúli og Melur) og eru þau undir eftirliti.

Þá er ein starfstöð að vinna með aukaafurðir dýra, en endanleg flokkun á starfsstöðinni er enn ólók. Starfstöðin hefur þó fengið úthlutað leyfisnúmeri.

Talsvert var um útköll vegna dýraverndar, bæði aðbúnaðar og fóðrunar. Eru sum þeirra enn í gangi (og hafa jafnvel verið lengi), en nokkrum tekist að ljúka svo við megi una.

Eins kom upp eitt alvarlegt atferlismál, sem lauk með vörslusviptingu og slátrun gripisins.

Eitt svínabú í Skagafirði hefur verið undir eftirliti og er því máli ólók.

Einungis 20% fjósa í umdæminu voru skoðuð á árinu.

Héraðsdýralæknisskipti áttu sér stað í árslok.

2.7. Norðausturumdæmi

Engar breytingar urðu á árinu hvað varðar fjölda starfsmanna og stöðugilda, en þrjú eftirlitsdýralæknir í 2 ½ stöðugildi starfa við embættið auk héraðsdýralækis. Tveir eftirlitsdýralæknir sögðu stöðum sínum lausum á árinu og tveir nýir ráðnir í staðinn. Það setti óneitanlega mark sitt á starfseminu þar sem alltaf tekur tíma fyrir nýja starfsmenn að setja sig inn í ný störf. Tveir eftirlitsdýralæknir voru ráðnir tímabundið við sauðfjársláturhúsin á Húsavík og Kópaskeri og síðan er nokkur aðkeypt þjónusta frá sjálfstætt starfandi dýralæknum við heilbrigðiseftirlit við bæði stórgripa-, og sauðfjársláturhúsin.

Áhersla var áfram lögð á að fylgjast með að 8 vikna lágmarksútvist nautgripa væri virt og nokkur kúabúa í umdæminu heimsótt sérstaklega af þeim sökum. Á einu kúabú í umdæminu fengu kúr og unguneyti ekki lögboðna útvist og er það endurtekið brot frá fyrra ári. Mun því máli hafa verið vísað til sýslumanns.

Að auki voru 7 tilvik þar sem skráð voru alvarleg frávik við aðbúnað nautgripa s.s. að ekki væri skjól á útigangi að vetri til, nægt legurými, nægt átþláss eða skítugir gripir. Í nokkrum tilvikum er ekki komin lausn á þessum málum og eru þau því í ákveðnu ferli þar sem málin geta hugsanlega endað með kæru.

Alls var skoðað og afgreitt 21 mál er sneri að aðbúnaði og umhirðu: 8 vegna hrossa, 6 vegna nautgripa, 5 vegna sauðfjár og 2 vegna gæludýra. Nokkur mál komu að auki inn á borð umdæmisins, sem uppgötvuðust við reglulegt eftirlit eða eftir ábendingar, en töldust ekki alvarleg og leystust án frekari eftirmála.

Í umdæminu eru 160 bú með mjólkurframleiðslu en 70 af þeim voru heimsótt á árinu og þar af voru 58 reglubundið eftirlit en 12 vegna eftirfylgni, kvartana eða af öðrum ástæðum. Eru þetta töluvert færri heimsóknir en á síðasta ári þar sem 151 var heimsótt vegna reglubundins eftirlits og 19 vegna eftirfylgni. Einungis tókst því að fara í reglubundið eftirlit hjá um 36% búanna á árinu. Ástæður þess eru að stærstum hluta mannekla eftir að tveir af þremur eftirlitsdýralæknum við embættið hættu störfum á árinu og tíma tók að ráða og þjálf nýja í staðinn. Af þessum 70 búum voru 37 skráð með eitt eða fleiri frávik og 3 voru skráð með eitt eða fleiri alvarleg frávik. Sérstök áhersla var á eftirlit með geymslu og merkingu dýralýfja.

Í umdæminu eru tvö eggjabú með yfir 1.000 varphænur og eitt kjúklingabú og eru þessi bú starfsleyfis skyld auk þess sem þau eru heimsótt vegna árlegrar sjúkdómaskimunar. Eitt stofnfuglabú er í umdæminu, en eftirlit með því bý er á hendi sérgreinadýralækis alifuglasjúkdóma.

Farið var í reglubundið eftirlit á kjúklingabú í desember 2012 og kom búið vel út í því eftirliti. Þeir fuglar sem voru í húsunum litu vel út og undirlag var þurr og hreinlegt. Gengið var í gegnum eitt eldihúsanna þar sem 14 daga gamlir kjúklingar voru og tóku eftirlitsdýralæknir eftir 2 dauðum fuglum, 3 höltum og 3 af 15 fuglum voru með minniháttar dritbruna undir fótum. Skóhlífarsýni (1 par) og ryksýni voru tekin í eldihúsinu til salmonellurannsóknar og voru þau neikvæð. Sett var út á tvo skúra þar sem fóðurmyllur eru staðsettar, þar sem þeir eru ekki vatnsheldir. Skúrnarnir virtust vera nokkuð meindýraheldir. Gerð var krafa um að þessir skúrar yrðu lagfærðir svo að ekki skapist hætta á að fóðrið mengist. Salmonella greindist í einu eldihúsanna í október 2012 og voru allir kjúklingarnir aflífaðir og þeim fargað og eldihús tæmt, þrifið og sóttþreinsað í kjölfarið.

Farið var í reglubundið eftirlit á bæði varphænsnabúin í umdæminu, annað í janúar og hitt í desember 2012. Einnig var farið í eftirfylgniskoðun á annað búið í desember 2012. Helstu atriði sem sett voru út á í reglubundnu eftirliti á búunum snúa að rekstri á innra eftirliti, skiptingu svæða í hrein og óhrein svæði og smitgá við umgengni starfsmanna. Saurýnataka til salmonellurannsóknar er gerð á 15. vikna fresti, þar af einu sinni á ári af Matvælastofnun. Salmonella fannst aldrei.

Tvö minkabú er í umdæminu. Matvælastofnun hafði ekki reglulegt eftirlit með starfsemi þeirra á árinu.

Reglulegt eftirlit var haft með einangrunarstöð fyrir gæludýr í Hrísey. Alls greindust fjórir hundar með sníkjudýr. Tveir hundar greindust með *Giardia duodenalis*, einn með bæði *Giardia duodenalis* og *Toxocara canis* og einn hundur með *Toxocara canis*. Mótefni gegn hestainflúensu greindust aldrei. Eigandi eins hunds kvartaði yfir ástandi hans við útskrift. Einum ketti var haldið lengur í einangrun sökum gruns um smitsjúkdóm. Dvaldi kötturinn auka mánuð í einangrunarstöðinni, eða þar til hann var orðinn frískur. Einn hundur greindist með salmonellu fyrir einangrun, meðhöndlun hófst í útflutningslandi og lauk í einangrun. Tíu dögum eftir að meðhöndlun lauk var tekið saursýni og reyndist það neikvætt m.t.t. salmonellu.

Engar árlegar skoðanir eru á hrossabúum þar sem þau eru ekki starfsleyfis skyld og Matvælastofnun hefur því ekki reglulegt eftirlit með starfsemi þeirra.

Farið var í reglubundið eftirlit á öll svínabú í umdæminu í desember 2012. Ekkert þeirra uppfyllir öll skilyrði nýrrar reglugerðar um aðbúnað og heilbrigði svína nr. 353/2011. Farið var fram á úrbótaráætlun frá búunum fyrir næstu 3-5 árin þar sem gera þarf grein fyrir nauðsynlegum breytingum á aðbúnaði svínanna. Helstu atriði sem bæta þarf sbr. ákvæði í nýrri reglugerð snúa að því að auka rými og að dýrin skulu vera í lausagöngu, auk þess er áhersla á aukinn undirburð og sérstakt legurými og sjúkrahús. Tekin voru saursýni á öllum búunum samkvæmt eftirlitsáætlun fyrir skimun á salmonellu og voru þau öll neikvæð. Aldrei greindist salmonella í stroksýnum frá búunum við reglubundið eftirlit við slátrun. Héraðsdýralæknir tók út tvö bú í Eyjafirði sem héldu nokkra eldisgrísi samkvæmt sérstöku samkomulagi við Svínaræktarfélag Íslands um vistvænt eldi.

Slátrað er í fjórum sláturhúsum í umdæminu. Slátrað er sauðfé í tveimur húsum einvörðungu og svínunum og stórgripum í hinum tveimur. Að jafnaði þarf að sinna eftirliti með slátrun svína og stórgripa sem nemur 6 dagsverkum í viku auk tilfallandi sláturdaga eða um 330 dagsverkum á ári. Sauðfjárslátrun kallar að auki á um 85 dagsverk eftirlitsdýralækna á ári.

Dýrategund	Fjöldi	Dautt við flutning *	%
Sauðfé	108.755	7	0,0064
Svín	17.216	2	0,012
Nautgripir	6.596	0	0
Hross	470	0	0

* Dautt á bil eða lógað við komu í sláturhúsrétt vegna flutningsslysa

Öll sláturhúsin og kjötvinnslur tengdar þeim í umdæminu eru samþykktar starfsstöðvar og geta því óhindrað dreift vörum sínum á hinu Evrópska efnahagssvæði. Nokkur vinna er alltaf hjá eftirlitsdýralæknum vegna herts eftirlits með merkingum sláturgripa. Aðallega á þetta við sláturhross, en enn er of mikið um það að þau séu ómerkt og grunnskráningum í Worldfeng ábótavant.

Enginn A-sjúkdómur greindist í umdæminu á árinu. Skráningar á C-sjúkdómum eru takmarkaðar þar sem sjúkdómaskráningarkerfið Heilsa fyrir nautgripa kom fyrst í gagnið síðla árs 2011 og eru dýralækna og bændur að hefja skráningar. Síðan berast héraðsdýralækni upplýsingar um dýr sem eru krufin á Tilraunastöðinni á Keldum og einnig yfirlit frá dýralæknum í umdæminu um einstök tilvik. Eitt búanna glímdi við afföll á eldisgrísunum á árinu og leiddi krufning í ljós altæk blæðandi iðraheilkenni. Búið réði inn danskan dýralækni til aðstoðar dýralækni búsins til að ráða bót á þessum vanda. Er horft til þess að með nauðsynlegum aðgerðum er snúa að fóðrun og bólusetningum megi komast fyrir frekari afföll. Bogfrymlasótt með töluverðu lambaláti greindist á einu sauðfjárnú. Garnapemba sem er sjaldgæf breyting sem sést aðallega í sláturgrísum, vanalega sem tilfallandi uppgötvun við slátrun, var greind í einu slátursvíni. Fosfórskortur kom upp í haust á þremur kúabúum í Eyjafirði og talið að þurrkar í sumar hafi þar haft áhrif.

Send voru alls 308 heilasýni úr sláturfé sem hluti af landsúrtaki til greiningar á riðuveiki. Eitt sauðfjárnú var einnig heimsótt sérstaklega þar sem fram hafði komið ábending um að vert væri að skoða búið m.t.t.riðu. Skoðun leiddi ekkert athugasvert í ljós.

Fárviðrið gekk yfir Norðausturland dagana 10. og 11. september þar sem þúsundir fjár fennti í kaf víða í umdæminu, aðallega í Suður-Þingeyjarsýslu. Aðgerðarstjórn undir stjórn sýslumanns Þingeyinga stjórnaði aðgerðum við leit að fé, en héraðsdýralækni er ekki aðili að slíkrri aðgerðarstjórn. Hins vegar var héraðsdýralækni í góðu sambandi við héraðsráðunaut á meðan að leit stóð yfir og síðan sat héraðsdýralækni ásamt sérgreinadýralækni sauðfjárjúkdóma þrjú upplýsingarfundi fyrir bændur sem sýslumaður skipulagði.

Grasspretta var misjöfn milli sveita líkt og árið áður og horfði til þess að verulega myndi vanta upp á nægan hefynd á ákveðnum svæðum þar sem þurrkar og eins kal dró mjög úr sprettu. Þegar forðaskýrslur lágu fyrir kom í ljós að ástandið var betra en menn héldu í fyrstu, en engu að síður ljóst að koma þyrfti til nokkur heymiðlun á svæðinu. Nokkur erindi þar um komu inn á borð héraðsdýralækni.

Eftirlitsdýralækna í Norðausturumdæmi voru leiðbeinendur við BSc-lokaverkefni í liftækni á auðlindasviði Viðskipta- og raunvísindadeildar HA. Héraðsdýralækni var í byrjun árs skipaður af hálfu Umhverfissráðuneytisins í viðbragðsteymi vegna mögulegrar komu hvítabjarna til landsins og sat nokkra fundi teymisins á árinu. Héraðsdýralækni heimsótti aðalfundi sauðfjárnúenda í Norður- og Suður-Þingeyjarsýslu og Eyjafirði.

2.8. Austurumdæmi

Austurumdæmi skiptist í þrjú vaktsvæði, þ.e. svæði 6: Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Borgarfjarðarhreppur, Fjarðabyggð (að undanteknum Stöðvarfirði og Fáskrúðsfirði), Vopnafjarðarhreppur og Bakkafjörður; svæði 7: Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Stöðvarfjörður og Fáskrúðsfjörður og svæði 8 með Hornafjarðarhrepp og Öræfasveit, en fjórir dýralækna (tveir á svæði 6, einn á svæði 7 og einn á svæði 8) eru á samningi við Matvælastofnun varðandi verklega þjónustu og vaktir á svæðunum.

Fjöldi búfjár í umdæminu árið 2012 var 4.824 nautgripir, 79.218 sauðfé, <100 geitur, 3.417 hross, < 20 svín, < 100 kanínur, 6.501 alifuglar og 2.118 loðdýr.

Eftirlitsþegar eru 40 mjólkurframleiðendur, 3 sláturhús (2 gripasláturhús og 1 alifuglasláturhús), 1 hreindýraverkunarstöð, 1 kjötvinnslustöð, 1 eggjaframleiðslustöð, 3 fóðurframleiðslufyrirtæki (heyútflutningur), 3 fiskimjólsværksmiðjur, 4 fiskeldisstöðvar, sauðfjárnúendur í varnarhólfum þar sem bóluset er við garnaveiki, útflytjendur hesta með m/s Norröna til Færeyja frá Seyðisfirði og innflytjendur notaðra landbúnaðarvéla eða annars útbúnaðar (Seyðisfjörður), þar sem krafa um sótthreinsun liggur fyrir frá yfirvöldum.

Eftirlitsverkefni ársins vörðuðu að mestu leyti ofangreinda eftirlitsþega. Allir fengu leyfi þar sem úrbætur vegna athugasemda höfðu verið gerðar á árinu þ.á m. kjötvinnslustöðin á Egilsstöðum (Snæfell ehf), en töf varð á leyfisveitingu fyrir mjólkurframleiðendur vegna kerfisbreytinga við fjósaskoðun og notkunar á nýja Ísleyps- forritinu þar í fyrsta skiptið. Einn sauðfjárnúendi í garnaveikihólfi hafði ekki látið bólusetja ásetningslömb við garnaveiki og var málið sent lögfræðingi Matvælastofnunar til umfjöllunar. Gripasláturhúsin tvö (Sláturfélag Vopnfirðinga og Norðlenska á Höfn í Hornafirði) fengu bæði útflutningsleyfi í byrjun árs. Hreindýraverkunarstöðin í Skóghlíð fékk bráðabirgðaleyfi á árinu m.a. vegna athugasemda varðandi HACCP, en þar voru skoðuð 173/1009 hreindýr á veiðivertíðinni 15.7.–10.9.2012 eða um 17% af veiddum dýrum. Fóðurframleiðslufyrirtækin og fiskimjólsværksmiðjurnar hafa gildandi leyfi eftir úttekt 2012, en rekstri alifuglasláturhússins á Höfn í Hornafirði og fiskeldisstöðinni Hafskel ehf á Mjóafirði var hætt á árinu eftir að bráðabirgðaleyfi þeirra rann út. Sex lifandi hross voru flutt út með m/s Norröna til Færeyja án athugasemda og átta gámar með gætur og kjötafurðir voru fluttir út frá gripasláturhúsunum sjóleiðis frá Reyðarfirði og Seyðisfirði á árinu. Flutt voru inn tvö landbúnaðartæki án athugasemda, en ein hestakerra með gilt innflutningsleyfi var stöðvuð í tolli með meintan smitfarangur, þ.á m. notaðan reiðfatnað og reiðtygi. Málið var kært til lögreglu. Reynt var að smygla inn marðardýri frá Danmörku með m/s Norröna á Seyðisfirði í sumar, og slapp dýrið í land en náðist af lögreglu nokkrum dögum seinna í Reykjavík og var aflífað af dýralækni Matvælastofnunar þar. Mál þetta var einnig kært.

Tveir A-sjúkdómar greindust á árinu:

Riðuafbrigðið NOR98 fannst í heilasýni af 5 vetra gamalli kind frá bænum Merki á Jökuldal í byrjun árs 2012, en kindinni hafði verið slátrað haustið 2011. Ákveðið var að fresta niðurskurði allrar hjarðarinnar á bænum þar til að sýnandiurstöður úr öllum kindum og hrútum > 5 ára (rúmlega 200 dýr / lóguð og urðuð hjá Sláturfélagi Vopnfirðinga) lægju fyrir, en þau sýndu sig síðar öll neikvæð. Engin riðueinkenni fundust við klíniska skoðun einstaklinga í hjörðinni. Þar sem NOR98 telst ekki smitnæm á sama hátt og hefðbundin riða var fallið frá niðurskurði en skerpt eftirlit ákveðið næstu árin á bænum og næstu nágrannabæjum.

Mótefni gegn herpesveiru sem veldur smitsamri barkabólgu og fósturláti hjá nautgripum fundust við hefðbundið eftirlit í mjólkursafnsýni frá Egilsstaðabúinu, Fljótsdalshéraði. Við blóðsýnatöku á öllum mjólkurkúm búsins fundust mótefni hjá tæpum helmingi mjólkurkúnna. Þeim var slátrað og afurðir nýttar. Ekki fundust mótefni í blóði annarra dýra búsins við blóðsýnatökur en ný sýni verða tekin aftur í byrjun næsta árs. Tekin voru stokusýni úr nefholi 20 mjólkurkúa til veiruræktunar en þau voru öll neikvæð og sýni úr heilataugahnoði sláturgripa búsins einnig neikvæð. Aldrei hafa fundist klínísk einkenni sjúkdómsins í hjörðinni, að því er vitað er. Mjólkurkúr sem flutt var frá Egilsstaðabúinu á bæinn Fljótsbakka, Fljótsdalshéraði, reyndist jákvæð við blóðsýnatöku og var slátrað. Mjólkursafnsýni hjarðarinnar hafði áður sýnt sig neikvætt (smituð kúr í geldstöðu). Blóðsýni voru tekin úr öllum öðrum nautgripum á búinu með neikvæðri niðurstöðu, ný sýni verða tekin aftur í byrjun næsta árs. Safnmjólkursýni voru tekin frá öllum öðrum 38 mjólkurframleiðendum Austurumdæmis og voru þau öll neikvæð. Ekkert er vitað um smitleiðir þessa sjúkdóms, en vonir standa til um að útbreiðslan sé takmörkuð eða engin. Enginn niðurskurður er áætlaður.

B-sjúkdómar hafa ekki greinst í umdæminu á þessu ári. Af C-sjúkdómum greindust Hvanneyrarveiki, lungnapest, kylapest og tannlos í nokkrum tilvikum, einnig smitandi munnangur, sem algengast er hjá ásetningslömbum á haustin. Talsvert ber á lungnakregðu og fjölgar þeim bæjum, sem verða fyrir þessum sjúkdómi, sem mjög erfitt er að lækna eða komast frá eftir að smit hefur borist í hjörðina.

Varðandi dýravelferð hafa fimm mál verið rannsökuð og afgreidd vegna meintrar vanhírðu og slæms aðbúnaðar sauðfjár, eitt mál vegna vanhírðu nautgripa, tvö mál vegna vanhírðu hrossa (ofvaxnir hófar) og tvö mál vegna hundahalds. Skilorðsbundinn fangelsisdómur féll í margra ára máli Matvælastofnunar gegn sauðfjárnú í Djúpavogshreppi, en úttekt um vorið hafði í fyrsta skipti verið jákvæð varðandi holdafar, umhírðu og aðbúnað dýra á þessum stað. Tvö önnur

sauðfjárnú voru með svo alvarlegar athugasemdir (holdastig < 0,75 rétt fyrir burð) á umhirðu og aðbúnaði, að ákveðið var að lóga > 70 kindum vegna hættu á fóstureitrun.

Héraðsdýralæknir hefur annast fræðslu og upplýsingar fyrir mjólkurframleiðendur, sauðfjárnúendur og hestafólk varðandi örverusmitvarnir og breytingar í eftirliti á vegum EES um notkun lyfja og skráningar þeirra.

Árið 2012 sótti héraðsdýralæknir TAIEX-námskeið í súnnum, sýnatökum, örveruviðmið og HACCP, auk námskeiða í úttekkt og skýrslutöku hjá eftirlitsþegum Matvælastofnunar og tölvuforritunum ÍsLeyfi og GoPro.

2.9. Suðurumdæmi

Árið 2012 var á margan hátt hefðbundið með tilliti til starfa héraðsdýralæknis á svæðinu. Árið leið án náttúruhamfara og var að því leyti frábrugðið undanförunum 2 árum.

Við umdæmisskrifstofuna starfa nú fimm dýralæknar, þ.e. einn héraðsdýralæknir og fjórir eftirlitsdýralæknar. Af þeim eru fjórar konur frá jafn mörgum þjóðlöndum, svo ekki verður annað sagt, en hér séu fjölþjóðleg kvenleg viðmið í heiðri höfð, og fer vel á því.

Nokkur mál komu upp vegna ábendinga um illa meðferð dýra, einkum hvað varðaði útigang búfenaðar. Málin voru öll skoðuð og haft samband við eigendur eftir því sem þurfti. Eigendur tóku allir vel í umbætur og ekki þurfti að koma til vörslusviptingar. Allmikil umræða hefur verið um hagaskjól handa húsdýrum á útigangi, og einnig umræða um hvort þau nýti sér slíkt skjól, en skýr ákvæði eru í reglugerðum hvað þetta varðar. Hins vegar eru manngerð hagaskjól ekki til staðar í mörgum tilfellum. Þess má geta, að haust og fyrri hluti vetrar 2012 var óvenju mildur og snjóléttur. Einnig komu ekki langir frostakaflar og jarðbönn urðu engin.

Sjúkdómar á svæðinu voru skráðir eftir föngum. Engir A-sjúkdómar greindust á árinu, Af B-sjúkdómum greindust þrjú tilfelli af salmonellusmiti í eldiskjúklingum á árinu. Sýktir eldishópar voru aflifaðir og komið til urðunar á tryggilegan hátt. Af C- sjúkdómum greindust hníslasótt, listeriosis og *Clostridia* sýkingar í sauðfé.

Héraðsdýralæknir sótti fræðslufundi á vegum MAST, almenn fræðsla var veitt bændum þegar tilefni gáfust, en ekki voru haldnir almennir fundir með bændum. Í maí sótti héraðsdýralæknir námskeið sem haldið var á vegum Evrópusambandsins undir merkjum Better Training for Safer Food. Námskeiðið var haldið í Brescia á Ítalíu og þátttakendur komu frá 17 þjóðlöndum. Námskeiðið var um eftirlit með hrámmjólk í vinnslu, einkallega þó þann þátt sem snýr að ostagerð. Einnig sótti héraðsdýralæknir námskeið í Eisenstadt í Austurríki í júní. Það námskeið fjallaði um sláturhús og kjötvinnslur, einnig þar voru þátttakendur frá 16 þjóðlöndum. Bæði voru þessi námskeið ákaflega fróðleg en að sama skapi krefjandi fyrir þá sem þau sóttu.

Í janúar fengust fregnir af ólöglegum flutningi sauðfjár yfir varnarlínu. Flutt var sauðfé vestur yfir Þjórsá án leyfis, auk þess, sem sami aðili hafði flutt fé á milli bæja á sýktu riðusvæði. Málinu lauk með því að í lok apríl var 19 kindum lógað. Afurðir af kindunum voru ekki nýttar og þeim fargað bótalaust. Málið var kært til lögreglu.

Upp kom mál, þar sem sauðfé hafði verið flutt að varnargirðingu og skilið þar eftir, ástæðan sennilega vegna ágangs á tún flytjanda. Sumar þessar kindur höfðu síðan farið yfir viðkomandi varnarlínu í gegn um hlið, sem vegfarendur höfðu ekki lokað tryggilega, þeim var fargað samkvæmt 25. grein laga nr. 25 frá árinu 1993.

Í Suðurumdæmi er ein mesta matvælaframleiðsla á landinu og í mörg horn að líta, yfir 250 mjólkurframeiðendur, tvö stórgripasláturhús, eitt sauðfjársláturhús og eitt alifuglasláturhús. Á svæðinu er mjög fjölbreyttur búskapur, sauðfjár-, svína-, alifugla- og loðdýrarækt. Einnig er stærsta mjólkurbú landsins á Selfossi og nokkrar kjötvinnslur sem falla undir eftirlit héraðsdýralæknis.

Fjósaskoðun á svæðinu var ekki lokið fyrir áramót, en var langt komin. Beðið er með útgáfu leyfa þar til að samræming þeirra hefur verið ákveðin. Allmargir mjólkurframleiðendur fengu aðfinnslur vegna aðbúnaðar og umgengni í fjósum og mjólkurhúsum. Undantekningalítið var tekið vel í aðfinnslurnar og málum komið til betri vegar. Einnig eru margir framleiðendur til mikillar fyrirmyndar, bæði snyrtimennska í fjósum og aðbúnaður dýranna eins og best verður á kosið.

Fyrirtæki í vinnslu og meðhöndlun landbúnaðarafurða voru skoðuð, en þau þurfa að uppfylla þær reglugerðir er tóku gildi þann 1. nóvember 2011. Flest eru þau búin, eða komin vel á veg með að tileinka sér ný viðmið og vinnubrögð, og ánægjulegt er hve framleiðendur hafa lagt sig fram við að ná settum markmiðum innan þess tímaramma sem þeim var settur.

Hafa þurfti afskipti af aðilum sem voru að flytja lömb til lífs. Lömbin voru upprunnin í Örafum og voru á leið norður í land. Öll leyfi til þessa flutninga voru til staðar. Hins vegar var of mikill fjöldi fjár fluttur í einu, miðað við rúmtak bílsins. Flytjendur brugðu því á það ráð, að hafa flutninginn á tveimur hæðum. Ekki vildi þó betur til en svo, að efri hæðin hrundi ofan á þau lömb, sem undir voru, með þeim afleiðingum að ellefu lömb köfnuðu. Málið var afgreitt sem slys og kæra ekki lögð fram, en ástæða er til að brýna fyrir flutningsaðilum, að allar milligerðir og innréttingar flutningstækja séu þannig úr garði gerðar, að þær þoli það álag sem þeim er ætlað að bera.

Á árinu var í sláturhúsum í umdæminu slátrað: 10.568 nautgripum, 2.150.539 kjúklingum, 105.109 sauðjár, 4.535 hrossum og 10.129 svinum.

3. Smitsjúkdómar

3.1. Varnir

Einn liður í vörnum gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins er að fylgjast með stöðu smitsjúkdóma í heiminum. Þegar upp koma alvarlegir smitsjúkdómar í öðrum löndum fær Matvælastofnun tilkynningu um þá á margvíslegan hátt, m.a. í gegnum tengslanet yfirdýralækna, frá Evrópusambandinu og Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni (OIE). Þegar slíkar tilkynningar berast er fylgst betur með innflutningi og hann jafnvel stöðvaður ef þurfa þykir. Upplýsingar um sjúkdómastöðu í öllum aðildarlöndum OIE má nálgast á vefslóðinni:

<http://web.oie.int/wahis/public.php?page=home>.

3.2. Vöktun

Smitsjúkdómar eru flokkaðir í þrjá flokka A, B og C, samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma nr. 25/1993. Flokkunin byggir á alvarleika sjúkdómanna. Eftirliti með sjúkdómunum má skipta í tvær gerðir. Annars vegar er um að ræða vakandi augu dýraeigenda, dýralækna og annarra sem umgangast dýr. Samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma nr. 25/1993 ber hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að dýr sé haldið smitsjúkdómi sem lögin ná yfir, eða áður óþekktan sjúkdóm, að tilkynna það hverjum þeim dýralækni sem til næst eða lögreglu. Þessi gerð vöktunar byggir á því að sjúkdómseinkenni komi fram, sem er ekki alltaf raunin og þá reynir á hina gerð vöktunar, sem eru sýnatökur. Matvælastofnun skimar fyrir þeim sjúkdómum sem ástæða þykir til að vakta með sýnatökum. Við ákvörðun um hvaða sjúkdóma þarf að vakta með þessum hætti er m.a. tekið mið af reglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar, kröfum viðskiptalanda, mögulegum smitleiðum og sjúkdómastöðu í nágrennalöndum og viðskiptalöndum.

Í *Töflu V.3.1* má sjá fjölda skimunarsýna og niðurstöður rannsókna á þeim á árinu 2012. Yfirlit yfir sýnatökur og niðurstöður rannsókna undanfarinna ára er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar undir yfirskriftinni *Eftirlitsniðurstöður*.

Tafla V.3.1: Yfirlit yfir skimun vegna smitsjúkdóma í búfé 2012

Dýrategund	Sjúkdómur	Gerð sýna	Fjöldi sýna		
			í heild	neikvæð	jákvæð
Nautgripir	Smitandi hvítblæði (EBL)	Mjólk	80	80	0
	Smitandi barkabólga/ smitandi fósturlát (IBR/IPV)	Mjólk	80	79	1
	Smitandi slímhúðarpest (BVD)	Mjólk	80	80	0
	Salmonella Dublin	Mjólk	80	80	0
	Q-hitasótt	Mjólk	80	80	0
	Smitandi fósturlát (Bovine Brucellosis)	Blóð	45	45	0
	Kúariða (BSE)	Heili	99	99	0
	Garnaveiki (Paratuberculosis)	Blóð	43	43	0
	Sauðfé	Riða (Scrapie)	Heili	2.732	2.732
Svín	Garnaveiki (Paratuberculosis)	Garnir	34	34	0
	PRRS-veiki	Blóð	225	225	0
	Svínainflúensa H3N2	Blóð	225	225	0
	Svínainflúensa H1N1	Blóð	225	225	0
Hross	Smitandi blóðleysi (EIA)	Blóð	50	50	0
	Hestainflúensa (EI)	Blóð	50	50	0
	Smitandi háls- og lungnakvef/ fósturlát (EHV-1)	Blóð	50	50	0
Alifuglar	Newcastle-veiki (ND)	Blóð	120	120	0
	Smitandi kverka- og barkabólga	Blóð	58	58	0
	Smitandi berkjubólga (Infectious bronchitis)	Blóð	58	58	0
	Fuglaflensa (AI)	Blóð	120	116	4 ¹
Fiskar	Veirublæði (VHS)	Líffæri	335	335	0
	Iðradrep (IHN)	Líffæri	335	335	0
	Brisdrep (IPN)	Líffæri	1.988	1.988	0
	Blóðþorri (ISA)	Líffæri	8.230	8.183	47 ²
	Brisveiki (PD)	Líffæri	8.230	8.230	0
	Nýrnaveiki (BKD)	Líffæri	1.399	1.399	0
Villtur lax	Nýrnaveiki (BKD)	Líffæri	620	582	38

¹ H5 neikvætt

² Lítil/engin meinvirkni (HPR0)

3.3 Viðbrögð

Matvælastofnun vinnur eftir sérstakri viðbragðsáætlun þegar alvarlegir smitsjúkdómar koma upp. Í áætluninni er að finna skilgreiningu á boðleiðum, gátlista fyrir þá sem stjórna aðgerðum, ýmis eyðublöð, leiðbeiningar, upplýsingar um nokkra sjúkdóma, almennt yfirlit yfir viðbrögðin o.fl. Hluta viðbragðsáætlunarinnar er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar. Áætlunin er í stöðugri endurskoðun og vinnslu.

4. Alifuglar

4.1. Sjúkdómar

4.1.1. Innflutningur

Á árinu 2012 var átta sinnum flutt inn frjóegg til endurnýjunar á holdahænsnastofninum (Aviagen Ross 308 stofn), og tvisvar til endurnýjunar á kalkúnastofninum (British United Turkeys stofn).

Tveir varphænsnastofnhópar voru fluttir inn á árinu, tveir Lohman LSL stofnhópar (hvítar varphænur) og einn Lohman LB stofnhópur (brúnar varphænur).

Allur innflutningur gekk vel, lítið var um vanhöld og vöknudu engar grunsemdir um smitsjúkdóm í hópum í sóttkví.

4.1.2. Bólusetningar

Stofnfuglar hænsnflugla eru bólusettir gegn hænsnalömun, blávængjaveiki og hníslasótt. Dagsgamlar varphænur eru einungis bólusettar gegn hænsnalömun. Kalkúnaforeldrar og aðrir alifuglahópar eru ekki bólusettir.

4.1.3. Tilkynningaskyldir sjúkdómar

Í febrúar 2010 greindist fuglakólera af völdum *Pasteurella multocida* á varphænsnabúi á Suðvesturlandi. Enn í dag er búið smitað og hefur smit fundist endurtekið í hænsnahópum síðan þá. Afföll hafa verið há í smituum hópum, upp undir 50%. Líklegt er að ófullnægjandi smitvarnir og meindýravarnir, mikill þéttleiki í húsum og raki leiði til þess að búið hefur ekki losað sig við smit. Bakterían er ekki talin hættuleg mönnum.

4.2. Dýravelferð

Tilkynningar bárust frá eftirlitsdýralæknum í sláturhúsum vegna misdjúpra dritbruna undir fótunum kjúklinga. Í sumum tilfellum voru fuglarnir einnig mjög óhreinir sem bendir til þess að undirburður hafi ekki verið nægjanlega þurr í eldishúsi.

Vandamál komu upp við flutning á alifuglum í sláturhús. Stundum var of þröngt í búrum miðað við reglur sláturleyfishafa. Einnig hafa komið upp tilfelli um aukin dauðsföll við flutning sem rakin eru til þess að loftræsting við flutning hefur ekki verið nægjanleg. Á heitum sumardögum eykst hættu á súrefnisskortri við flutning. Í reglugerð nr. 127/1958 (flutningsreglugerð) er ekki að finna ákvæði um flutning á alifuglum og úr því þarf að bæta.

Með stuttu millibili komu upp tvö tilfelli þar sem flutningsbúr með kjúklingum á leiðinni til slátrunar duttu úr flutningabíl á ferð. Í hvorugu tilfellinu opnuðust flutningskassar sem duttu út og færri kjúklingar drápu en vænta mætti við slíkt atvik.

Í kjölfar bilunar í loftræstikerfi eins varphúss kafnaði hluti varphæna. Matvælastofnun gerði kröfur um úrbætur sem ætlaðar voru til að fyrirbyggja að slíkt gæti endurtekið sig.

4.3. Rannsóknir

4.3.1. Sjúkdómaskimun

Á árinu var leitað mótéfnna gegn fuglaflensu, Newcastle-veiki og mótéfnna gegn smitandi berkjubólgu (IB) og smitandi kverka- og barkabólgu (ILT) í frístundavarphænsnahópum. Engin mótéfnni fundust.

Smitandi berkjubólga (IB) er til staðar á hinum Norðurlöndunum. Statens Veterinärmedicinska Anstalt (SVA) er að vinna að rannsóknarverkefninu „Emergence of novel strains of avian infectious bronchitis virus in Sweden“. Þar eru m.a. rannsakaðir IB-stofnar frá öllum Norðurlöndum, þar með talið Ísland, en Matvælastofnun hóf samvinnuna í byrjun árs. Ekki hefur komið upp grunur um IB hérlendis og hefur þess vegna ekki verið hægt að nota íslenska stofna til nánari greiningar að svo stöddu.

Ekki voru tekin sýni á árinu úr villtum fuglum vegna skimunar á fuglaflensu en í staðinn voru tekin sýni úr alifuglahópum á frístundabúum. Sýnin voru einnig rannsökuð með tilliti til Newcastle-veikiveirunnar með PCR. Engin Newcastle-veikiveirur fundust, en mjög vægar jákvæðar niðurstöður fengust í mælingum á Paninfluenza A-veirum í fjórum stroksýnum með PCR, sem rannsóknarstofan taldi jafnvel vera neikvæð. Sýnin voru neikvæð fyrir H5 sermisgerð.

4.3.2. Salmonella

Eftirlit með salmonellu í alifuglum var breytt með útgefni áætlun Matvælastofnunar þann 6. febrúar 2012.

Tíðni salmonellu í kjúklingaeldishópum lækkaði úr 2,2% árið 2011 í 1,5% árið 2012, en farga þurfti 10 eldshópum vegna salmonellusmits.

Sex tilfelli mátti rekja til endursmits í áður smituðum húsum, með áðurgreindum salmonellusermisgerðum. Í hinum fjórum tilfellum var um sermisgerðir að ræða sem hafa fundist í alifuglaframleiðslu undanfarin ár, en óljóst var hvernig smit barst í viðkomandi hópa.

Ný sermisgerð, *Salmonella* Corvallis, fannst í kjúklingahópi við slátrun, en þessi sermisgerð hefur ekki greinst áður í sýnum teknum hérlendis.

Í öðrum kjúklingaslátruhópi fannst *S. Agona*. PFGE-greiningar leiddu í ljós að þessi stofn var ekki skyldur *S. Agona* stofni sem hefur endurtekið fundist í kjúklingahópum hjá tilteknum framleiðanda, en þar hafa allir verið með 100% samsvörun í PFGE-munstri.

Í einu tilfelli fannst *S. kentucky* í kjúklingaeldishópi rétt fyrir slátrun, þetta greindist í sokkasýni sem tekið var að eigin frumkvæði slátruleyfshafa. Hópurinn var kominn til slátrunar þegar niðurstöður bárust, ekki fannst salmonella við sýnatöku á slátrulínu og ekki heldur í hefðbundinni sýnatöku tveimur til þremur vikum fyrir slátrun. Afurðir voru hitameðhöndlaðar fyrir dreifingu.

4.3.3. Kampýlóbakter

Vöktun á kampýlóbakter í alifuglum breyttist með áætlun sem Matvælastofnun gaf út þann 29. júní 2012. Helstu breytingar eru þær að nú eru ekki lengur tekin sýni við slátrun á tímabilinu nóvember til og með mars ár hvert. Ekki þarf heldur að taka sýni fyrir slátrun ef ætlunin er að frysta eða hitameðhöndla afurðir hópsins.

Tíðni kampýlóbakter í kjúklingaeldi var mjög lág árið 2012. Á tímabilinu maí til ágúst fór tíðnin í eldshópum aldrei yfir 10%, en í september voru 13% kjúklingahópa jákvæðir í eldi sem var hæsta mæling á þessu ári í eldshópum.

Ef litið er á stöðu kampýlóbakter í heilum kjúklingaskrokkum sem var dreift ófrystum eða óhitameðhöndluðum á markað má sjá að tíðnin var hæst í ágúst 2012, en þá fannst kampýlóbakter í 10% skrokka. Í öðrum mánuðum fór tíðni í heilum skrokkum aldrei yfir 5%. Á árinu var árstíðni í kjúklingaskrokkum 2% sem er afar lágt borið saman við önnur lönd.

4.4. Fundir og fræðsla

Dýralæknir alifuglasjúkdóma tók þátt á TAIEX-námskeiðinu "Control system for zoonoses, Data collections and information reporting to EFSA" þann 28. og 29. febrúar, en námskeiðið var haldið í Reykjavík.

Dýralæknir alifuglasjúkdóma tók einnig þátt á TAIEX-námskeiðinu „Workshop on HACCP principles and HACCP based procedures“, sem var haldið dagana 23. – 25. maí í Reykjavík.

Þann 17. september var haldið námskeið hjá finnsku matvælastofnuninni EVIRA í Helsinki, sem dýralæknir alifuglasjúkdóma tók þátt í. Kynntar voru fyrstu niðurstöður úr verkefninu „Campylobacter, Criteria and Chicken. Establishment of risk based criteria for Campylobacter in poultry“.

Dýralæknir alifuglasjúkdóma hélt erindi um heilbrigði alifugla á Íslandi árið 2012 á árlegri ráðstefnu „Nordic poultry conference“, en í þetta skipti var hún haldin í Stokkhólmi frá 5. til 7. desember 2012.

5. Fiskar

Segja má að árið 2012 hafi reynst fiskeldisgreininni farsælt að flestu leyti. Engir alvarlegir smitsjúkdómar litu dagsins ljós, tíðarfar var hagstætt og engar umhverfisógnir á borð við þörungablóma settu strík í eldisreikninginn. Markaðsmál voru þó greinin ekki jákvæð, en sú þróun var fyrirséð miðað við árið á undan þegar verð á slátrufiski lækkaði um allt að helming. Ofan á lægra skilaverð bættist svo ákveðin sölutregða sem er í takt við þá efnahagsörðugleika sem markaðir álfunnar eru að glíma við. Það hefur hægt á uppbyggingunni hjá þeim fyrirtækjum sem styttra voru á veg komin en önnur hafa haldið sínu striki, eins og tölur um aukna framleiðslu sýna. Þá er fyrirséð innkoma nýrra fyrirtækja, ekki síst í eldi senegalflúru á Reykjanesi og laxi á Vestfjörðum. Kynbætur standa sterkt á öllum helstu sviðum sem er án efa grundvöllur að öflugum framtíðareldi. Í heildina voru 52 fiskeldisstöðvar í fullum rekstri árið 2012 og fór dýralæknir fisksjúkdóma í alls 177 eftirlitsheimsóknir í þessi fyrirtæki á árinu. Undir lok ársins var gengið frá ráðningu Sigríðar Gísladóttur í 70% stöðugildi fisksjúkdómamála, en hún hefur unnið við fisksjúkdómaeftirlit og ráðgjöf í Noregi frá því að hún útskrifaðist frá dýralæknaskólanum í Osló í lok árs 2011.

Hlutfallsleg aukning í framleiðslu á milli ára hefur orðið töluverð. Munar þar mestu um lax og regnbogasilung þar sem slátrarmagn á laxi eykst þrefalt og á regnboga um næstum helming. Aðrar tegundir standa nánast í stað. Alls var slátrað 7.368 tonnum af eldisfiski árið 2012 og uppskera kræklinga var um 63 tonn.

Tafla V.5.1: Heildarframleiðsla í eldi lagardýra, árin 2001-2012 (tonn af óslægðum fiski)

Tegund	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001
Lax:	2.923	1.083	1.068	714	292	1.158	6.894	6.094	6.020	3.710	1.471	2.645
Bleikja:	3.089	3.021	2.427	2.405	3.124	2.851	1.426	977	1.336	1.670	1.540	1.320
Regnbogi:	422	226	88	75	6	11	10	50	142	180	248	105
Beitarfiskur:	0,3	2,5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Þorskur:	893	877	1.317	1.805	1.502	1.467	1.412	1.050	595	393	205	70
Lúða:	13	33	72	49	39	31	141	129	123	95	120	93
Sandhverfa:	28	20	46	68	51	70	47	115	62	32	9	2,7
Ýsa:	0	0	0	0	4,5	23	23	0	0	65	0	0
Barri:	0	0	0	0	0	0	0	0	0	76	40	20
Sæeyra:	0	0	0	0	0	0,5	0,4	4	1,5	6,5	23,6	22,3
Risarækja:	0	0	0	0	0,3	0,3	0,2	0,1	0	0	0	0
Kræklingur:	63	46	32	49	10	10	7	5	5	4	0,5	0
Samtals:	7.431	5.309	5.050	5.165	5.029	5.622	9.961	8.424	8.285	6.232	3.657	4.278

Sjúkdómastaða landsins hefur ekkert breyst á milli ára og er áfram óhemju sterk, ekki síst er varðar alvarlega veirusjúkdóma. Þessi staða gefur innlendra kynbótastarfsemi byr undir báða vængi og er erfðaefni eftirsótt víða erlendis til áframeldis. Árið 2012 voru fluttir út 8.554 lítrar af laxahrognum til Chile, Færeyja, Noregs, Danmerkur, Kanada og Austurríkis og 120 lítrar af bleikjuhrognum til Austurríkis, Danmerkur og Írlands. Alls voru flutt út 1.532.457 laxaseiði til Færeyja til áframeldis og auk þess 10.080 laxaseiði til Noregs í sérstaka veirurannsókn (brisdrep) í tengslum við kynbætur á sviði sjúkdómapöls. Loks voru flutt út 2.500 lúðuseiði til Noregs.

Árið 2012 var þremur fyrirtækjum veitt heimild til innflutnings á alls 260 lítrum af regnbogasilungshrognum frá Danmörku til klaks og áframeldis. Auk þess voru flutt inn 2.400 tilapiaseiði (Hekluborri) frá Kanada og 560 dýr tveggja tegunda sæeyra frá Japan til kynbóta og áframeldis. Þá var einnig veitt leyfi til tveggja tilraunainnflutninga á alls 100.000 senegalflúriseiðum frá Spáni, en seiðum var síðan fargað og eytt eftir 8 daga sóttkví þegar sannreynt var að flutningur hefði gengið vel.

5.1. Sjúkdómar

Tafla V.5.2: Smitsjúkdómar af völdum baktería í íslenskum fiskeldisstöðvum árin 2001-2012

Sjúkdómur	Ný sjúkdómtilfelli pr. ár / fjöldi fiskeldisstöðva											
	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001
Hitraveiki	0	0	1*	0	0	0	0	0	0	0	0	1*
Kýlaveikibróðir	6**	6**	7**	7**	7**	9**	8**	3#	6°	4°	2°	2**
Nýrnaveiki	0	2*	1°	0	0	1°	4°	3°	3°	1°	1°	0
Rauðmunnaveiki	1*	1*	3°	1*	2*	1*	2°	3°	0	4°	0	2°
Söðulsár/sporðá- ta	5°	2#	1°	1°	1#	1#	1#	0	0	1#	2°	0
Vetrarsár	3**	1*	1*	0	0	0	0	0	0	2*	1*	0
Vibríuveiki	2#	1#	2#	3#	4#	2#	3#	4#	3#	2#	0	1#
Þekjublaðra	0	1#	0	0	0	0	1#	1#	1#	0	0	0

* Strandeldisstöð (selta: 10 - 25%) ° Sjúkvíaelði (full selta) ° Klak- og seiðaelðisstöð (ferskvatn) # Eldi sjávarfiska (full selta)

Kýlaveikibróðir (*Aeromonas salmonicida* undirteg. *achromogenes*) var með svipuðu móti og undanfarin ár. Nýsmit var staðfest í alls sex tilfellum; tvö tilfelli í áframeldisþorski í sjókvíum og eitt í þorskeiðastöð, eitt í áframeldi á laxi í strandeldi og tvö í áframeldi á bleikju, einnig í strandeldi. Þorskurinn var ávallt óbólusettur en laxinn og bleikjan bólusett. Bakterían greinist ár hvert úr stöku villtum fiski í laxveiðiam allt í kringum landið.

Nýrnaveiki (*Renibacterium salmoninarum*), sem einungis smitar laxfiska, kom hvergi upp sem nýsmit árið 2012. Dulíð smit fannst hins vegar í 38 villtum laxahrygnum (6,1%) úr 10 laxveiðiam allt í kringum landið og var hrognum undan þeim umsvifalaust fargað. Nýrnaveiki er grafalvarleg og afar erfið viðfangs og hefur leitt til ófárra rekstrarþrota eldisstöðva á liðnum áratugum.

Rauðmunnaveiki (*Yersinia ruckeri*) var einungis staðfest sem nýsmit í einu tilfelli í áframeldi á laxi á liðnu ári. Sjúkdómurinn er þó viðvarandi í eldi sandhverfu og er haldið niðri með bólusetningu.

Vetrarsár (*Moritella viscosa*) voru óvenju áberandi á liðnu ári og komu upp sem nýsmit í alls þremur tilfellum. Af þessum tilfellum bar allra hæst að sjúkdómurinn var í fyrsta sinn greindur í bleikju hér á landi í byrjun mars. Önnur tilfelli vetrarsára voru í vægari kantinum og komu annars vegar upp í áframeldi á regnbogasilungi í sjókvíum og hins vegar í seiðaelði lax sem verið var að seltuvenja fyrir sjókvíaelði. Allur lax er vel bólusettur áður en hann fer í sjóeldi.

Vibríuveiki (*Vibrio anguillarum*) sýndi sig í tveimur tilfellum í áframeldi á þorski í sjókvíum árið 2012. Smit er nánast viðvarandi í kvíaelði þar sem umfangsmikið þorskeldi er stundað og af og til þarf að grípa til lyfjagjafar til að forðast mikil afföll. Aleldisseiði eru bólusett gegn vibríuveiki og hefur sú forvörn gagnast þrýðilega.

Sporðáta/roðrot (*Flavobacterium psychrophilum*) var óvenju áberandi á liðnu ári og voru skráð alls 5 tilfelli sem nýsmit. Bakterían er að mestu bundin við ferskvatnseldi silungs. Algengast er að smáseiði á bilinu 5-15 gr. sýni sjúkdómseinkenni en oftast dregur verulega úr meinvirkni bakteríunnar þegar seiðin vaxa úr grasi. Af þeim 5 tilfellum sem höfð voru afskipti af á síðasta ári voru fjögur í eldi bleikjuseiða og eitt í regnbogasilungi í mjög köldu vatni (3,5°C).

Sníkjudýrin Costia (*Ichthyobodo necator*) og **Trichodina sp.** eru algeng vandamál í fiskeldi, á öllum stigum og árstíðum. Alls voru skráð 8 alvarleg costíutilfelli árið 2012; fimm í laxaseiðum og þrjú í bleikjuseiðum. Trichodina olli tjóni í 4 skráðum tilfellum; þremur í bleikju og einu í þorski.

Laxalús (*Lepeophtheirus salmonis*) lét ekki mikið á sér kræla árið 2012 og fiskilús (*Caligus elongatus*) kom lítið við sögu. Í þorskeldi er **fiskilús** algengust, en þó í bland við **þorskalús** (*Caligus curtus*). Fiskilús er smávaxin og með sogskálar (ekki bitklær líkt og laxalús) og veldur ekki sárum á kvíafiski en getur þó verið hvímeið og valdið óþarfa áreiti. **Tálknalús** (*Salmincola ssp.*) er algeng í villtum vatnafiski hér á landi og mikil sýking getur leitt til sára og jafnvel bakteríusýkinga í kjölfarið.

Sæsteinsuga (*Petromyzon marinus*) er orðin býsna algeng og sennilega fastagestur hér við land samfara hlýnun sjávar. Sæsteinsuga er frumstæður fiskur af flokki hringmunna, frumstæðasta hópi hryggdýra, sem sýgur sig fastan á fiska og hvali og nærast á blóði. Á liðnu ári voru sár eftir sníkilinn algeng á sjóbirtingi á Suðurlandi og tíðni sárafiska há í afla veiðimanna á einstaka svæðum.

Ormasýking í innri líffærum greindist ekki nema í skrautfiskum og villtum fiski árið 2012, en þessir fiskar eru yfirleitt töluvert sýktir af sníkjudýrum í sínu náttúrulega umhverfi. **Gotraufarblæðing** af völdum hringorma (*Anisakis simplex*) sem var mikið áberandi í villtum nýveiddum laxi í flestum ám landsins sumarið 2007 hefur fjarað út og sást ekki svo vitað sé á liðnu ári.

Nýrnasýki (PKD) sem frumdýrið *Tetracapsuloides bryosalmonae* veldur var í fyrsta sinn staðfest hér á landi í bleikju í Elliðavatni sumarið 2008. Síðan hafa rannsóknir undir forystu Árna Kristmundssonar á Keldum m.a. staðfest að nær allur bleikju- og urriðastofn Elliða- og Víflisstaðavatns er smitaður og hátt hlutfall sýnir klínísk einkenni. Sýkillinn hefur greinst í a.m.k. sjö vötnum, en sníkjudýrið krefst ákveðinna umhverfisaðstæðna til æxlunar og dreifingar. Sníkjudýrið er þekkt í nágrannalöndum okkar og hefur valdið miklu tjóni, bæði í eldi og í villtum stofnum.

Sníkjuflaturmurinn **Gyrodactylus marinus**, sem greindist í fyrsta sinn í eldisþorski hér á landi vorið 2006, hefur sýnt sig að vera viðvarandi í sjókvíaelði hér við land. Sníkillinn var staðfestur í tveimur frekar alvarlegum tilfellum árið 2012, annað í sjókvíum og hitt í strandeldi. Þá eru önnur sníkjudýr í þorskeldi sem stöðugt þarf að vakta. Sníkjuveppurinn *Loma sp.* og frumdýrið *Ichthyophonus hoferi* geta verið áberandi í tálknnum og innri líffærum og krabbadýrið *Lernaeocera branchialis* (illa) og einfrumungur sem veldur æxli í gervitálknnum (*X-cell disease*) koma einnig við sögu.

Alvarlegur faraldur af völdum sníkjudýrsins *Ichthyophonus hoferi* (hnyð) kom upp í íslensku sumargotssíldinni haustið 2008 og af heimildum að dæma er þetta í fyrsta sinn sem slík farsótt er staðfest hér við land. Fjórða árið í röð herjaði sýking á stofninn og ætlar að verða þrálát. Loks komu þó sterkar vísbindingar um að faraldurinn sé í rénun og horfur með stærð veiðistofnsins bjartari en undanfarin ár með tilkomu sterkra, lítið sýkra árganga. Þetta á sérstaklega við um yngri síld, en þriggja ára síld og yngri reyndist nánast ósýkt en um 18% fjögurra ára síldar var sýkt.

Á liðnu ári voru **sveppasýkingar** fátíð vandamál ef undan er skilinn **hrognasveppur** (*Saprolegnia parasitica*) sem er víðast til staðar þar sem fiskeldi er stundað.

Umhverfistengd afföll voru ekki mjög áberandi árið 2012. Þrjú tilfelli **loftbólaveiki** (gasyfirmettun) komu upp. Tilfelli áttu sér stað hjá þremur ólíkum fisktegundum; í frumeldi regnbogasilungs, hekluborra (tilapia) og laxaseiðum og voru afföll mikil. **Svifþörungur í sjó** áttu sína spretti á liðnu ári en tjón var fremur lítið. Vorblóma varð víða vart í maí þar sem hefðbundnir kísilþörungur léku aðalhlutverkið en einnig mátti greina eitruþörunginn *Alexandrium tamarense*. Afföll í sjókvíaelði mátti nánast eingöngu rekja til kísilþörungna. Laxadauði átti sér stað á Austfjörðum og í sláturkví á Vestfjörðum. Þá mátti greina einkenni í kvíaelði í Lóni í Kelduhverfi, en án þess að fiskur dræpist. Þörungablóminn fjaraði svo hratt út í byrjun júní. Kísilþörungur seyta ekki frá sér eitri en sökum byggingar þeirra með hvössum nálum særa þeir tálkn fiska sem getur leitt til sýkingar og dauða.

Engar sjúkdómsvaldandi veirur greindust í þeim 8.565 fiskasýnum sem tekin voru til rannsókna í 12 eldisstöðvum árið 2012. Veirugreining sýna fór nokkuð jöfnum höndum fram bæði á Keldum og í Færeyjum, en einnig í Noregi.

Áhersla er lögð á að lágmarka notkun sýklalyfja í fiskeldi og hefur vel tekist til. Engin sýklalyf voru notuð í eldi lax, silungs eða flatfiska árið 2012, þau lyf sem voru notuð fóru öll í eldi þorsks. Árið 1999 hófst skipulagt og árlegt eftirlit með leifum sýklalyfja í eldisfiski og hafa öll sýni reynt hrein frá þeim tíma.

5.2. Dýravelferð

Árið 2012 kom ekkert mál tengt meintum brotum á velferð fiska til kasta dýralæknis fisksjúkdóma.

5.3. Fundir og fræðsla

Eins og öll undanfarin ár hefur töluverðum tíma verið varið í fundahöld, fræðslu og skýrslugerðir fyrir ýmsa aðila, bæði innlenda og erlenda. Dýralæknir fisksjúkdóma hélt m.a. fyrirlestur um fisksjúkdóma og skyld málefni fyrir nemendur á

fiskeldisbraut Háskólans á Hólum og einnig fyrir erlenda nemendur í Sjávarútvegsháskóla Sameinuðu þjóðanna. Þá voru haldnir fræðslufundir og endurmenntunarnámskeið fyrir starfsfólk einstakra eldisfyrirtækja. Nokkuð mikið var um heimsóknir dýralækna, fisksjúkdómafræðinga, fjölmiðlafólks og fiskeldismanna til Matvælastofnunar á liðnu ári. Gestir komu m.a. frá Chile, Noregi, Skotlandi, Spáni, Kanada og Færeyjum og var þeim flutt fræðsla um íslenskt fiskeldi með áherslu á sjúkdómamál og eftirlit, auk þess sem sumir fengu að vera með í eftirliti og sýnatökum í eldisstöðvum. Dagana 5.–7. nóvember fór dýralæknir fisksjúkdóma í kynnisferð til Færeyja. Ferðin var farin að frumkvæði Landssambands fiskeldisstöðva sem hafði veg og vanda af skipulagningu og þótti vel heppnuð í alla staði. Alls fóru 13 manns sem allir voru fulltrúar fiskeldisfyrirtækja og stjórnvalda sem tengjast fiskeldi; ráðuneyta, Hafró, Fiskistofu og Matvælastofnunar. Fundað var með færeyskum stofnunum sem koma að fiskeldi og fiskeldisstöðvar, sláturhús, nótaþvottastöð og rannsóknastöð heimsóttar. Dýralæknir fisksjúkdóma er meðal annars þátttakandi í AVS-rannsóknarverkefninu „Hrognagæði eldisþorsks“ sem stendur yfir 2011–2013 og einnig umsjónardýralæknir fyrir nokkrar fiskatilaunir. Einnig má geta samstarfsverkefnis faraldsfræðinga í fisksjúkdómum sem dýralæknir fisksjúkdóma tók þátt í vor og sumar 2012 ásamt kollegum frá Bandaríkjunum, Kanada, Chile, Skotlandi og Noregi. Kastljósinu var að þessu sinni beint að veikleikum og styrkleikum í eftirliti og regluverki með það að leiðarljósi að samræma eftirlit og aðgerðir á alþjóðavísu.

6. Hross

Hrossaræktin hefur þá sérstöðu í íslenskum landbúnaði að skapa miklar gjaldeyristekjur með útflutningi á lifandi hestum auk þess sem útflutningur á hrossakjöti er umtalsverður. Mikið er í húfi að viðhalda heilbrigði íslenska hrossastofnsins enda er hann einhver dýrmætasta erfðaauðlind landsins. Samkvæmt forðagæsluskýrslum voru alls 78.277 hross á landinu árið 2012.

Útflutningur hrossa var heldur meiri en á árinu 2011. Alls voru flutt út 1.334 hross, flest voru send í flugi til Liege Belgíu og var þeim dreift þaðan til hinna ýmsu Evrópulanda. Til Þýskalands fóru flest hross eða 542, til Norðurlandanna alls 378 og til Bandaríkjanna 40 hross. Nánar er fjallað um útflutning hrossa í kafla [VI.6.1.](#)

6.1. Sjúkdómar

6.1.1. Smitandi hósti

Sjúkdómurinn var áberandi í folöldum og veturgömlum trippum á seinni hluta ársins og er eins og við mátti búast orðinn landlægur unghrossasjúkdómur. Áfram er fylgst með þróun hinna ýmsu stofna *Streptococcus zooepidemicus* í hrossastofninum í samtarfi við Tilaunastöðina á Keldum.

6.1.2. *Listeria*

Í byrjun árs drápu 6 hross í 30 hrossa hópi á útigangi skyndilega úr listeríusýkingu sem talið er að hafi verið fóðurborin. Ekki bar á frekari veikindum.

6.1.3. Skimanir

Tilgangur skimana er að afla reglubundið gagna sem eru lýsandi fyrir stöðu smitsjúkdóma í íslenska hrossastofninum. Sýnatökuáætlun var gerð vegna skimunar fyrir þremur smitsjúkdómum í hrossastofninum: hestainflúensu (EI), herpes týpu 1 (EHV-1) og smitandi blóðleysi. Skoðuð voru sýni úr 50 stóðhestum víðsvegar að af landinu, sem hver um sig hafði sannanlega haft nán samskipti við a.m.k. 100 hross mánuðina fyrir sýnatökuna. Sýnin voru valin úr lífsýnabanka íslenska hestsins. Öll sýnin reyndust neikvæð.

6.1.4. Áhættumat

Dýralæknir hrossasjúkdóma kom að gerð áhættumats vegna innflutnings á lifandi hrossum til landsins en þar eru niðurstöður skimana m.a. lagðar til grundvallar.

6.1.5. Varnir gegn því að nýir smitsjúkdómar berist til landsins

Áhersla var lögð á að koma upplýsingum um reglur um smitvarnir á framfæri með rafrænum hætti á póstlista FEIF (alþjóðasamtaka íslenska hestsins) auk innlendra hestamiðla og félagasamtaka. Hestamenn geta nýtt sér hreinsunarþjónustu fyrir reiðfatnað á Keflavíkurflugvelli en þjónustan er þó mun minna nýtt en áætlað hafði verið. Því verður enn að líta svo á að tíðar ferðir atvinnumanna í hestamennsku milli landa feli í sér mesta hættu á að nýir smitsjúkdómar berist í hrossastofninn.

Eftirlit tollvarða með innflutningi á notuðum reiðtyggjum, óhreinum hestafatnaði og öðru sem getur borið með sér smit er stöðugt í gangi. Matvælastofnun kærir hvers kyns tilraunir til smygls á slíkum varningi til lögreglu og voru tvö mál kærð til lögreglu á árinu 2012.

6.1.6. Viðbragðsáætlanir

Dýralæknir hrossasjúkdóma vann í samvinnu við LM ehf sérstaka viðbragðsáætlun vegna smitsjúkdóma og alvarlegra slysa fyrir Landsmót hestamanna í Reykjavík.

6.1.7. Spatt

Dýralæknir hrossasjúkdóma vann í samvinnu við Bændasamtök Íslands að fyrirbyggjandi aðgerðum gegn spatti í íslenska hrossastofninum. Frá árinu 2005 hefur verið gerð sú krafa til allra stóðhesta sem koma til kynbótadóms 5 vetra og eldri að þeir hafi verið röntgenmyndaðir m.t.t. sjúkdómsins og niðurstaða þeirra greiningar gerð opinber í gagnabankanum Veraldarfeng (WF). Dýralæknir hrossasjúkdóma sér um samræmdan aflestur röntgenmyndanna og skráningu niðurstaðna í WF og hefur auk þess yfirumsjón með aflestri og skráningu sjúkdómsins í öðrum aðildarlöndum FEIF.

Árlega berast myndir af um 200 stóðhestum til aflestrar í þessum tilgangi.

6.1.8. Eitranir

Í kjölfar þess að flúormengun frá álverinu á Reyðarfirði fór yfir hættumörk á árinu mat dýralæknir hrossasjúkdóma gögn málsins og hvernig bæri að fylgjast með heilsu ungra hrossa sem nærðust á menguðu grasi og mögulega urðu fyrir flúoreitrun. Flúor getur haft skaðleg áhrif á glerungsmýndun tanna sem á sér stað fram að 5 vetra aldri. Hafa ber í huga að langan tíma getur tekið áður en hugsanlegar glerungsskemmdir verða sýnilegar í hrossunum. Engin einkenni bráðaeitrunar komu fram í hrossum á svæðinu né vísbendingar um eitrunaráhrif á beinvef.

6.2. Dýravelferð

6.2.1. Fóðrun og aðbúnaður

Eftirlit með fóðrun og aðbúnaði hrossa fór fram skv. lögum um búfjárhald. Áhersla var lögð á heildstætt mat á velferð hrossa hvort heldur á útigangi eða í húsvist og hafa verklagsreglur þar að lútandi verið kynntar. Dýralæknir hrossasjúkdóma veitti ráðgjöf og var héraðsdýralæknum til aðstoðar við eftirfylgni á málum þar sem þess var óskað. Offita og hreyfingarleysi fá nú aukna athygli út frá dýravelferðarsjónarmiði vegna tengsla við langvinna hófsperru sem veldur hrossum mikilli vanlíðan.



6.2.2. Heilbrigði og meðferð keppnishesta

Eftirlit með heilbrigði og meðferð keppnishesta samkvæmt fyrirkomulaginu „Klár í keppni“ fór fram á Landsmóti hestamanna í Reykjavík og á Íslandsmóti í hestaíþróttum á Vindheimamelum. Dýralæknir hrossasjúkdóma fer með samræmingu á eftirlitinu, og vinnur úr niðurstöðunum. Fram kom að særindi í munni eru alvarlegasta ógnin við velferð keppnishesta. Mikinn lærdóm má draga af niðurstöðunum sem kynntar voru ítarlega á árinu bæði í ræðu og riti. Tækifæri til úrbóta blasa við en nauðsynlegt er að allir sem að hestamenskunni koma sameinist um það verkefni. Félagasamtök hestamenskunnar stofnuðu í því skyni nefnd sem fjallar um velferð hesta og hefur hún þegar ályktað um nauðsynlegar forvarnir.

Fræðsla er einn mikilvægasti þátturinn í því sambandi og hefur dýralæknir hrossasjúkdóma einbeitt sér að fræðslu um særindi í munni hesta sem eiga rætur sínar að rekja til beislisbúnaðar og notkunar hans auk vandamála tengdum tönnum.

Dýralæknar eru meðal þeirra starfsstétta sem sýna þurfa sérstaka ábyrgð á þessu sviði þar sem framfarir í greiningu og meðhöndlun tannvandamála hjá hestum eru meðal þess sem stuðlað getur að betri munnheilsu. Dýralæknir hrossasjúkdóma stóð að því tilefni fyrir þriggja daga námskeiði fyrir dýralækna í greiningu tannsjúkdóma hjá hestum. Námskeiðið var haldið á Hólum í Hjaltadal en það var á vegum dýralæknadeildar sænska dýralæknaháskólans.

6.2.3. Annað

Dýralæknir hrossasjúkdóma svarar fjölda fyrirspurna um þætti er snúa að velferð hesta bæði frá innlendum aðilum og erlendum.

6.3. Rannsóknir

6.3.1. Sumarexem

Dýralæknir hrossasjúkdóma situr í verkefnisstjórn sumarexemsrannsókna. Rannsóknirnar eru unnar í samstarfi við fjölda erlendra rannsóknahópa og hafa skilað umtalsverðum árangri. Á árinu var fram haldið þróun aðferða til afnæmingar og/eða bólusetningar gegn sjúkdómnum. Dýralæknir hrossasjúkdóma á einnig aðild að nýju verkefni á þessu sviði sem unnið er í samvinnu við Cornell-háskólann í Bandaríkjunum og Tilraunastöðina á Keldum. Í því verkefni verður prófuð kenningin um að mótefni í broddmjólk hryssna, sem þegar hafa verið stungnar af smámýi *Culicoides spp.*, verji afkvæmi þeirra gegn sumarexemi.

6.3.2. Spatt

Spatt er slitgigt í flötu liðum hækilsins sem leitt getur til langvinnrar helti og komið niður á ganglagi hrossa. Sjúkdómurinn dregur úr endingu reiðhesta og rýrir þar með verðmæti þeirra. Greining sjúkdómsins byggir á röntgenmyndatöku og er tíðni slitgigtarbreytinga, s.s. kölkunar og upplausnar í aðlægum beinvef, háð aldri hrossanna. Rannsóknir benda til að helstu orsakapættir sjúkdómsins séu arfgengir en álag og aðrir umhverfispættir hafi minna að segja. Brjóskeyðing, sem er fyrsta stig sjúkdómsins, byrjar alla jafna fyrir tamningaraldur.

Áframhaldandi rannsóknir á spatti hafa það að markmiði að auka skilning á orsökum sjúkdómsins og flýta erfðafráfarum. Sú kenning hefur verið sett fram að sjúkdómurinn erfirst í gegnum óheppilega fótstöðu og/eða byggingu hækilsins sem leiðir til þess að álagið dreifist ekki jafnt um liðina og þeir verði óstöðugir. Þannig verði þrýstingur eða núningur á tiltekin svæði í liðunum of mikill og leiði til brjóskeyðingar. Ætla má að slíka byggingargalla sé hægt að greina strax frá unga aldri. Rannsóknin er unnin í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands, Dýralæknadeild Landbúnaðarháskóla Svíþjóðar og Dýralæknaskólann í Alfort í Frakklandi.

6.3.3. Önnur verkefni tengd rannsóknum

Sérgreinadýralæknir sat í tveimur doktorsnefndum við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.

- Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir. Uppruni íslenska hrossastofnsins. 2006–
- Þorvaldur Kristjánsson. Samband byggingar og hæfileika hjá íslenskum hrossum. 2007–

Sérgreinadýralæknir var aðstoðarleiðbeinandi í doktorsverkefni við Dýralæknadeild Landbúnaðarháskólans í Uppsölum, Svíþjóð.

- Charles Ley. Three dimensional morphometric parameters of the young Icelandic horse as indicators of cartilage degeneration in the distal tarsal joints. 2008–

Leiðbeinandi í lokaverkefni til BS-gráðu í reiðmennsku og reiðkennslu við Háskólann á Hólum.

- Christina Mai. The equine mouth in first basic training – A pilot study on young Icelandic horses. Munnur hestsins við frumtamningu – Forathugun á íslenskum tamningatrippum. Desember 2012.

6.4. Fundir og fræðsla

6.4.1. Fræðslugreinar

- Sigríður Björnsdóttir og Grétar Hrafn Harðarson. Fóðursýkingar í hrossum. Eiðfaxi febrúar 2012, bls 44 - 46.
- Sigríður Björnsdóttir. Áverkar í munni og tækifæri til úrbóta. Eiðfaxi, desember 2012, bls 76 - 80.

6.4.2. Skýrslur

- Sigríður Björnsdóttir. Klár í keppni 2012. Niðurstöður heilbrigðisskoðana á Landsmóti hestamanna og Íslandsmóti í hestaíþróttum / Report from the Veterinary examinations 2012 “Fit for competition test”. www.mast.is

6.4.3. Erindi

- Veterinary examinations at LM 2011 „Fit for competition test” General meeting of FEIF, Malmö, Sweden 03.03.2012
- Áverkar á keppnishestum á Landsmóti hestamanna 2011. Félagsfundur Dýralæknafélags Íslands 24. mars 2012.
- Fit for competition. Dómararáðstefna FEIF, Mosfellsbær, Ísland 13.04.2012.
- Klar for konkurranse. Norsk Islandshestforening, 27.10.2012.
- S Björnsdóttir¹, MTG Holden², V Svansson³, SR Harris², K Webb⁴, C Robinson⁴, KF Steward⁴, N Wright⁴, R Paillot⁴, JR Newton⁴, E Gunnarsson³, AS Waller⁴ Streptococcus zooepidemicus: more than just an opportunist? The 9th International Conference on Equine Infectious Diseases (EID IX) October 21-26, 2012, Lexington, Kentucky. In: Journal of Equine Veterinary Science Volume 32. Number10S, October 2012. ISSN:0737-0806.
- Fræðslufundur fyrir hestamannafélögin á höfuðborgarsvæðinu, Hrossaræktarsamband Vesturlands og Hrossaræktarsamband Eyfirðinga og Þingeyinga

6.4.4. Önnur stjórnsýsluverkefni

- Nefndarmaður í Tilraunadýranefnd.
- Seta í ritstjórn Acta Veterinaria Scandinavica
- Nefndarmaður í Velferðarnefnd hestamenskunnar

7. Loðdýr

Árið 2012 voru starfrækt 23 minkabú í landinu með um 40.000 paraðar læður skv. upplýsingum frá Bændasamtökum Íslands. Fjölgað hefur um eitt minkabú frá árinu áður og mun þeim fjölga um nokkur bú á árinu 2013, ef fer sem horfir. Loðdýrabú skiptast eftir umdæmum á eftirfarandi hátt:

- Suðvesturdæmi, 1 minkabú, 1 kanínubú.
- Norðvesturumdæmi, 8 minkabú.
- Norðausturumdæmi, 2 minkabú.
- Austurumdæmi, 4 minkabú.
- Suðurumdæmi, 8 minkabú.

Í landinu eru einnig starfrækt tvö einangrunarbú fyrir innflutta minka í Norðvesturumdæmi, eitt kanínubú en ekkert refabú. Þá er vitaskuld nokkuð um að einstaklingar haldi nokkrar kanínur, ýmist af angóru-, holda- eða feldkyni, eða sem gæludýr.

Staða minkaræktarinnar í landinu er góð enda er verð á minkaskinnnum á mörkuðum hátt og hefur haldist hátt undanfarin misseri. Mikill árangur hefur náðst í ræktunarstarfi minkabænda sem hefur skilað sér í stærri dýrum og betri feldgæðum. Árið 2012 komust íslensk minkaskinn í annað sæti þeirra þjóða sem selja skinn hjá uppboðshúsinu KopenhagenFur, annað árið í röð.

Líkt og fyrri ár voru flutt inn kynbótaminkar á vegum Sambands íslenskra loðdýrabænda. Fjallað er um innflutning minka í kafla VI.4.2.

7.1. Sjúkdómar

Hér verður eingöngu fjallað um sjúkdómastöðu aliminka sem Matvælastofnun hefur fengið upplýsingar um frá loðdýrabændum og dýralæknum á meinafræðideild Keldna.

Tíðni algengustu sjúkdóma var svipuð eða minni en undanfarin ár. Í nóvember kom upp á einu búi tilfelli af lungnafári af völdum bakteríunnar *Pseudomonas aeruginosa*. Var það meðhöndlað með sýklalyfjum á hluta búsins, og ásetningsdýr bóluset. Þetta var eina staðfesta tilfelli lungnafárs árið 2012.

Nokkuð var um misalvarlega sjúkdóma tengda fóðrun, s.s. skort á andoxunarefnum í fóðri sem olli fitubólgu og dauða.

Af öðrum fóðurtengdum vandamálum má nefna þvagsteina og þvagfærasýkingar, en breyting á efnainnihaldi minkafóðurs hafði góð áhrif á tíðni þessara sjúkdóma.

Hvolpadauði fyrsta gots læða er enn vandamál sem bændur glíma við, ásamt almennum vanhöldum á vaxtarskeiði. Í bígerð er rannsókn sem á að miða að því að skoða þátt fóðrunar og fóðureittrana í þessum hvolpadauða. Rannsóknin er nokkurs konar framhald af átaki í fóðurgerð og -gæðum sem fór af stað fyrir nokkrum árum.

Það er ljóst að framansögðu að mikil þörf er á að bæta fóðurgæði í minkafóðri.

Smitandi fótasár (e. Pododermatitis, footandface rot) greindist fyrst árið 2011 á Íslandi. Þar sem sjúkdómssvaldur smitandi fótasárs er enn óþekktur, er sjúkdómurinn greindur út frá einkennum. Sjúkdómurinn hefur ekki dreift sér svo vitað sé á árinu 2012 og engin ný tilfelli komu upp. Margir þeirra bænda sem fengu sjúkdóminn fyrst á sín bú, bæði á Suðurlandi og Austurlandi, eru enn að glíma við hann og hafa reynt af mætti að nota þær baráttuaðferðir sem viðurkenndar eru, s.s. að meðhöndla um leið og einkenni sjást eða aflífa veik dýr. Þetta virðist þó ekki bera fullan árangur, því að sjúkdómurinn kemur upp á ný. Öll innflutt dýr í einangrun eru skoðuð sérstaklega með tilliti til fótasára, en talið er að sjúkdómurinn hafi borist til landsins með innfluttum kynbótadýrum. Mikill áhugi er innan greinarinnar að ráða niðurlögum þessa hvítleiða sjúkdóms, og hafa samtök loðdýrabænda átt frumkvæði að rannsóknum á smitandi fótasári og stefna á samstarf við erlenda aðila í þeim málum.



Allar blóðprufur sem teknar voru á minkabúum landsins vegna reglugerðarbundins eftirlits með A-sjúkdómnum plasmacytosis reyndust neikvæðar í ár.

7.3. Dýravelferð

Velferðarmál loðdýra hafa verið í umræðunni víða um heim og er mikill áhugi bæði meðal íslenskra loðdýrabænda og dýralæknafrivalda að huga kerfisbundið að velferð dýranna, með sérstökum innri eftirlitskerfum að erlendum fyrirmyndum.

7.4. Fundir og fræðsla

Starf dýralæknis loðdýrasjúkdóma er 30% staða. Fram til 1. janúar 2013 hafði staðan verið laus í u.þ.b. 1 ár. Yfirdýralæknir ásamt fyrirverandi dýralækni loðdýrasjúkdóma sinntu nauðsynlegum verkefnum starfsins á því tímabili.

Núverandi dýralæknir loðdýrasjúkdóma sótti dýralæknanámskeið í Osló sem haldið var á vegum Norges Pelsdyrslag (Sambandi norskra loðdýrabænda) áður en hún tók við starfinu.

8. Nautgripir

Samkvæmt forðagæsluskýrslum voru 72.773 nautgripir í landinu; þar af 25.661 mjólkurkúr, 6.539 kelfdar kvígur á 727 búum og 20.177 kálfar yngri en eins árs á 779 búum, 1.639 holdakúr á 123 búum og 18.757 geldneyti á 854 búum.

8.1. Sjúkdómar

Tekin voru heilasýni úr 99 kúm og sem var slátrað í sláturhúsum og skimað eftir kúariðu á Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum. Ekki fannst kúariða í þessum sýnum.

Tekin voru mjólkursýni úr tönkum á 80 búum um allt land til að rannsaka m.t.t. smitandi barkabólgu/fósturláts (IBR/IPV) Q-fever og *Salmonella* Dublin. Ekki fundust mótefni gegn Q-fever og *Salmonella* Dublin en eitt sýni reyndist hafa mótefni gegn smitandi barkabólgu/fósturláti. Það var frá Egilsstaðabúinu á Völlum. Tekin voru blóðsýni úr 45 kúm á 9 búum sem rannsökuð voru m.t.t. smitandi fósturláts (*Brucella melitensis* og *B. abortus*). Ekki fannst mótefni gegn þessum sjúkdómsvöldum í þeim sýnum. Tilraunastöðin að Keldum hefur milligöngu um að senda sýnin til rannsóknarstofa erlendis.

Tekin voru 43 blóðsýni úr kúm þar sem skimað var eftir garnaveiki og voru þau öll neikvæð.

Matvælastofnun bærust upplýsingar um tvær sendingar af sýnum úr nautgripum sem send voru á Tilraunastöðina á Keldum á árinu. Í sýni úr kú með júgurbólgu greindist *Arcanobacterium pyogenes* sem er sjaldgæft afbrigði af júgurbólgu hér á landi. Þá hafði verið sent á Keldur húðsýni af kú með grun um hringsskyrri, en sá grunur var ekki staðfestur og er ekkert sem bendir til þess að um hringsskyrri hafi verið að ræða.

8.1.1. IBR/IPV á Egilsstöðum

Við reglubundna skimun í tankmjólkursýnum á 80 búum um allt land fannst mótefni gegn smitandi barkabólgu/fósturláts (IBR/IPV) í sýni frá Egilsstaðabúinu á Völlum. Svar barst frá danski rannsóknarstofu til Tilraunastöðvarinnar á Keldum þann 17. september. Héraðsdýralækni og bændum á Egilstöðum var strax tilkynnt um gruninn og viðeigandi ráðstafanir voru gerðar vegna samgangs við búíð og flutninga frá því til að hindra frekara smit. Sjúkdómseinkenna hafði ekki orðið vart, hvorki af eigendum né dýralæknum sem þjónustuðu búíð. Tekin voru blóðsýni úr 69 kúm og voru mótefni staðfest í 33 þeirra. Flutningur á gripum frá og að búinu var kannaður og kom í ljós að tveir nautkálfar höfðu verið fluttir á Nautastöð B.Í. í Borgarfirði, annar fæddur 2007 sem hafði verið notaður til sæðinga og var löngu búíð að slátra og hinn fæddur 2011 sem rétt var að hefjast sæðistaka úr. Ein kúr fædd 2008 hafði verið flutt að Fljótsbakka á Héraði í febrúar 2012. Til var sæði úr eldra nautinu, ekki mældist mótefni gegn IBR í sæðinu. Yngri nautið var strax sent í sláturhús og tekið blóðsýni úr því, mótefni fannst ekki. Blóðsýni tekið úr kúnni sem hafði farið að Fljótsbakka mældist með mótefni gegn sjúkdómnum og var henni slátrað.

Síðar á árinu voru tekin blóðsýni úr öllum nautgripum á Egilsstaðabúinu og Fljótsbakka og fannst þá ein kýr á Egilsstöðum sem var með mótéfnis sem benti til nýsmits.

Tekin voru blóðsýni á holdanautabúinu í Hrísey sem öll voru neikvæð og svo var einnig með sýni úr holdanautasæði sem tekið hafði verið í Hrísey.

Í samstarfi við Landssamband kúabænda og Mjólkursamsölnu voru tekin tanksýni hjá öllum 655 mjólkurinnleggjendum á landinu og reyndust engin mótéfnis í þeim sýnum, nema frá Egilsstöðum.

Gerðar hafa verið ítrekaðar tilraunir til þess að einangra veiruna bæði í stroksýnum og vefjasýnum úr slátruðum dýrum án árangurs.

Matvælastofnun lagði til við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið að öllum jákvæðum nautgripum á Egilsstaðabúinu yrði slátrað og tekin yrðu blóðsýni þar og á Fljótsbakka þangað til að tryggt verður að sýkingunni sé útrýmt úr landinu. Mælt var með að reyna að einangra veiruna úr sýnum teknum úr dýrum við slátrun.

Ekki hefur tekist að rekja það hvernig smit barst inn á Egilsstaðabúið og athyglisvert er að smitið hefur ekki borist frá Egilsstaðabúinu nema með einni kú sem fór smituð á annað bú en smitaði ekki frá sér. Margt bendir þó til þess að smitið hafi borist inn á búið fyrir allmörgum árum, hugsanlega 2006 eða 2007 þar sem að allar kýr sem fæddar voru 2007 og fyrr voru jákvæðar.

8.2. Dýravelferð

Unnið var að gerð skoðunarhandbókar um nautgripi, en eftirlitsdýralæknir á umdæmisskrifstofu Matvælastofnunar á Akureyri leiddi það verk. Skoðunarhandbókin verður í fjórum þáttum. I. þáttur er inngangur og kynning, II. þáttur er um fóður, III. þáttur er um hollustuhætti við mjólkur- og kjöfframleiðslu og IV. þáttur er um aðbúnað, umhirðu og smitvarnir. Er gert ráð fyrir að bókin verði gefin út snemma á árinu 2013.

Dýralæknir nautgripa og sauðfjársjúkdóma veitti ráðgjöf varðandi aðbúnað nautgripa. Hann fór tvisvar í eftirlitsferðir með héraðsdýralækni Vesturumdæmis að Brúarreykjum í Borgarfirði. Búið var svipt mjólkursöluleyfi í kjölfar nánast engra viðbragða bóndans vegna ítrekaðra krafna Matvælastofnunar um úrbætur og vörðuðu hreinlæti við matvælaframleiðslu og aðbúnað gripanna auk krafna um lögbundnar skráningar.

Einnig voru farnar tvær ferðir með héraðsdýralækni að Höfða í Þverárhlíð. Kýr voru illa fóðraðar og aðstaða fyrir uppeldi var slæm en brugðist var við hvoru tveggja og bætt úr á milli heimsóknna.

8.3 Skráningar í gagnagrunninn Mark

Sett var reglugerð um nr. 916/2012 um merkingar búfjár. Matvælastofnun fylgir eftir hvort skráningar í Mark séu uppfærðar reglulega, það er m.a. gert við fjósaskoðun og þegar sótt er um leyfi til flutninga nautgripa.

9. Sauðfé og geitur

Sauðkindur á landinu voru 474.732 á 2645 búum, þar af 37.527 ær, 11.646 hrútar, 80.265 gimbrar og 9.294 lambhrútar. Geitur voru 818 hjá 76 eigendum.

9.1. Sjúkdómar

Vöktun með garnaveiki fer að mestu fram í slátruhúsum, allar grunsamlegar garnir eru sendar til Keldna til frekari greiningar. Auk þess berast árlega nokkur sýni úr línubróttum. Samtals voru rannsökuð á Keldum 34 garnasýni og var grunur um garnaveiki í einu sýni frá bæ sem var fyrir á lista yfir garnaveikibæi. Fyrirhugað er að skerpa á þessu eftirliti.

Leitað var að riðu í 2.732 sýnum frá 120 búum. Flest sýnin voru tekin í slátruhúsum, en auk þess voru tekin sýni úr kindum sem slátrað var heima og kindum sem komu til krufningar á Keldum. Hvorki fannst riða né Nor98 í þessum kindum. Notuð eru sýni úr mænukylfu til að leita að riðu þannig að aðeins er hægt að leita í dauðum kindum.

Matvælastofnun bærust 17 svör um rannsóknir sem gerðar voru á innsendum sýnum vegna kinda á Keldum. Oft fjalla svörin um rannsóknir á fleiri einstaklingum sem þá hafa drepist úr einhverju svipuðu. Um er að ræða margvíslega sjúkdóma, en algengast er að send eru inn lömb eða líffæri úr kindum sem hafa verið með einhverju sjúkdómseinkenni frá öndunarfærum, oft með mótéfnis sem benda til misalvarlegrar kregðu og nokkuð um torkennilega barkakýlisbólgu.

Matvælastofnun berast aðeins niðurstöður úr greiningum frá Keldum þegar tilkynningarskyldir sjúkdómar greinast eða sérstaklega er beðið um það af sendanda sýnanna.

9.2. Sala og kaup á líflömbum og kiðum

Veitt voru 416 leyfi til að kaupa lömb. Sótt var um kaup á 1.388 hrútum og 4.085 gimbrum. Nú eru 134 aðilar sem hafa leyfi til að selja lömb. Veitt voru 16 leyfi til þess að kaupa 21 hafra og 70 huðnur. Ekki hefur verið tekið saman hve mörg lömb eða kið voru seld en stofnuninni er kunnugt um að einhver leyfi hafi ekki verið notuð.

9.3. Velferð

Reglulega koma upp mál þar sem takast þarf á við aðbúnaðarmál sauðfjár. Slíkt reynir helst á héraðsdýralæknana, sem fá aðstoð sérgreinadýralæknis og lögfræðinga stofnunarinnar ef til kærur kemur. Mörg aðbúnaðarmál búfjár tengjast vangetu eigenda, svo sem vegna veikinda eða persónulegra áfalla. Oft er reynt að bæta úr slíkum málum í samstarfi við sveitarstjórnir. Stundum virðist þó um skilningsleysi dýraeigenda á líðan dýranna að ræða eða viljaleysi við að fara eftir reglum eða jafnvel um þvermóðsku að ræða.

9.4. Rannsóknir

Sigrún Bjarnadóttir dýralæknanemi í Kaupmannahöfn hefur tekið sér lokaverkefni að rannsaka áhrif eldgosanna í Eyjafjallajökli og Grímsvötnum á heilsufar sauðfjár.

Tilraunastöðin á Keldum hefur gert drög að rannsóknar- og tilraunaverkefni, ætlunin er að rannsaka lungnasjúkdóma í sauðfé og reyna að rækta kregðusýkilinn, *Mycoplasma ovipneumoniae* með það markmið að framleiða sérhæft bóluefni til blöndunar í hefðbundið lungnapestarbóluefni sem nú þegar er framleitt á Keldum. Samstarfsmenn þar eru Hákon Hansson dýralæknir, og sérgreinadýralæknir nautgripa- og sauðfjársjúkdóma. Vilyrði hefur fengist um styrk úr þróunarsjóði sauðfjárræktar.

9.5. Málefni geita

Geitum hefur fjölgað talsvert á undanförunum árum, en ennþá er aðeins eitt bú á landinu sem stundar geitfjárrækt sem verulegan hluta af starfsemi búans, það er Háafell í Hvítársíðu. Sú starfsemi er virðingarverð og mjög mikilvægur grunnur að því að byggja upp ræktun á íslensku geitinni. Geitfjárstofninn er einstakur í heiminum, samfélaginu ber í raun skylda til að varðveita þennan stofn en hætt er við að koma þurfi til fjárhagslegur stuðningur til að svo megi verða. Það er alvarlegt að u.þ.b. 20% af stofninum skuli aðeins vera á einu búi.

9.6. Fundir og fræðsla

Dýralæknir nautgripa- og sauðfjárjúkdóma mætti á nokkra fundi með bændum bæði með fræðsluerindi og til viðræðu um málefni greinarinnar á tilteknum svæðum.

Hann sat fund og ráðstefnu NMSM (samráðsnefnd norrænna eftirlitsaðila í mjólkuriðnaði) sem haldin var á Íslandi í júní. Hann er í stjórn NKVet og tók þátt á ráðstefnu á vegum NKVet um sársauka og sársaukameðferð í dýralækningum 16. og 17. október í Uppsölum. Ferðin þangað nýttist einnig til þess að fara á norræna samráðsráðstefnu í Noregi um eftirlit í búfjárhaldi.

Hann kenndi á námskeiði í sauðfjárrækt í bændadeild Landbúnaðaraskólans á Hvanneyri. Þá kenndi hann sauðfjársæðingar á þremur námskeiðum.

10. Svín

Litlar breytingar urðu í svínarækt undanfarið ár. Eitt svínabú hætti starfsemi. Svínainflúensa þan H1N1 2009 greindist ekki og var sjúkdómastaða svína góð. Að venju var veitt ráðgjöf til svínabænda og dýralækna og gott samstarf var við Svínaræktarfélag Íslands. Reglugerð um aðbúnað svína nr. 353/2011 tók gildi í byrjun árs. Helstu breytingar eru, að nú er bannað að klippa hala svína, gelda án deyfingar og lausaganga svína inni á búunum er skilyrt innan 10 ára.

Eftirlit með salmonellu í svínum er framkvæmt með töku **kjötsafasýna** þar sem fylgst er með mótendum í kjötsafa gegn salmonellu allt árið um kring, **stroksýnum** af skrokkum þar sem leitað er að salmonellu á yfirborði svínaskrokkanna við hverja slátrun og **saurýnum** þar sem leitað er að salmonellu einu sinni á ári á svínabúum í fyrsta flokki. Tíðni salmonellu hélt áfram að lækka miðað við árið þar á undan og er ástandið orðið mjög ásættanlegt.

10.1. Sjúkdómar

Þarmabólga (PIA, regional ileitis, *Lawsonia intracellularis*) greindist á liðnu ári. Þessi sýkill er viðvarandi á nokkrum búum hérlandis og nær að verða sjúkdómssvaldandi ef aðbúnaður og mótstöðuafli dýranna dvínar. Tvær alvarlegar salmonellutegundir greindust á árinu en virkt eftirlit kemur í veg fyrir að smit geti borist inn í matvælakeðjuna. Í slátruhúsum fer fram virkt sjúkdómaeftirlit. Svínin eru lífskoðuð af dýralækni fyrir förgun og síðan eru líffæri og skrokkur heilbrigðisþykkuð og stroksýni tekin áður en afurðir fara á markað. Fósturlát, got fyrir tímatal, salmonella, brjósthimnubólga, lungnabólga, liðabólga og PSE/DFD-kjöt eru vandamál sem svínaræktin á að glíma við.

10.1.1. Greining sjúkdóma

Greining sjúkdóma fór fram á hefðbundinn hátt. Sjáfstætt starfandi dýralæknar og héraðs- eða eftirlitsdýralæknar senda inn grísi eða líffæri úr svínum frá slátruhúsum til rannsókna hjá Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum. Þeir sjúkdómar sem helst greinast við krufningar og skoðun sýna eru salmonella, lungnabólga (lungnapest og illkynja lungnabólga), bjúgvæiki, fráfaruskita, spenagrísaskita, þarmabólga, heila- og heilahimnubólga og liðabólga.

10.1.2. Lyfjaeftirlit

Rafrænu lyfjaeftirliti var komið á hjá svínabúum á árinu. Svínabúum er gert skylt að senda inn til Matvælastofnunar rafræna skýrslu á föstudögum um lyfjanotkun vikunnar á viðkomandi búi. Afrit fer til héraðsdýralækna og dýralækna sem hafa eftirlit með svínaslátrun. Með þessu fyrirkomulagi er verið að koma í veg fyrir að lyfjamengað kjöt fari á markað.

Sýklalyfjanotkun er vaxandi vandamál í heilbrigðisþjónustu. Sýklar mynda í vaxandi mæli ónæmi við lyfjameðferð. Á árinu 2013 greindist fjölonæmir salmonellusýklar á nokkrum svínabúum.

10.2. Eftirlit og dýravelferð

Héraðs- og eftirlitsdýralæknar fara með eftirlit á svínabúum landsins. Svínabúin eru heimsótt a.m.k. einu sinni á ári. Auk þess fara sömu eftirlitsaðilar með kjötskoðun í svínaslátruhúsum landsins, taka sýni fyrir kjötsafapróf til mótendum, stroksýni fyrir sýklaleit og síðast en ekki síst, saursýni á svínabúunum.

11. Nefndarstörf

11.1 Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir

Þessi nefnd starfar samkvæmt sóttvarnalögum nr. 19/1997 með síðari breytingum og hlutverk hennar er einkum að afla nauðsynlegra gagna og hafa yfirumsjón með nauðsynlegum aðgerðum til að meta og uppræta smithættu eða hættu sem stafar af dýrum, matvælum, starfsemi, vatni, skolplögnum, loftræstingu eða öðru í umhverfinu sem getur dreift smitnæmum sjúkdómsvöldum, eiturefnum eða geislavirkum efnum sem ógna heilsu manna. Nefndin heldur fundi að minnsta kosti ársfjórðungslega en auk þess eru haldnir fundir þegar þörf er talin á.

Í nefndinni situr af hálfu Dýraheilbrigðisviðs Halldór Runólfsson og Auður Lilja Arnþórsdóttir sem varafulltrúi.

11.2 Lyfjanefnd

Lyfjanefnd starfar samkvæmt lyfjalögum nr. 93/1994 og er ráðgjafarnefnd Lyfjastofnunar um lyfjamál. Nefndin er skipuð fimm mönnum með sérfræðikunnáttu á sem víðustu sviði læknis- og lyfjafræði og þegar fjallað er um dýralyf taka sæti í nefndinni yfirdýralæknir og dýralæknir, skipaður af ráðherra í samráði við formann nefndarinnar. Halldór Runólfsson er aðalfulltrúi og Björn Steinbjörnsson er varafulltrúi.

11.3 Nefnd um sýklalyfjanotkun og sýklalyfjaónæmi

Þessi nefnd starfar samkvæmt sóttvarnalögum nr. 19/1997 með síðari breytingum og hlutverk hennar er einkum að vakta ónæmi fyrir sýklalyfjum meðal sýkla í mönnum, dýrum og umhverfi. Jafnframt skal nefndin fylgjast með notkun sýklalyfja og vera yfirvöldum og öðrum er málið varðar til ráðgjafar um aðgerðir til að sporna við ofnotkun sýklalyfja og öðru sem að gagni má koma til að hindra myndun ónæmis. Halldór Runólfsson situr í nefndinni.

11.4 Tilraunadýranefnd

Þessi nefnd starfar samkvæmt lögum nr. 15/1994 um dýravernd og helsta hlutverk hennar er að veita leyfi til þeirra dýratilrauna sem uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 279/2002 um dýratilraunir. Halldór Runólfsson er formaður nefndarinnar og auk þess sitja Sigríður Björnsdóttir dýralæknir og Jón Kalmansson síðfræðingur í nefndinni. Ekki hefur tekist að fá fjármagn til að ráða ritara fyrir nefndina.

11.5 Fisksjúkdómanefnd

Þessi nefnd starfar samkvæmt lögum nr. 60/2006 um varnir gegn fisksjúkdómum. Helsta hlutverk nefndarinnar er að vera Matvælastofnun til ráðgjafar við framkvæmd laganna, en þar er tekið fram að stofnunin skuli hafa forgöngu um að stundaðar séu fisksjúkdómarannsóknir og geri tillögur til ráðherra um aðferðir til varnar útbreiðslu fisksjúkdóma. Halldór Runólfsson er formaður nefndarinnar og varamaður hans og ritari nefndarinnar er Gísli Jónsson.

11.6 Stjórn Tilraunastöðvarinnar á Keldum

Stjórnin starfar samkvæmt lögum nr. 67/1990 um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Hlutverk stjórnar stofnunarinnar er m.a. að marka stofnuninni stefnu í samráði við forstöðumann og sérfræðinga stofnunarinnar. Að samþykka starfs- og fjárhagsáætlanir Tilraunastöðvarinnar og bera ábyrgð á reikningum hennar og fjalla um árlega skýrslu forstöðumanns. Halldór Runólfsson er skipaður af Háskólaráði samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðherra.

11.7 Stjórnskipaður stýrihópur um heilsufarsleg áhrif eldgossins í Eyjafjallajökli á menn og dýr

Heilbrigðisráðherra skipaði upphaflega hópin í júní 2010 og síðan var hann endurskipaður í ágúst 2010. Markmið með þessari skipun stýrihóps var að unnið skuli að vísindarannsókn á heilsufarslegum áhrifum eldgossins í Eyjafjallajökli til langs tíma á menn og dýr. Sérstök áhersla verður lögð á að rannsaka áhrifin í námunda við eldstöðina. Stýrihópurinn hefur þegar sett í gang ýmsar rannsóknir og á dýraheilbrigðisviðinu hefur Tilraunastöðin á Keldum komið að verkefninu ásamt starfsmönnum dýraheilbrigðisviðs MAST. Halldór Runólfsson hefur setið í stýrihópnum síðan í ágúst 2010.

11.8. Vinnuhópur um endurskoðun laga um verndun og veiðar villtra dýra

Umhverfisráðherra skipaði á árinu 2010 nefnd sem hefur það hlutverk að varpa ljósi á lagalega stöðu villtra spendýra og fugla á Íslandi, m.a. með tilliti til dýraverndarsjónarmiða, og leggja fram skýrslu með tillögum um úrbætur, með það að leiðarljósi að uppfylla markmið gildandi laga og þeirra alþjóðlegru samninga sem Ísland er aðili að og varða verndun villtra spendýra og fugla. Formaður nefndarinnar er Menja von Schmalensee hjá Náttúrustofu Vesturlands en alls eru í nefndinni 8 manns frá ýmsum stofnunum og félagasamtökum. Auður Lilja Arnþórsdóttir dýralæknir á dýraheilbrigðissviði Matvælastofnunar er fulltrúi Dýralæknafélags Íslands í nefndinni.

11.9. Alþjóða dýraheilbrigðismálastofnunin - OIE

Stofnunin hefur starfað síðan 1924 með aðsetur í París. Ísland hefur verið aðili að stofnuninni í u.þ.b. 30 ár og alls eru um 170 lönd aðilar. Helsta hlutverk OIE er að safna upplýsingum um stöðu dýrasjúkdóma í öllum löndum heims og koma þeim jafnóðum til aðildarlandanna, en þetta eru mikilvægar upplýsingar t.d. vegna alþjóða verslunar með dýr og dýraafurðir. Stofnunin gefur m.a. út skilgreiningar á dýrasjúkdómum og hvernig skal greina þá. Yfirdýralæknir er fulltrúi Íslands hjá stofnuninni. Auður Lilja Arnþórsdóttir sóttvarnadýralæknir er tengiliður varðandi tilkynningar um dýrasjúkdóma til OIE og jafnframt tengiliður varðandi upplýsingamiðlun. Gísli Jónsson er tengiliður varðandi sjúkdóma í lagardýrum og jafnframt tengiliður varðandi villt dýr. Ólafur Jónsson héraðsdýralæknir er tengiliður varðandi frumframleiðslu dýraafurða og örugga matvæla.

11.10. Alþjóða viðskiptastofnunin - WTO

Stofnunin tók til starfa 1995 á grundvelli eldri stofnunar sem var kölluð GATT og hafa Íslendingar verið aðilar að báðum stofnunum. Yfirdýralæknir hefur verið fulltrúi Íslands í einni af nefndum stofnunarinnar sem kölluð er SPS eða Sanitary and Phytosanitary-nefndin, sem fjallar um málefni sem tengjast alþjóðaverslun með dýraafurðir og hvernig beita má sértækum aðgerðum við innflutning þegar sýnt hefur verið fram á að löndin hafi sérstaka þörf á að vernda heilsu manna, dýra og plantna. Vegna sparnaðaraðgerða voru engir fundir sóttir árið 2012.

11.11. Norrænt samstarf á vegum norrænu ráðherranefndarinnar - NMR

Starfsmenn á sviði heilbrigðis og velferðar dýra hafa tekið þátt í ýmsum nefndum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar (NMR) þar sem fjallað hefur verið um dýrasjúkdóma og velferð dýra. Gunnar Örn Guðmundsson héraðsdýralæknir starfar í nefnd um aflifun dýra. Auður Lilja Arnþórsdóttir sóttvarnadýralæknir starfar í tveimur nefndum, annars vegar nefnd sem hefur það hlutverk að taka við og meta umsóknir um verkefni á sviði örverufræði, dýrasjúkdóma og dýravelferðar (NMDD), og hins vegar starfshópi um viðbrögð við dýrasjúkdómum á svæði Norðurlanda og Eystrasaltlanda (NBVCG). 14.12 Samstarfsnefnd EFTA – EES ríkjanna um matvæli, fóður og dýraheilbrigði – WGFC.

11.12. Samstarfsnefnd EFTA - EES ríkjanna um matvæli, fóður og dýraheilbrigði - WGFC

Á árinu 2011 voru nokkrar fastanefndir um matvæli og fóður auk dýraheilbrigðis sameinaðar í eina fastanefnd og situr yfirdýralæknir í þeirri nefnd ásamt Viktori Pálssyni á stjórnsýslusviði sem er varaformaður nefndarinnar. Hér er um að ræða fastanefnd sem tekur eftir þörfum upp sameiginleg mál með framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sem varða framkvæmd EES-samningsins á sviði matvæla, fóðurs, dýra og dýraafurða.

11.13. Samstarf norrænna yfirdýralækna

Norrænir yfirdýralæknar hafa í yfir 40 ár fundað árlega til að fara yfir þau mál sem eru efst á baugi varðandi dýraheilbrigði og dýravelferð á Norðurlöndunum. Fundur var haldinn á Íslandi árið 2010, í Færeyjum 2011 og í Svíþjóð 2012. 14.14 Samráðshópur sérfræðinga varðandi innflutningsbann á hráum dýraafurðum og lifandi dýrum.

11.14. Samráðshópur sérfræðinga varðandi innflutningsbann á hráum dýraafurðum og lifandi dýrum

Í desember 2011 skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra samráðshóp sem fallið var að gera grein fyrir rökstuðningi og stefnumörkun Alþingis varðandi bann við innflutningi hrárra dýraafurða frá ríkjum ESB, þrátt fyrir innleiðingu matvælalöggjafar Evrópusambandsins. Formaður hópsins er Ingimar Jóhannsson, skrifstofustjóri í ráðuneytinu. Fulltrúar

stofnunarinnar í nefndinni eru Auður Lilja Arnþórsdóttir og Konráð Konráðsson og skiluðu þau af sér sérfræðiálit til nefndarinnar á árinu.

11.15. Vinnuhópur EFSA um áhættumat vegna dýraheilbrigðis og dýravelferðar

Matvælastofnun er tengiliður Íslands við Matvælaöryggisstofnun Evrópu – EFSA. Yfirdýralæknir á sæti í vinnuhóp á vegum EFSA sem fjallar um áhættumat vegna dýraheilbrigðis og dýravelferðar.

11.16. Norrænn-baltneskur vinnuhópur um viðbrögð við dýrasjúkdómum

Í hópnum eru einn til tveir meðlimir frá hverju Norður- og Eystrasaltlandanna. Allir starfa að viðbrögðum við dýrsjúkdómum á vegum dýraheilbrigðisyfirvalda í sínu landi. Hópurinn vinnur að ýmis konar verkefnum sem tengjast viðbrögðum við dýrasjúkdómum og fær til þess styrk frá Norrænu ráðherranefndinni. Auður Lilja Arnþórsdóttir sóttvarnadýralæknir hefur verið fulltrúi í hópnum frá árinu 2004 og er nú formaður.

Í júní 2012 fékk hópurinn á fund til sín fulltrúa frá Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni, Gla'eul Mamaghani, til að fjalla um upplýsingamiðlun þegar upp koma alvarlegir dýrasjúkdómar. Kveikjan að þessu var m.a. sú að í hvert sinn sem hópurinn hefur haldið æfingar í viðbrögðum við dýrasjúkdómum hafa einhverjir hnökrað komið upp hvað varðar upplýsingamiðlun og samskipti. Í kjölfar þessa fundar var ákveðið að sækja um styrk til að kalla saman til fundar þá sem hafa yfirumsjón með þessum málum í löndunum. Sá fundur verður haldinn hér á landi 11. júní 2013.

Í september 2012 stóð hópurinn fyrir ráðstefnu í Helsinki sem bar yfirskriftina "Contingency planning for the next decade". Fyrirlesarar voru 12 og ráðstefnugestir um 90 talsins. Niðurstöður ráðstefnunnar voru m.a. að þörf er á (1) ráðstefnu um smitvarnir, (2) leiðbeiningum um skipulagningu og framkvæmd æfinga í viðbrögðum við dýrasjúkdómum, (3) áframhaldandi þróun á samstarfi bænda, sjálfstætt starfandi dýralækna og opinberra dýralækna hvað viðbrögð við dýrasjúkdómum varðar, (4) upplýsingamiðlun um tölvukerfi sem að gagni koma á þessu sviði og (5) aukinni vitund dýralækna á veikleika búfjár hvað varðar hryðjuverk þar sem notuð eru smitefni.

Í október 2012 var haldin ráðstefna sem styrkt var af hópnum en skipulögð af dýraheilbrigðisyfirvöldum í Lettlandi, Danmörku og Finnlandi. Ráðstefnan fjallaði um aðsteðjandi hættu hvað varðar Afríkanska svínapest sem breiðst hefur út í Rússlandi.

Í desember stóð hópurinn fyrir fundi fulltrúa úr sérfræðingahópnum varðandi tiltekna dýrasjúkdóma, sem skipaðir eru samkvæmt ESB-reglum. Ellefu sérfræðingar frá Norðurlöndunum og Eystrasaltlöndunum sóttu fundinn ásamt fulltrúa frá framkvæmdastjórn ESB og fjórum fulltrúum vinnuhópsins. Á fundinum kom í ljós að samsetning og starf sérfræðingahópanna er misjafnt milli landanna. Fundurinn ályktaði að sérfræðingahóparnir eru mikilvægir og þeim ætti að viðhalda og að reglur ESB ættu að setja rammann utan um starf hópanna en dýraheilbrigðisyfirvöld í hverju landi ættu að bera ábyrgð á að skilgreina markmið hópanna.

Næstu verkefni hópsins eru:

- Í mars 2013: Námskeið um mismunandi gerðir æfinga.
- Í júní 2013: Fundur um upplýsingamiðlun þegar upp koma alvarlegir dýrasjúkdómar.
- Í október 2013: Ráðstefna í Póllandi um hlut villtra dýra í útbreiðslu smitsjúkdóma í dýrum á strandsvæðum umhverfis Eystrasaltið.
- Í október eða nóvember 2013: Skrifborðsæfing í viðbrögðum við smitsjúkdómum, í Noregi.

1. Um inn- og útflutning

Eitt af fjölmörgum verkefnum Matvælastofnunar er að hafa eftirlit með inn- og útflutningi afurða úr dýraríkinu. Hvað innflutning varðar má skipta þessu verkefni í tvennt, annars vegar eftirlit með innflutningi frá ríkjum utan EES og hins vegar eftirlit sem snýr að sérstökum ákvæðum í íslenski löggjöf. Gildir þá einu hvort uppruninn er EES eða ekki.

Breytingar urðu á matvælalöggjöfinni hér á landi seint á árinu 2011. Hvað innflutninginn varðaði snerti þessi breyting fyrst og fremst þá afurðaflokka sem eru háðir sérstöku eftirliti á landamærum. Meginbreytingin felst í því að í staðinn fyrir að hafa aðeins eftirlit með fiskafurðum, er nú nauðsynlegt að skoða búfjárafurðir af ýmsum toga. Almennt er innflutningur á dýraafurðum frá ríkjum utan EES ekki sérlega mikill. Sendingar eru oftast frekar litlar og innflutningsaðilar ekki mjög stórir. Þeir eiga því ekki alltaf auðvelt með að fylgjast með breytingum á löggjöfinni eða tekst ekki alltaf að tengja breytingarnar við þá vöruflokka sem verið er að flytja inn. Þetta kom í ljós síðasta sumar, en þó einkum síðasta haust. Vegna þessa tókst nokkrum innflytjendum ekki að útvega tilskilin gögn fyrir tollafgreiðslu vörunnar hér á landi. Þetta olli nokkrum vandræðum á tímabili og mögulega einhverju tjóni fyrir þá. Aftur á móti höfðu flestir áttað sig á breytingunum í lok árs 2012 og eru nú búnir að ná takti í þessu samhengi.

Eftirlit með innflutningi afurða frá þriðju ríkjum er samræmt innan evrópska efnahagssvæðisins (EES). Þannig á það að vera einsleitt sama hvar afurðirnar koma inn á svæðið, enda byggir það á samræmdri löggjöf.

Á árinu var ein eftirlitsheimsókn Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) varðandi innflutningseftirlitið á afurðum frá þriðju ríkjum. Í heildina má segja að niðurstaðan hafi verið nokkuð viðunandi. Nokkrar athugasemdir komu fram, einkum varðandi samstarf við tollayfirvöld. Þetta varðar þó einkum afgangi sendinga við komu til landsins og flutning vöru milli tollhafna fyrir afgangi. Mikið hefur því verið unnið í að styrkja samstarfið á sem flestum sviðum svo að afgangi sé til samræmis við reglur.

Með breyttri löggjöf varðandi framleiðslu matvæla af dýrauppruna á Íslandi, breytist enn fremur umhverfið varðandi útflutning afurða til annarra ríkja innan EES. Ísland er ekki lengur flokkað sem þriðja ríki gagnvart Evrópu og því er ekki nauðsynlegt að vörum af þessu tagi fylgi opinbert heilbrigðisvottorð. Hver afurðastöð er ábyrg fyrir þeim afurðum sem hún setur á markað innan EES og getur sent hana með reikningnum einum saman til annarra ríkja innan svæðisins. Með þessu hefur dregið talsvert úr útgáfu heilbrigðisvottorða á skrifstofu inn- og útflutnings. Eftir sem áður er þörf á opinberum heilbrigðisvottorðum með afurðum til ríkja utan EES, s.s. Rússlands, Kína, Bandaríkjanna o.s.frv. Nokkur aukning hefur orðið í útflutningi dýraafurða frá fyrra ári.

Þrátt fyrir breytingar á reglum um búfjárafurðir eru reglur varðandi innflutning lifandi dýra óbreyttar.

Tilkynningar í gegnum viðvörðunarkerfi Evrópu um matvæli og fóður (Rapid Alert System for Food and Feed - RASFF) árið 2012 voru samtals 9.046 á árinu sem er svipað og árið áður. RASFF-tilkynningar um innflutt matvæli til Íslands voru 16 þar af 3 sem Ísland tilkynnti inn í kerfið.

Aukning var á tilkynningum um lyfjavirk efni í fæðubótarefnum. Bar þar hæst efnið DMAA sem er mjög varasamt og hefur valdið veikindum og jafnvel dauðsföllum líkamsræktarmanna. Flestar voru tilkynningar um matvæli frá Asíu og flestar tilkynningar voru um aflatoxín í fóðri og hnetum. Skæð matarsýking varð í Þýskalandi vegna nóróvíruss í frosnum kínverskum jarðarberjum og var tekin sýni af berjum hér á Íslandi frá sama framleiðanda en þau reyndust vera í lagi.

Ísland tilkynnti um skordýr í sænsku hundafóðri inn í RASFF-kerfið en fóðrið var á markaði hér á landi.

2. Innflutningur áburðar, plantna og fóðurs

Fjallað er um innflutning á áburði, fóðri og plöntum í kafla IV.2, IV.3 og IV.4.

3. Innflutningur matvæla

3.1. Viðvörðunarkerfi ESB og EFTA

Matvælastofnun fer með eftirlit með innflutningi matvæla og fóðurs og er framkvæmdin í nánu samstarfi við heilbrigðiseftirlit sveitafélaga. Afgreiddar voru 19 umsóknir vegna takmarkana á innflutningi, samkvæmt nýrri reglugerð nr. 835/2010 um auknið eftirlit með innflutningi á matvælum sem ekki eru af dýrauppruna. Um 38 tilkynningar um innlend og erlend matvæli voru send til heilbrigðiseftirlits sveitafélaga um aðgerðir og innköllun á markaði. Flestar innkallanir voru vegna vanmerkingar en einnig var algengt að innkallanir væru vegna aðskotahluta og örverumengunar. Fæðubótarefni voru innkölluð í átta tilvikum vegna innhalds lyfja. Heilbrigðiseftirlitssvæðin fara með eftirlit á matvælum á markaði og tilkynna til Matvælastofnunar ef þörf er á aðgerðum.

Matvælastofnun er tengiliður Íslands við viðvörðunarkerfi ESB- og EFTA-ríkja (Rapid Alert System for Food and Feed – RASFF) og hefur kerfið verið við lýði síðan árið 1979. Heildarfjöldi RASFF-tilkynninga á árinu voru rúmlega 9000. Alls voru 16 RASFF-tilkynningar um vörur sem höfðu borist til Íslands og var um að ræða í fjögur tilvik vegna þess að ofnæmis- og ópolsvaldar voru ekki merktir á umbúðir matvæla. Aðrar tilkynningar voru um m.a. vegna matarsýkingar vegna neyslu á kínverskum frosnum jarðarberjum, ólögleg geislun krydds og hár og bein úr meindýrum í dödlum og jarðhnetum. Krydd var innkallað í tveimur tilvikum vegna salmonellu. Ísland sendi frá sér þrjár tilkynningar á árinu í gegnum RASFF-kerfið m.a. um ómerkta soja í ítölsku súkkulaðikexi, leifar af meindýrum í dödlum og skordýrum í hundafóðri (sjá *Töflu VI.3.1*).

Tafla VI.3.1: RASFF-tilkynningar 2012 er varða Ísland

Matvæli	Ástæða	Upprunaland
1 Rúgur	Ocratoxín myglueitur	Pólland
2 Súkkulaði	Ómerkt mysuprótein	Belgía
3 Súkkulaðikex*	Ómerkt soja	Ítalía
4 Tófú	Örverur-Bacillus cereus	Taívan/NL
5 Dödlur*	Aðskotahlutir frá dýrum**	Bretland
6 Mangó	Varnarefni:omethoate o.fl.	Brasílu
7 Jarðarber frosin	Nóróvírus	Kína
8 Túrmerik krydd	Salmonella	Indland/Þýskaland
9 Paprikukrydd	Salmonella	Ungverjaland
10 Súkkulaðibúðingur	Ómerkt soja	Frakkland
11 Jarðhnetur	Aðskotahlutir frá dýrum**	Argentína
12 Graskerafræ	Glerbrot	Kína/Sviss
13 Lifrænn grauttur f. börn	Ocratoxín myglueitur	Sviss
14 Hundafóður*	Pöddur	Svíþjóð
15 Krydd	Ólöglega geislað	Filippseyjar
16 Karrisósa	Ómerkt sinnep	Þýskaland

* RASFF-tilkynning frá Íslandi ** Hár og bein frá meindýrum

Ákveðnar sendingar eru skoðaðar og eru tekin sýni samkvæmt sýnatökutíðni í viðauka 1 reglugerðar nr. 835/2010 eða í öðrum tengdum reglugerðum. Tekin voru sýni í innflutningseftirliti af kryddi, núðlum og gráfíkjum og öll voru undir leyfilegum mörkum.

Á síðasta ári fargaði innflutningseftirlitið möndlum og kryddi vegna skorts á heilbrigðisvottorðum.

3.1.1. Nýjar reglugerðir

Innflutningsreglugerðir sem innleiddar voru á árinu og byggðar eru á EB-reglugerðum, númer:

- Reglugerð nr. 271/2012 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 16/2011 um framkvæmdarráðstafanir vegna hraðviðvörðunarkerfisins fyrir matvæli og fóður.

3.2. Dýraafurðir

Skrifstofa Inn- og útflutnings annast rekstur landamærostöðva og eftirlit með innflutningi dýraafurða til landsins og þar með inn á Evrópska efnahagssvæðið (EES), skv. reglugerð nr. 1044/2011. Innflutningseftirlit með dýraafurðum tekur til hvers kyns afurða úr dýraríkinu, sem dæmi má nefna; matvæli, fiskimjöl og fóður, lýsi, dýrafeiti, býflugnavax, hunang, óunnin skinn, ull og veiðiminjar.

Eftirlitið felst í skoðun skjala sem þurfa að fylgja vörunni, auðkenningu vörunnar, þ.e. hvort merkingar séu réttar samkvæmt meðfylgjandi skjölum og heilnæmisskoðun sem felur meðal annars í sér hitastigsmælingar, skynmat og sýnatöku til rannsókna.

Á landinu eru starfræktar átta landamærostöðvar til eftirlits með innflutningi dýraafurða. Landamærostöðvarnar eru staðsettar í Hafnarfirði, á Keflavíkurlugvelli, Þorlákshöfn, Akureyri, Húsavík, Ísafirði og tvær í Reykjavík (Eimskip og Samskip). Heimilt er að taka til eftirlits fiskafurðir á öllum landamærostöðvum, en Eimskip Reykjavík og Keflavíkurlugvöllur eru einu stöðvarnar sem geta tekið á móti öllum dýraafurðum. Stærsti hluti innflutnings á dýraafurðum frá löndum utan EES fór fram á landamærostöðvunum á höfuðborgarsvæðinu (*Tafla VI.3.2*).

Tafla VI.3.2: Innfluttar dýraafurðir frá þriðju ríkjum eftir landamærostöðvum árið 2012

Landamærostöð	Fiskafurðir	Dýraafurðir*	Aðrar dýraafurðir**	Heildarfjöldi sendinga	Heildarþyngd (kg nettó)
	Fjöldi sendinga	Fjöldi sendinga	Fjöldi sendinga		
Reykjavík (Eimskip)	203	11	9	223	11.277.323
Hafnarfjörður	74			74	8.869.256
Reykjavík (Samskip)	30			30	2.273.794
Keflavíkurlugvöllur	6	3	2	11	4.149
Akureyri					
Ísafjörður					
Húsavík					
Þorlákshöfn					
Samtals:	313	14	11	338	22.424.522

*Dýraafurðir til mannelis, aðrar en fiskafurðir. ** Dýraafurðir ekki til mannelis.


Beituinnflutningur frá þriðju ríkjum var 3.840.494 kg í 30 sendingum. Fjöldi sýnishorna af dýraafurðum frá þriðju ríkjum sem ætluð voru til rannsóknar eða kynningar var 31 og vóg samtals 1.013 kg. Alls voru flutt inn 26.266.029 kg af dýraafurðum frá þriðju ríkjum, sem er tæpur fimmtungus samdráttur frá fyrra ári.

3.3. Kjöt

Bann er við innflutningi á hráu kjöti til landsins en samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 448/2012 getur ráðherra veitt innflutningsleyfi eftir umsögn Matvælastofnunar. Hráar kjötafurðir sem fluttar eru til landsins skulu vera sannanlega lausar við salmonellusýkla og hafa verið frystar í einn mánuð fyrir tollafgreiðslu. Afurðir sem fluttar eru inn frá löndum innan EES skulu hafa verið framleiddar í vinnslustöð sem viðurkennd er af ESB. Strangari kröfur gilda um afurðir sem fluttar eru inn frá þriðju ríkjum. Þeim skulu fylgja uppruna- og heilbrigðisvottorð og þær eru háðar innflutningseftirliti skv. reglugerð nr. 1044/2011.

Heildarinnflutningur á hráum kjötafurðum var 520 tonn árið 2012 og minnkaði því milli ára um 914 tonn. Enn var mest flutt inn af kjúklingakjöti, 208 tonn (60% samdráttur frá árinu 2011). Í öðru sæti var svínakjöt, 154 tonn (46% samdráttur) og nautakjöt kom þar á eftir, um 94 tonn (79% samdráttur). Þá má nefna að 81% samdráttur varð í innflutningi andakjöts.


Mynd VI.3.1: Innflutningur á hráum kjötafurðum (tollflokkur 02) árin 2010-2012



3.4. Soðnar eða unnar búfjárafurðir

Heimilt er að flytja til landsins soðnar eða unnar búfjárafurðir sem hlotið hafa hitameðferð sem samþykkt er af Matvælastofnun. Afurðunum þurfa að fylgja staðfestingar á uppruna, hitameðferð og viðurkenningu afurðastöðva. Innflutningur á soðnum eða unnum kjötafurðum (tollflokkur 16) jókst um 31% frá árinu 2011.


Mynd VI.3.2: Magn innfluttra soðinna eða unninna kjötafurða (tollflokkur 16) eftir löndum árið 2012, samtals 230 tonn



3.5. Mjólkurafurðir

Samantekt um magn innfluttra mjólkurafurða má sjá á Mynd VI.3.3 en innflutningur osta og annarra unninna mjólkurafurða stóð nánast í stað milli ára (320 tonn árið 2012 miðað við 314 tonn árið 2011).

Mynd VI.3.3: Magn innfluttra osta og annarra unninna mjólkurafurða (tollflokkur 04) eftir löndum árið 2012, samtals 320 tonn




4. Innflutningur dýra

Meðal hlutverka inn- og útflutningsskrifstofu Matvælastofnunar er að hafa eftirlit með inn- og útflutningi lifandi dýra, afurða þeirra sem ætlaðar eru til manneldis og dýraafurðum sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Þá er henni ætlað að hafa eftirlit með innflutningi á notuðum tækjum sem hafa verið notuð í eða við landbúnað.

4.1. Hundar og kettir

Á árinu 2012 voru fluttir inn 154 hundar og 46 kettir. Mikil fækkun varð á innfluttum gæludýrum árið 2009 en síðan þá hefur orðið nokkur fjölgun. Sérstaklega ber að nefna að mikil fjölgun varð á innfluttum köttum milli árana 2011 og 2012. Fluttar hafa verið inn 53 hundategundir frá 26 löndum og 9 kattategundir frá 15 löndum. Auk þess var flutt inn sæði úr einum hundi frá Bretlandi.

Mynd VI.4.1: Innflutningur hunda og katta 2003-2012



Tafla VI.4.2: Innfluttar hunda-/kattategundir

Hundategund	Fjöldi
Blendingur	17
Bloodhound	1
Chihuahua	14
Doberman	1
Enskur cocker spaniel	3
Golden Retriever	5
Labrador Retriever	6
Pug	12
Siberian Husky	10

Tafla VI.4.3: Upprunaland innfl. katta

Kattategund	Fjöldi	Upprunaland	Fjöldi
Heimilisköttur	32	Bandaríkin	11
Norskur Skógarköttur	3	Noregur	9
American Shorthair	2	Svíþjóð	6
Bengal	2	Bretland	5
Main Coon	2	Þýskaland	2
Persneskur	2	Ástralía	2
Abyssinian	1	Frakkland	2
European Shorthair	1	Holland	2
Exotic	1	Sviss	2
		Önnur lönd	6

Innflutt gæludýr eru ýmist vistuð í einangrunarstöð gæludýra í Hrísey eða í einangrunarstöðinni í Reykjanesbæ. Gæludýrin eru skoðuð af eftirlitsdýralæknum við komuna til landsins og fyrir útskrift úr einangrun, auk þess sem farið er í óboðaðar heimsóknir í einangrunarstöðvarnar á einangrunartímanum.

Þess má geta að gefin voru út 285 útflutningsvottorð fyrir hunda og ketti til Evrópu og er þetta þriðja árið í röð sem fleiri hundar og kettir eru flutt úr landi en voru flutt inn.

4.2. Minkar

Í maí 2012 voru fluttir inn 835 minkahögnar á vegum SÍL frá 4 ræktunarbúum í Danmörku. Nánar er fjallað um minka og loðýrarækt í kafla V.8.

5. Útflutningur matvæla


Matvæli frá Íslandi eru flutt út til margra landa víðs vegar um heim, einkum til Evrópu. Meðal verkefna Matvælastofnunar er að gefa út heilbrigðisvottorð fyrir sjávar- og búfjárafurðir sem fluttar eru út. Upplýsingar á heilbrigðisvottorðum eru háðar kröfum móttökulands. Ekki er krafist heilbrigðisvottorða innan Evrópska efnahagssvæðisins fyrir dýraafurðir sem framleiddar eru samkvæmt kröfum matvælalöggjafar Evrópusambandsins og hefur útgefnum heilbrigðisvottorðum því fækkað frá 1. nóvember 2011 þegar innleiðsla matvælalöggjafarinnar hófst.

Mynd VI.5.1 sýnir þróun milli ára í útflutningi á lambakjöti, hrossakjöti og mjólkurafurðum sem gefin voru út heilbrigðisvottorð fyrir. Mikil aukning hefur orðið í sölu hrossakjöts en það sem virðist vera gífurlegur samdráttur í útflutningi lambakjöts og mjólkurafurða er í raun vegna þess að allt að þriðjungur útfluttra afurða fer til landa innan Evrópska efnahagssvæðisins og þarf því ekki heilbrigðisvottorð frá Matvælastofnun.

5.1. Kjöt


Á árinu 2012 voru gefin út heilbrigðisvottorð vegna útflutnings á 3.818 tonnum af kjöti (5.090 tonn árið 2011 en þá voru enn einhver kjötvottorð gefin út til Evrópu). Mest var gefið út af vottorðum vegna lamba- og kindakjöts (2.909 tonn), því næst hrossakjöts (573 tonn) og svínakjöts (181 tonn).

Mynd VI.5.2: Útflutningur á hrossakjöti 2012 eftir löndum



Mynd VI.5.2 sýnir útflutning á hrossakjöti 2012 í tonnum eftir löndum. Gefin voru út heilbrigðisvottorð vegna útflutnings á samtals 573 tonnum af hrossakjöti, aðallega til Rússlands og Kasakstan. Mynd VI.5.3 sýnir útflutning á lambakjöti 2012 eftir löndum.


Mynd VI.5.3: Árið 2012 voru gefin út heilbrigðisvottorð vegna útflutnings á samtals 2.909 tonnum af lambakjöti (tonn)



5.2. Mjólkurafurðir

Mynd VI.5.4 sýnir útflutning á mjólkurafurðum frá Íslandi árið 2012 eftir löndum. Árið 2012 voru gefin út heilbrigðisvottorð vegna útflutnings á samtals 396 tonnum af mjólkurafurðum. (Þróun milli ára má sjá á Mynd VI.5.1).

Mynd VI.5.4: Árið 2012 voru gefin út heilbrigðisvottorð vegna útflutnings á samtals 396 tonnum af mjólkurafurðum



5.3. Sjávarafurðir

Matvælastofnun gefur út heilbrigðisvottorð með sjávarafurðum til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins. Vottorðin staðfesta að afurðirnar séu unnar, geymdar og fluttar við aðstæður sem uppfylla opinberar kröfur um vinnslu sjávarafurða. Á vottorðinu kemur m.a. fram samþykkisnúmer framleiðanda, en án þess er óheimilt að framleiða sjávarafurðir til útflutnings.

Á síðastliðnu ári voru gefin út tæplega fimm þúsund útflutningsvottorð vegna sjávarafurða (Tafla VI.5.1). Fjórðungur vottorðanna voru almenn útflutningsvottorð, en átta aðrar útgáfur voru gefnar út til mismunandi landa. Heildarfjöldi vottorða vegna útflutnings á sjávarafurðum jókst um fjórðung frá fyrra ári.

Tafla VI.5.1: Skipting útflutningsvottorða vegna sjávarafurða til ríkja utan EES árið 2012

Ríki utan EES	Fjöldi vottorða
Almennt	1.237
Rússland, Hvíta-Rússland og Kasakstan	1.204
Úkraína	1.018
Kína	899
Moldóva	252
Bandaríkin	118
Brasilía	96
Forvottorð (pre-export)	40
Önnur lönd	51
Samtals:	4.915

Matvælastofnun gefur eingöngu út útflutningsvottorð með sjávarafurðum til landa utan EES, þar sem fritt flæði er á sjávarafurðum innan EES. Tölur um útflutning sjávarafurða er að finna hjá Hagstofu Íslands.

6. Útflutningur dýra

Mynd VI.6.2: Fjöldi útfluttra hrossa 2012 eftir hrossum


Meðal hlutverka Matvælastofnunar er að gefa út heilbrigðisvottorð með dýrum og dýraafurðum sem flutt eru út frá Íslandi. Yfirlýsingar í heilbrigðisvottorðum eru háðar kröfum móttökulands.

Útflutningsland	Fjöldi
Þýskaland	542
Svíþjóð	148
Sviss	130
Danmörk	124
Austurríki	121
Noregur	80
Holland	48
Bandaríkin	40
Önnur lönd	101

6.1. Hross


Útflutningur hrossa var heldur meiri en á árinu 2011. Alls voru flutt út 1.334 hross, flest voru send í flugi til Liege í Belgíu og var þeim dreift þaðan til hinna ýmsu Evrópulanda. Til Þýskalands fóru flest hross eða 542, til Norðurlandanna alls 378 og til Bandaríkjanna 40 hross.

Mynd VI.6.1: Fjöldi útfluttra hrossa 1988-2012



6.2. Búfjárafurðir

Mynd VI.6.2: Fjöldi sendinga af útfluttum búfjárafurðum 2011 og 2012



1. Um súnur og súnvalda

Súna er skilgreind sem allar tegundir sjúkdóma og/eða sýkinga sem beint eða óbeint geta smitast náttúrulega milli dýra og manna. Súnuvaldur veldur súnu og er hann skilgreindur sem allar tegundir veira, baktería, sveppa, sníkla eða annarra líffræðilegra eininga sem líkur eru á að valdi súnu.

Hér á landi er í gildi reglugerð nr. 1048/2011 um vöktun súna og súnvalda. Þessi reglugerð byggir á tilskipun Evrópusambandsins (Directive 2003/99) um sama efni. Tilgangur reglugerðarinnar er að sjá til þess að súnur og súnvaldar og tengt þol þeirra gegn sýklalyfjum sé vaktað á réttan hátt og tilhlýðileg faraldsfræðileg rannsókn fari fram þegar matarbornir sjúkdómar koma upp. Rannsóknin er gerð í þeim tilgangi að safna upplýsingum sem eru nauðsynlegar til þess að finna uppruna súnvaldsins sem olli sýkingunni og meta leitni sýkinga yfir tíma. Árið 2011 tók einnig gildi reglugerð nr. 1011/2011 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum. Þessi reglugerð innleiðir reglugerð Evrópusambandsins nr. 2160/2003 um sama efni auk þess sem hún inniheldur nokkur séríslensk ákvæði.

Upplýsingum sem hér eru birtar hefur verið safnað á grundvelli ofangreindrar reglugerðar um súnur auk niðurstaðna rannsókna úr opinberu eftirliti. Nánari upplýsingar er að finna í sérstakri ársskýrslu um súnur og súnvalda fyrir árið 2012 sem aðgengileg er á www.mast.is.


2. Salmonella

Hér verður fjallað um salmonellu í fólki, matvælum, dýrum og fóðri. Upplýsingar um fjölda salmonellutilfella í fólki eru fengnar frá embætti sóttvarnalæknis. Tölur um salmonellu í dýrum eru unnar úr gögnum Matvælastofnunar vegna eftirlits með salmonellu. Tölur um salmonellu í fóðri og fiskimjöli eru annars vegar unnar úr gögnum sem fóðurverksmiðjurnar og fiskimjölverksmiðjurnar senda stofnuninni mánaðarlega vegna innra eftirlits þeirra og hins vegar úr gögnum Matvælastofnunar vegna eftirlits með framleiðslunni. Ræktun á salmonellu úr sýnunum fer fram á Tilraunastöð Háskóla Íslands á Keldum, hjá Rannsóknáþjónustunni Sýni ehf., Matis í Reykjavík og Prómati á Akureyri. Staðfesting salmonellu í sýnum, sermisgreining og lyfjaþolspróf fer fram á sýklafræðideild Landspítalans. Í örfáum tilfellum hefur sermisgreining farið fram í Danmörku og í Bretlandi.

2.1. Salmonella í fólki

Uppruna salmonellusýkinga í fólki má oft rekja til dýra. Algengast er að dýr smitist af salmonellu sé hún til staðar í umhverfi þeirra, fóðrinu sem þau éta eða vatninu sem þau drekka. Við sýkingu eykst smitálagið og dýrin geta smitað hvert annað. Sýkist búfé af salmonellu er hættu á að hún geti borist í afurðir dýranna og úr þeim í fólk við neyslu matvælna. Af þessum sökum er mikilvægt að skoða hvort samhengi sé á milli salmonellu í fólki og dýrum. Sé það tilfellið ætti að koma í ljós samhengi á milli sermisgerða sem greinast í fólki og dýrum og að aukin tíðni í dýrum leiddi af sér auknar sýkingar í fólki á svipuðum tíma. En fyrst ber að líta á sýkingar í fólki þ.e. hvort þær séu af innlendum eða útlendum uppruna. Samkvæmt upplýsingum frá sóttvarnalækni telst það smit af útlendum uppruna ef sjúklingur hefur dvalið erlendis innan viku frá upphafi einkenna. Stundum er ekki vitað um uppruna smits.

Mynd VII.2.1: Fjöldi salmonellutilfella í fólki eftir uppruna og árum



Alls greindust 40 salmonellutilfelli í fólki á árinu 2012. *Salmonella* Enteritidis og *Salmonella* Typhimurium voru var algengastar en þær greindust í 9 skipti af 40 sýkingum. Sýkingar með *Salmonella* Enteritidis voru flestar af útlendum uppruna eða í 7 af 9 tilvikum. Sýkingar af völdum *Salmonella* Typhimurium voru í 6 tilvikum af 9 af innlendum uppruna.

Heildarfjöldi salmonellutilfella í fólki var lægstur á árunum 2009 til 2012 ef tekið er mið af því tímabili sem sýnt er á *Mynd VII.2.1*. Fækkun tilfella af útlendum uppruna má hugsanlega rekja til færri ferðalaga til útlanda eftir efnahagshrunið í október 2008. Síðastliðin fjögur ár er ástand svipað í fólki hvað fjölda tilfella varðar og skiptingu þeirra eftir uppruna.

2.2. Salmonella í matvælum

Birtar eru niðurstöður úr eftirliti með salmonellu við slátrun alifugla og svína í þessum kafla þar sem skrokkar eru taldir til afurða dýranna. Engin opinber rannsókn fór fram til þess að kanna salmonellu í matvælum á markaði á árinu.

2.2.1. Salmonella í kjúklingum við slátrun

Fylgst er reglulega með salmonellu í kjúklingum við slátrun þeirra. Við slátrunina eru tekin sýni úr hálsaskinni kjúklinganna til rannsókna á salmonellu. Á árinu greindist salmonella í 2 slátruhópum af 715 hópum sem svarar til 0,3% tíðni. *Salmonella* Agona greindist í febrúar en *Salmonella* Corvallis greindist í september. Þessi sermisgerð hefur ekki greinst áður í búfé hér á landi svo vitað sé.

Tafla VII.2.1: Yfirlit yfir fjölda slátruhópa kjúklinga og greiningu þeirra m.t.t. salmonellu

Ár	Fjöldi slátruhópa	Fjöldi jákvæðra slátruhópa	Hlutfall
2005	635	0	0,0%
2006	730	0	0,0%
2007	777	0	0,0%
2008	706	1	0,1%
2009	702	1	0,1%
2010	668	24	3,6%
2011	695	8	1,2%
2012	715	2	0,3%

2.2.2. Salmonella á svínaskrokkum við slátrun

Fylgst er reglulega með salmonellu í svinum við slátrun þeirra. Við slátrunina eru tekin stroksýni af svínaskrokkunum til rannsókna á salmonellu. Á árinu greindist salmonella í 7 sýnum af 2.171 sýni sem svarar til 0,3% tíðni. Almennt má segja að ástand m.t.t. salmonellu við slátrun grísa hafi verið gott á árinu. Tíðni fór hæst í 1,4% í febrúar. *Salmonella* greindist ekki í stroksýnum í 7 af 12 mánuðum ársins. *Salmonella* Worthington greindist í febrúar, *Salmonella* Kedougou greindist í mars og apríl og *Salmonella* Brandenburg greindist í september og desember.

Tafla VII.2.2: Yfirlit yfir hlutfall stroksýna sem greindust jákvæð fyrir salmonellu

Ár	Fjöldi sýna	Fjöldi jákvæðra sýna	Hlutfall jákvæðra stroksýna
2006	1.005	11	1,1%
2007	1.937	10	0,5%
2008	2.481	34	1,4%
2009	3.495	392	11,2%
2010	3.302	89	2,7%
2011	2.522	32	1,3%
2012	2.171	7	0,3%

2.3. Salmonella í dýrum

Fylgst er reglulega með salmonellu í eldi alifugla og svína. Ekki er fylgst reglulega með salmonellu við eldi annarra dýra. Sýni eru tekin úr nautgripum, sauðfé og hrossum við grun um salmonellu í þessum dýrum. Stundum eru sérstakar rannsóknir framkvæmdar til þess að fá nánari vitneskju um útbreiðslu salmonellu í þessum eða öðrum dýrategundum.

2.3.1. Alifuglar

Sýni eru tekin úr eldishópum alifugla. Hver eldishópur er ein smiteining. Á árinu 2012 greindist salmonella í 10 eldishópum kjúklinga af 638 sem samsvarar 1,6% tíðni. Stefnt er að því að tíðni salmonellu í eldishópum kjúklinga sé ekki hærra en 1%. *Salmonella* Agona greindist í eldishópum kjúklinga í janúar, febrúar, apríl, október og nóvember. Þessi sermisgerð var algengust í eldishópnum sl. ár og var örsök hárrar tíðni í þeim. Líklega er því ekki um nýsmit að ræða í þessum tilvikum enda greinist þessi sermisgerð á sömu tveimur stöðum nú og í fyrra. *Salmonella* Kentucky greindist í eldishópi í apríl og í desember og er líklega um nýsmit að ræða. *Salmonella* Infantis greindist í eldishópi í september og er líklega ekki um nýsmit að ræða í þessu tilviki.

Tafla VII.2.3: Yfirlit yfir eldishópa kjúklinga og greiningu þeirra m.t.t. salmonellu

Ár	Fjöldi eldishópa	Fjöldi jákvæðra eldishópa	Hlutfall
2005	575	0	0,0%
2006	616	0	0,0%
2007	667	0	0,0%
2008	609	6	1,0%
2009	599	5	0,8%
2010	616	32	5,2%
2011	637	14	2,2%
2012	638	10	1,6%

2.3.2. Svín

Saurýni eru tekin einu sinni á ári á svínabúum landsins og oftast er krafist samkvæmt handbók um eftirlit með salmonellu í svínarækt. Tilgangur sýnatökunnar er annars vegar að skima eftir sermisgerðum sem hugsanlega hafa smitað búin og hins vegar að kanna hvort ný sermisgerð hafi borist inn á þau.

Tíðni salmonellu er há á svínabúum landsins og greindist hún á 9 af 12 búum en sýni voru ekki tekin á öllum búunum. Við þessu má búast miðað við þá fódurtækni og fóduraðferðir sem viðhafðar eru í svínaeldi hér á landi. Hráefni til fódurgerðar eru oftast ómeðhöndluð þegar svínabændur fá þau til sín og getur því salmonella borist með þeim inn á búin. Þau hráefni sem eru áhættusömust í þessu tilliti, svo sem sojamjöl, eru hitameðhöndluð áður en þeim er dreift til svínabænda til þess að draga sem mest úr þessari áhættu.

2.3.3. Nautgripir

Á árinu var leitað að mótrefnum gegn *Salmonella* Dublin í mjólkursýnum frá 80 búum á landinu. Öll sýnin reyndust neikvæð m.t.t. mótrefna gegn bakteríunni.

2.3.4. Sauðfé

Engin sýni m.t.t. salmonellu voru tekin úr sauðfé á árinu.

2.3.5. Hross

Grunur kom upp um salmonellu í hrossum á einum bæ á Suðurlandi. *Salmonella* greindist ekki í sýnum sem voru rannsökuð.

2.3.6. Önnur dýr

Lögreglan eða embætti Tollstjóra gerir reglulega upptæk skriðdýr sem smyglað er til landsins. Dýrin eru aflífuð af dýralækni og sýni tekin úr þeim til þess að kanna hvort þau séu smituð af salmonellu. Oftast eru dýrin smituð af salmonellu og geta þau þess vegna valdið sýkingum í fólki. *Salmonella* Lome ræktaðist úr slöngu sem var gerð upptæk á árinu.

2.4. Salmonella í fódri

Fyrirtæki sem framleiða fódur og fiskimjöl taka sýni reglulega úr fódurefnum til fódurgerðar, við framleiðslu fódurs og úr tilbúnu fódri í þeim tilgangi að fylgjast með salmonellu. Sýnataka er framkvæmd samkvæmt innra eftirliti fyrirtækjanna. Starfsmenn þeirra senda í hverjum mánuði yfirlit yfir sýnafjölda og niðurstöður rannsókna til Matvælastofnunar. Starfsmenn Matvælastofnunar taka sýni í þessum fyrirtækjum þegar þörf er talin á. Þrjú opinber sýni voru tekin úr fiskimjöli sem öll voru neikvæð.

Tafla VII.2.4: Yfirlit yfir sýni úr fódri og fiskimjöli og greiningu þeirra m.t.t. salmonellu

	Fódurefni			Fiskimjöl		
	Fjöldi sýna	Jákvæð	Hlutfall	Fjöldi sýna	Jákvæð	Hlutfall
2009	480	6	1,3%	242	2	0,8%
2010	430	9	2,1%	547	1	0,2%
2011	359	7	1,9%	609	2	0,3%
2012	329	4	1,2%	899*	7	0,8%

* Þrjú opinber sýni úr fiskimjöli voru öll neikvæð. Þessi sýni eru ekki skráð í töfluna.

Sýni úr fódurefnum til fódurgerðar reynast oftast jákvæð m.t.t. salmonellu en úr fiskimjöli. Algengt er að greina margskonar sermisgerðir í þessum sýnum eins og má sjá í [Töflu VII.2.5](#).

2.5. Yfirlit yfir salmonellu í dýrum og fódri

Í neðangreindri töflu eru taldir upp stofnar sem greinast í sýnum sem tekin voru á árinu.

Tafla VII.2.5: Yfirlit yfir skráða stofna salmonellu hjá MAST sem greindust á árinu 2012


Sermisgerð og fjöldi stofna	Alifuglar	Svín	Fóður hráefni	Fóður	Fiskimjöl	Skriðdýr	Fólk*
<i>Salmonella</i> Agona	X						X
<i>Salmonella</i> Enteritidis							X
<i>Salmonella</i> Kalumburu							X
<i>Salmonella</i> Napoli							X
<i>Salmonella</i> Paratyphi B var. Java							X
<i>Salmonella</i> Typhimurium							X
<i>Salmonella</i> Brandenburg		X					
<i>Salmonella</i> Corvallis	X						
<i>Salmonella</i> Cubana			X				
<i>Salmonella</i> Infantis	X	X					X
<i>Salmonella</i> Kedougou		X					
<i>Salmonella</i> Kentucky	X						
<i>Salmonella</i> Lome						X	
<i>Salmonella</i> Mbandaka				X			
<i>Salmonella</i> Montevideo					X		
<i>Salmonella</i> Schwarzengrund		X					
<i>Salmonella</i> sp.					X	X	X
<i>Salmonella</i> Unnamed		X	X				
<i>Salmonella</i> Unnamed 4,12:d:-		X					
<i>Salmonella</i> Worthington		X		X			
<i>Salmonella</i> Westhampton			X				
<i>Salmonella</i> Zanzibar			X				

*Salmonella í fólki af innlendum uppruna

2.6. Leitni salmonellu í svínunum og alifuglum

Áhugavert er að skoða leitni salmonellu í svínunum og eldi kjúklinga frá árinu 2009 (*Mynd VII.2.2*). Í byrjun árs 2009 fer að bera á hækkandi tíðni mótefna gegn salmonellu í svínunum. Þessi leitni nær hámarki árið 2010 en þá fer hún lækkandi aftur. Athyglisvert er að á svipuðum tíma fer að bera á hækkandi tíðni salmonellu í eldshópum kjúklinga. Hún nær hámarki sömuleiðis árið 2010 en fer þá lækkandi aftur. Þrátt fyrir þessa hækkun á tíðni salmonellu í svína- og kjúklingaeldi fjölgaði ekki salmonellutilfellum í fólki á sama tíma, sbr. *Mynd VII.2.1* hér að framan.

Mynd VII.2.2: Samanburður á tíðni salmonellu í eldshópum kjúklinga og tíðni salmonellu í kjötsafa úr svínunum
Tíðnitölur fyrir salmonellu í kjötsafasýnum eru meðaltalstölur fyrir hvert ár.



3. Kampýlóbakter


Hér verður fjallað um kampýlóbakter í fólki, matvælum og alifuglum. Upplýsingar um fjölda kampýlóbaktertilfella í fólki eru fengnar frá sóttvarnalækni. Tölur um kampýlóbakter í alifuglum eru unnar úr gögnum Matvælastofnunar vegna eftirlits með kampýlóbakter. Ræktun á kampýlóbakter úr sýnunum fer fram á Tilraunastöð Háskóla Íslands á Keldum og hjá Matís í Reykjavík.

3.1 Kampýlóbakter í fólki

Uppruni kampýlóbactersýkinga í fólki er oftast rakinn til neyslu á kjúklingakjöti, neyslu ógerilsneyddrar mjólkur eða mengaðs drykkjarvatns. Algengast er að alifuglar smitast af kampýlóbakter í umhverfi þeirra. Við sýkingu eykst smitálagið og fuglarnir geta smitað hverja aðra. Sýkist alifuglar af kampýlóbakter er hætt á að sýkillinn berist í afurðir úr þeim.

Á árum áður var samhengi á milli neyslu ferskra kjúklingaafurða og sýkinga í fólki. Nú hefur tekist að lækka tíðni kampýlóbakter í eldshópum kjúklinga verulega og hefur tilfellum af innlendum uppruna í fólki fækkað að sama skapi. Á árinu 2011 fjölga hins vegar tilfellum í fólki af innlendum uppruna og verður að fara aftur til ársins 2005 til þess að finna fleiri tilfelli en sl. ár. Sjá *Mynd VII.3.1*. Þessi aukning hefur ekki enn verið skýrð út en rannsóknir hafnar þar að lútandi. Þar sem tíðni kampýlóbakter í eldi og við slátrun kjúklinga fer stöðugt lækkandi er ólíklegt að aukinn fjöldi tilfella í fólki sé vegna þessarar leitni í eldi kjúklinga. Sem kunnugt getur fólk smitast af kampýlóbakter með öðrum hætti en við neyslu kjúklinga eins og nefnt er hér ofar.

Mynd VII.3.1: Fjöldi kampýlóbaktertilfella í fólki eftir uppruna og árum



3.2. Kampýlóbakter í alifuglum

Fylgst er reglulega með kampýlóbakter í alifuglum við slátrun þeirra. Á árinu 2012 voru kampýlóbactersýkingar sjaldgæfastar í afurðum kjúklinga (4,4%), algengari í afurðum kalkúna (7,7%) en algengastar í afurðum anda (100%).

3.2.1. Kampýlóbakter í kjúklingum við slátrun

Við slátrun eru tekin sýni úr botnlöngum kjúklinganna til rannsókna á kampýlóbakter. Á árinu greindist kampýlóbakter í 26 slátruhópum af 589 hópum sem svarar til 4,4% tíðni, sem er með lægsta móti.

Tafla VII.3.1: Yfirlit yfir fjölda slátruhópa kjúklinga og greiningu þeirra m.t.t. kampýlóbakter

Ár	Fjöldi slátruhópa	Fjöldi jákvæðra slátruhópa	Hlutfall
2005	636	66	10,4%
2006	730	90	12,3%
2007	777	69	8,9%
2008	706	82	11,6%
2009	702	53	7,5%
2010	668	88	13,2%
2011	695	60	8,6%
2012	589	26	4,4%

Hafa ber í huga að sýnatökum við slátrun kjúklinga var breytt f.o.m. júlí 2012. Engin sýni voru tekin m.t.t. kampýlóbakter í október og desember. Þetta skýrir út færri fjölda slátruhópa í *Töflu VII.3.1* fyrir árið 2012. Kampýlóbakter greinist sjaldan í þessum mánuðum og var þess vegna sýnatöku hætt af þeim sökum.

3.2.2. Kampýlóbakter í eldi kjúklinga

Tekin eru sýni úr hverjum eldshópi 2 til 5 dögum fyrir slátrun. Hópar sem greinast með kampýlóbakter í eldi eru frystir strax eftir slátrun. Frystingin dregur úr hættu á matarsýkingum með kampýlóbakter. Ef kampýlóbakter greinist ekki við eldi alifuglanna en greinist síðar við slátrun þeirra er sá hluti þeirra frystur sem ekki hefur verið sendur í verslanir. Á árinu greindist kampýlóbakter í 23 slátruhópum af 624 hópum sem svarar til 3,7% tíðni, sem er með lægsta móti.

Tafla VII.3.2: Yfirlit yfir fjölda eldishópa kjúklinga og greiningu þeirra m.t.t. kampýlóbakter

Ár	Fjöldi eldishópa	Fjöldi jákvæðra eldishópa	Hlutfall
2005	575	26	4,5%
2006	610	58	9,5%
2007	671	42	6,3%
2008	609	52	8,5%
2009	625	26	4,2%
2010	586	41	7,0%
2011	628	33	5,3%
2012	624	23	3,7%


3.2.3. Kampýlóbakter í eldi kalkúna

Þrír hópar kalkúna af 36 (8,3%) greindust jákvæðir m.t.t. kampýlóbakter í eldi á árinu.

3.3. Leitni kampýlóbakter í kjúklingum

Á Mynd VII.3.2 má sjá samhengi í tíðni kampýlóbakter í eldi kjúklinga og við slátrun þeirra. Nánast í öllum tilvikum er samhengi á milli tíðni í báðum hópum, þ.e. þegar tíðnin fellur í eldishópnum fellur hún einnig í slátruhópnum. Tíðnin er ávallt hærrí í slátruhópum samanborið við eldishópa. Þetta er eðlilegt samhengi því að ef tíðni er lág í eldi kjúklinga skilar það sér í lágri tíðni í slátruhópnum. Þess vegna er mikilvægt að draga sem mest úr kampýlóbakttersýkingum í eldi alifugla svo að draga megi úr sýkingum í fólki. Myndin sýnir vel sveiflur á milli ára og að tíðnin fer lækkanði.

Mynd VII.3.2: Eldis- og slátruhópar kjúklinga sem greinast með kampýlóbakter eftir árum. Samhengi á milli tíðni jákvæðra hópa.




4. E. coli 0157

4.1. E. coli (VTEC/EHEC) 0157 í fólki

Sumir stofnar *E. coli*-bakteríunnar geta valdið sjúkdómum í fólki. Einn af þeim er svokallaður EHEC eða VTEC en hann veldur niðurgangi og í sumum tilvikum alvarlegum skemmdum í nýrum. Þessi stofn er stundum nefndur „hamborgara-bakterían“ því að hann greindist fyrst í hamborgurum. Þessi stofn hefur aldrei greinst í búfé hér á landi svo vitað sé en erlendis er algengast að finna hann í nautgripum og sauðfé.

Hjá sóttvarnalækni var 1 tilfelli af *E. coli* 0157 skráð í fólki á árinu og var það af innlendum uppruna. Þessi baktería hefur aldrei greinst í dýrum hér á landi svo vitað sé.

 Mynd VII.4.1: Fjöldi tilfella af *E. coli* 0157 í fólki eftir uppruna og árum


Eins og sést á Mynd VII.4.1 greinast hér á landi reglulega mismörg tilfelli af *E. coli* 0157 í fólki af innlendum uppruna. Eins og áður segir hefur þessi sermisgerð af *E. coli* ekki greinst í búfé hér á landi né í matvælum þegar leitað hefur verið að henni. Erfitt getur því verið að skýra út hver uppruni sýkinga í fólki sé nema frekari rannsóknir komi til. Árið 2007 þegar 8 tilfelli greindust í fólki barst grunur að þökkuðu jöklasalati frá Hollandi.

4.2. E. coli (VTEC/EHEC) 0157 í matvælum

Engar rannsóknir fóru fram á sýnum úr matvælum á árinu m.t.t. *E. coli* 0157. Vísað er í rannsókn sem fór fram árið 2010 sem greint var frá í ársskýrslu Matvælastofnunar.

5. Listería

5.1. Listería í fólki

Listeria monocytogenes er fyrst og fremst sú sermisgerð sem er sjúkdómvaldandi í mönnum. Á vef Landlæknis má finna upplýsingar um sýkingar af völdum *Listeria monocytogenes*. Þar kemur m.a. fram að það séu helst nýfædd börn og fóstur í móðurkviði sem eru í hættu þegar sýking á sér stað því að hún getur leitt til fósturláts eða dauða. Eldra fólki virðist einnig hættara við að veikjast samanborið við fullfrískt ungt fólk sem veikist nánast aldrei.

Hjá sóttvarnalækni eru skráð fjögur tilfelli af *Listeria monocytogenes* í fólki á árinu, þar af er eitt af innlendum uppruna. Hin tilfelli þrjú eru af óþekktum uppruna.

 Tafla VII.5.1: Fjöldi *Listeria monocytogenes* í fólki eftir árum. Öll tilfelli eru af innlendum uppruna

Ár	Fjöldi tilfella
2007	4
2008	0
2009	0
2010	1
2011	1
2012	4*

*Þrjú tilfelli af óþekktum uppruna

5.2. Listería í matvælum

Árið 2011 fór fram rannsókn á *Listeria monocytogenes* í reyktum og gröfnum fiski. Rannsóknin var skipulögð af Matvælastofnun í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogs, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra. Heilbrigðisfulltrúar þessara svæða tóku sýnin í verslunum á viðkomandi svæðum. Sýni voru tekin í öllum mánuðum ársins en fjöldi þeirra og hvar þau voru tekin fór m.a. eftir fólksfjölda, stærð verslana, markaðshlutdeild þeirra og markaðshlutdeildar framleiðenda. Rannsókn sýnanna fór fram hjá Matís hf. sem sömuleiðis veitti faglega aðstoð við undirbúning rannsóknarinnar.

Alls voru 181 sýni tekin úr reyktum og gröfnum fiski sem var unninn af 13 framleiðendum hér á landi og boðinn til sölu í verslunarkerðjum sem eru samanlagt með mestu markaðshlutdeildina í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og á Akureyri. Meira en 60% af öllum Íslendingum búa á þessum fjórum stöðum. Sýnin voru tekin á 12 mánaða tímabili eða frá desember 2010 til desember 2011. *Listeria monocytogenes* greindist í 5,5% (95% vikmörk: 3.83 – 7.16) af öllum sýnum eða í 10 af 181 sýni. Í 3,3% (95% vikmörk: 1.99 – 4.60) af öllum sýnum eða í 6 af 181 sýni greindist hún yfir mörkum um þyrpingafjölda *Listeria monocytogenes* í hverju grammi sem eru sett í reglugerð um örverufræðilegar viðmiðanir. Mörkin eru 100 þyrpingar/g (cfu/g). Miðað við þessar niðurstöður eru 95% líkur á að *Listeria monocytogenes* sé í 3.83% – 7.16% af pakkningum með reyktum og gröfnum fiski sem boðinn er til sölu í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og á Akureyri og 95% líkur á að fjöldi þyrpinga sé yfir reglugerðarmörkum í 1.99% – 4.6% þessara vara. Til að fá nákvæmari niðurstöður þyrfti að taka fleiri sýni.

6. Hvísótt (Q-fever)

Hvísótt greindist fyrst í fólki hér á landi árið 1963. Tilfelli í fólki eru sjaldgæf. Samkvæmt grein í Læknablaðinu eftir Kristínu E. Jónsdóttur sem birtist árið 1966 mældust mót efni gegn bakteríunni í blóði nautgripa og sauðfjár hér á landi á árunum 1964 og 1965. Mótefni í blóði úr mönnum var einnig jákvætt á sama tíma.

Á árinu var leitað að mót efnum gegn hvísóttarbakteríunni í mjólkursýnum frá 80 búum á landinu. Öll sýnin reyndust neikvæð m.t.t. mótefna gegn bakteríunni.

1. Starfsmannalisti *

Jón Gíslason, forstjóri

1.1. Dýraheilbrigðisvið

Halldór Runólfsson, forstöðumaður
Auður Lilja Arnþórsdóttir, sérgreinadýralæknir
Björn Steinbjörnsson, sérgreinadýralæknir
Gísli Jónsson, sérgreinadýralæknir
Brigitte Brugger, sérgreinadýralæknir
Þorsteinn Ólafsson, sérgreinadýralæknir
Sigríður Björnsdóttir, sérgreinadýralæknir
Sigríður Gísladóttir, sérgreinadýralæknir

1.2. Matvælaöryggis- og neytendamálasvið

Sigurður Örn Hansson, forstöðumaður
Ásgeir Ragnarsson, sérfræðingur
Dóra S. Gunnarsdóttir, fagsviðsstjóri
Garðar Sverrisson, fagsviðsstjóri
Halldór Pétur Þorsteinsson, sérfræðingur
Héðinn Friðjónsson, sérfræðingur
Ísleifur Arnarson, sérfræðingur
Jón Ágúst Gunnlaugsson, sérfræðingur
Kjartan Hreinsson, sérgreinadýralæknir
Oddgeir Sigurjónsson, sérfræðingur
Rikard Thorstensen, sérfræðingur
Sigrún Ólafsdóttir, sérfræðingur
Stefán Vilhjálmsson, fagsviðsstjóri
Valgeir Bjarnason, sérfræðingur
Þór Gunnarsson, fagsviðsstjóri
Þuríður Pétursdóttir, fagsviðsstjóri

1.3. Rekstrar- og mannauðssvið

Stefán Guðmundsson, forstöðumaður
Dagbjört Rúnarsdóttir, skrifstofumaður
Dalla Rannveig Jónsdóttir, skrifstofumaður
Elín Eir Jóhannesdóttir, skrifstofumaður
Hjalti Andrason, fræðslustjóri
Ingunn Ólafsdóttir, móttaka
Ragnheiður Ingibjörg Jónsdóttir, skrifstofumaður
Sveinn Ólafsson, skjalastjóri

1.4. Stjórnisýslusvið

Viktor S. Pálsson, forstöðumaður
Ástfríður M. Sigurðardóttir, fagsviðsstjóri
Brynja Hafsteinsdóttir, lögfræðingur
Helga Margrét Pálsdóttir, sérfræðingur
Ingibjörg Jónsdóttir, sérfræðingur
Jónína Þrúður Stefánsdóttir, fagsviðsstjóri
Katrín Guðjónsdóttir, sérfræðingur
Steinþór Arnarson, lögfræðingur
Sverrir Þ. Sverrisson, sérfræðingur
Zulema Clara Sulca Porta, sérfræðingur

1.5. Áhættumats- og gæðasvið

Sigurborg Daðadóttir, forstöðumaður
Konráð Konráðsson, sérgreinadýralæknir
Margrét Björg Sigurðardóttir, fagsviðsstjóri
Sigurður Guðmundsson, sérfræðingur

1.6. Inn- og útflutningsskrifstofa

Þorvaldur H. Þórðarson, framkvæmdastjóri
Charlotta Oddsdóttir, sérgreinadýralæknir
Haukur Bragason, sérfræðingur
Helga Ösp Jónsdóttir, fagsviðsstjóri
Herdís Guðjónsdóttir, sérfræðingur
Margrét Bragadóttir, fagsviðsstjóri
Sigmar J. Halldórsson, sérfræðingur
Una Árnadóttir, skrifstofumaður

1.7. Suðvesturumdæmi

Gunnar Örn Guðmundsson, héraðsdýralæknir
Aðalsteinn Sveinsson, eftirlitsdýralæknir
Hrund Lárusdóttir, eftirlitsdýralæknir
Pia Gunni Vestergaard, eftirlitsdýralæknir
Ragnhildur Ásta Jónsdóttir, eftirlitsdýralæknir

1.8. Vesturumdæmi

Flora-Josephine H. Liste, héraðsdýralæknir

1.9. Norðvesturumdæmi

Egill Þorri Steingrímsson, héraðsdýralæknir
Diana Divileková, eftirlitsdýralæknir
Einar Otti Guðmundsson, eftirlitsdýralæknir

1.10. Norðausturumdæmi

Ólafur Jónsson, héraðsdýralæknir
Ármann Gunnarsson, eftirlitsdýralæknir
Eva Cárdenes Armas, eftirlitsdýralæknir
Sif Sigurðardóttir, eftirlitsdýralæknir

1.11. Austurumdæmi

Hjörtur Magnason, héraðsdýralæknir

1.12. Suðurumdæmi

Gunnar Þorkelsson, héraðsdýralæknir
Kristína Valkovicova, eftirlitsdýralæknir
Ni Nyoman Wija Ariyani, eftirlitsdýralæknir
Svetlana Ponkratova, eftirlitsdýralæknir
Vigdís Tryggvadóttir, eftirlitsdýralæknir

* Starfsmenn í lok árs 2012

3. Niðurstöður kjötmats

Yfirlit yfir yfirkjötmats er að finna í kafla IV.7.2.1. Hér að neðan eru birtar niðurstöður yfirkjötmats 2012.

Mynd VIII.3.1: Flokkun dilka 2012 (alls innvegið 8.749.301 kg, meðalvigt 16,28 kg)

Fjöldi	1	2	3	3+	4	5	Samtals
E	1 0,00%	1.110 0,21%	5.682 1,06%	3.095 0,58%	635 0,12%	38 0,01%	10.561 1,97%
U	106 0,02%	28.778 5,36%	72.697 13,53%	27.385 5,10%	4.297 0,80%	258 0,05%	133.521 24,85%
R	4.813 0,90%	173.445 32,28%	140.657 26,18%	22.339 4,16%	2.234 0,42%	81 0,02%	343.569 63,94%
O	9.441 1,76%	35.838 6,67%	2.343 0,44%	55 0,01%	3 0,00%	0 0,00%	47.680 8,87%
P	1.780 0,33%	206 0,04%	0 0,00%	0 0,00%	0 0,00%	0 0,00%	1.986 0,37%
Samtals	16.141 3,00%	239.377 44,55%	221.379 41,20%	52.874 9,84%	7.169 1,33%	377 0,07%	537.317 100,00%

Mynd VIII.3.2: Flokkun ungnautakjöts 2012

Flokkur	Fjöldi	Vigt (kg)	% af fjölda	Meðalvigt
UN ÚRV. M	31	7.567	0,29	244,1
UN ÚRV. A	1039	295.855	9,81	284,7
UN ÚRV. B	40	10.250	0,38	256,3
UN ÚRV. C	24	6.503	0,23	271,0
UN I M	197	30.302	1,86	153,8
UN I M+	1010	200.755	9,54	198,8
UN I A	7210	1.646.913	68,10	228,4
UN I B	311	66.239	2,94	213,0
UN I C	133	31.792	1,26	239,0
UN II M	206	24.756	1,95	120,2
UN II M+	52	6.258	0,49	120,3
UN II A	334	47.591	3,15	142,5
UN II B	1	171	0,01	171,0
UN II C	0	0	0,00	0,0
Samtals	10.588	2.374.952	100,00	224,3

Mynd VIII.3.3: Flokkun kýrkjöts 2012

Flokkur	Fjöldi	Vigt (kg)	% af fjölda	Meðalvigt
K I U A	1125	202.879	13,35	180,3
K I U B	391	80.807	4,64	206,7
K I U C	186	43.101	2,21	231,7
K I A	3356	646.741	39,82	192,7
K I B	1548	339.703	18,37	219,4
K I C	733	180.306	8,70	246,0
K II	895	141.191	10,62	157,8
K III	194	28.132	2,30	145,0
Samtals	8.428	1.662.860	100,00	197,3

Mynd VIII.3.4: Flokkun grísakjöts 2012 (svínakjöt alls 73.273 stk. 5.853.739 kg)

Flokkur	Fjöldi	% af fjölda	Vigt (kg)	% af þunga	Meðalvigt
GRÍS ÚRVAL	6.802	9,49	548.352	9,72	80,62
GRÍS IA (m. X & XX)	64.531	90,02	5.061.487	89,75	78,43
GRÍS IB	249	0,35	22.781	0,40	91,49
GRÍS IC	41	0,06	4.117	0,07	100,41
GRÍS II	6	0,01	311	0,01	51,83
GRÍS IV	17	0,02	1.407	0,02	82,76
UNGGRÍS	37	0,05	1.214	0,02	32,81
Samtals	71.683	100,00	5.639.669	100,0	78,68

Mynd VIII.3.5: Fjöldi skrokka hrossakjöts 2012 (hrossakjöt alls 11.279 stk. 1.503.381 kg)

	Fölöld	Tryppi	Eldri hross
UFO I	1	TR I A	290
FO I A	4961	TR I B	0
FO I B	79	TR II	11
FO II	28		UH I
Alls stk.	5069	Alls stk.	301
Innvegið kg	400.127	Innvegið kg	36.965
Meðalvigt	78,9	Meðalvigt	122,8
		Alls stk.	5909
		Innvegið kg	1.066.289
		Meðalvigt	180,5

Allir flokkar skráðir án hupps og síðu (pístóluskorið)